

Vistfræðileg viðmið við ástandsflokkun straum- og stöðuvatna á Íslandi

Skýrsla til Umhverfisstofnunar
Leiðrétt útgáfa nóvember 2022



Forsíðumynd: Gerður Stefánsdóttir

Vistfræðileg viðmið við ástandsflokkun straum- og stöðuvatna á Íslandi

Leiðrétt útgáfa nóvember 2022

Eydís Salome Eiríksdóttir, Hafrannsóknastofnun
Sunna Björk Ragnarsdóttir, Náttúrufræðistofnun Íslands
Gerður Stefánsdóttir, Veðurstofu Íslands
Agnes-Katharina Kreiling, Hafrannsóknastofnun
Fjóla Rut Svavarasdóttir, Hafrannsóknastofnun
Jón S. Ólafsson, Hafrannsóknastofnun
Svava Björk Þorláksdóttir, Veðurstofu Íslands
Þóra Hrafnssdóttir, Náttúrufræðistofnun Íslands

Skýrsla

Lykilsíða

Skýrsla nr.	Dags.	ISSN	Opin <input checked="" type="checkbox"/>	Lokuð <input type="checkbox"/>
VÍ 2020-009	Desember 2020,	1670-8261		
HV 2020-42	leiðrétt útgáfa nów.			
NÍ-20010	2022			

Titill: Vistfræðileg viðmið við ástandsflokkun straum- og stöðuvatna á Íslandi

Höfundar: Eydís Salome Eiríksdóttir, Sunna Björk Ragnarsdóttir, Gerður Stefánsdóttir, Agnes-Katharina Kreiling, Fjóla Rut Svavarsdóttir, Jón S. Ólafsson, Svava Björk Þorláksdóttir og Þóra Hrafnasdóttir

Verkefnistjórar: Eydís Salome Eiríksdóttir, Sunna Björk Ragnarsdóttir og Gerður Stefánsdóttir

Unnið fyrir: Umhverfisstofnun

Ágrip:

Í samræmi við samninga fagstofnana við Umhverfisstofnun frá 2018 er í þessari skýrslu lögð fram tillaga að vistfræðilegum viðmiðum við ástandsflokkun straum- og stöðuvatna á Íslandi eins og kveðið er á um í lögum um stjórn vatnamála nr. 36/2011. Lögð eru fram viðmið fyrir þrjá ástandslokka sem lýsa *mjög góðu, góðu* og *ekki viðunandi* ástandi fyrir þá líffræðilegu og eðlisefnafræðilegu gæðaþætti sem Umhverfisstofnun hefur tekið ákvörðun um að nota við ástandsflokkun í fyrsta vatnahring, 2022 til 2027. Í flestum tilfellum byggja mörk á milli flokkanna *mjög gott* og *gott ástand* á gögnum um viðkomandi gæðaþætti. Mörk á milli flokkanna *gott* og *ekki viðunandi ástand* eru að mestu leyti byggð á sérfræðibekkingu sem í einhverjum tilvikum er studd rýrum gögnum úr vatnshlotum sem eru undir álagi af mannavöldum, en einnig byggð á vistfræðilegu gæðahlutfalli (EQR) sem notað er í Noregi. Hér er um að ræða fyrstu nálgun á uppbyggingu ástandsflokkunarkerfis til að nota við mat á vistfræðilegu ástandi straum- og stöðuvatna á Íslandi. Mikilvægt er að endurskoða viðmiðin sem hér eru sett fram þegar meira safnast af gögnum um gæðaþættina sem um ræðir og reynsla kemst á þau ástandsviðmið sem hér eru sett fram.

Lykilord:

Stjórn vatnamála, vatnatilskipun,
vistfræðileg ástandsflokkun, vistfræðilegt
gæðahlutfall (EQR), viðmiðunargildi,
gæðaþættir, líffræðileg ástandsviðmið,
eðlisefnafræðileg ástandsviðmið,
líffræðilegur fjölbreytileiki

Undirskrift f.h. HV:

Undirskrift f.h. NÍ:

Undirskrift f.h. VÍ:

Efnisyfirlit

1 Inngangur.....	9
1.1 Vistfræðileg ástandsflokkun yfirborðsvatns.....	11
1.1.1 Efnafræðilegt ástand.....	14
1.2 Vistfræðilegt gæðahlutfall (EQR og nEQR)	15
1.2.1 Vistfræðilegt gæðahlutfall (EQR)	15
1.2.2 Samræmt vistfræðilegt gæðahlutfall (nEQR).....	16
1.3 Útreikningur á vistfræðilegu ástandi	18
1.4 Mikilvægi millikvörðunar á gæðaþáttum	20
2 Líffræðilegt ástand straumvatna.....	21
2.1 Blaðgræna a á botni árfarvega.....	21
2.1.1 Inngangur.....	21
2.1.2 Vöktun og aðferðafræði.....	22
2.1.3 Ástandsviðmið.....	22
2.2 Hryggleyingjar	25
2.2.1 Inngangur.....	25
2.2.2 Vöktun og aðferðafræði.....	26
2.2.3 Ástandsviðmið.....	26
3 Líffræðilegt ástand í stöðuvötnum.....	33
3.1 Svifþörungar, blaðgræna a.....	33
3.1.1 Inngangur.....	33
3.1.2 Vöktun og aðferðafræði.....	34
3.1.3 Ástandsviðmið.....	34
3.2 Vatnaplöntur í stöðuvötnum	37
3.2.1 Inngangur.....	37
3.2.2 Vöktun og aðferðafræði.....	37
3.2.3 Ástandsviðmið.....	38
3.3 Hryggleyingjar í stöðuvötnum	43
3.3.1 Inngangur.....	43
3.3.2 Vöktun og aðferðafræði.....	44
3.3.3 Ástandsviðmið.....	44
4 Eðlisefnafræðilegt ástand í straum- og stöðuvötnum	55
4.1 Inngangur.....	55
4.2 Vöktun og aðferðafræði.....	56
4.2.1 Næringsarefni	56
4.2.2 Súrnunarástand og leiðni	57
4.2.3 Súrefnisástand.....	57
4.2.4 Sjóndýpi.....	57

4.3 Ástandsviðmið	58
4.3.1 Næringarefni í straumvötnum	59
4.3.2 Næringarefni í stöðuvötnum	66
4.3.3 Súrnunarástand, basavirkni, leiðni, súrefnisástand og sjóndýpi.....	73
5 Lokaorð.....	88
Þakkarorð	88
Heimildir	89
Viðauki I	94
Viðauki II.....	95
Viðauki III.....	96
Viðauki IV	97
Viðauki V.....	98
Viðauki VI	99

Myndaskrá

Mynd 1. Flokkunarlykill sem sýnir ferli við vistfræðilega ástandsflokkun	12
Mynd 2. Samband vistfræðilegs og efnafraðilegs ástands vatnshlota.....	15
Mynd 3. Vistfræðilegt gæðahlutfall (EQR)	16
Mynd 4. Dæmi um aðferð við ástandsflokkun vatnshlota	18
Mynd 5. Meðalstyrkur blaðgrænu a í straumvötnum.....	24
Mynd 6. Tegundaauðgi hryggleysingja í straumvötnum	30
Mynd 7. Shannon fjölbreytileiki hryggleysingja í straumvötnum	31
Mynd 8. Shannon jafndreifni hryggleysingja í straumvötnum	32
Mynd 9. Meðalstyrkur blaðgrænu a í stöðuvötnum.....	36
Mynd 10. Dreifing gilda næringarefnavísisisins (Tlc)	42
Mynd 11. Tegundaauðgi hryggleysingja í stöðuvötnum	51
Mynd 12. Shannon fjölbreytileiki hryggleysingja í stöðuvötnum	52
Mynd 13. Shannon jafndreifni hryggleysingja í stöðuvötnum	53
Mynd 14. Sýruþolsstuðull hryggleysingja (LAMI) í stöðuvötnum	54
Mynd 15. Meðalstyrkur fosfats (PO_4) í straumvötnum.....	61
Mynd 16. Meðalstyrkur nítrats (NO_3) í straumvötnum.....	63
Mynd 17. Meðalstyrkur ammóníums (NH_4) í straumvötnum.....	65
Mynd 18. Meðalstyrkur fosfats (PO_4) í stöðuvötnum.....	68
Mynd 19. Meðalstyrkur nítrats (NO_3) í stöðuvötnum.....	70
Mynd 20. Meðalstyrkur ammóníums (NH_4) í stöðuvötnum	72
Mynd 21. Meðalgildi pH í straumvötnum	76
Mynd 22. Meðalgildi pH í stöðuvötnum.....	77
Mynd 23. Meðaltal mælinga á basavirkni í straumvötnum	80
Mynd 24. Meðaltal mælinga á basavirkni í stöðuvötnum.....	81
Mynd 25. Meðalgildi rafleiðni í straumvötnum.....	84
Mynd 26. Meðalgildi rafleiðni í stöðuvötnum	85

Töfluskrá

Tafla 1. Samantekt á skýrslum og greinargerðum	10
Tafla 2. Gæðapættir sem Umhverfisstofnun hefur samþykkt.....	11
Tafla 3. Almenn samræmd skilgreining á flokkun vistfræðilegs ástands	13
Tafla 4. Almenn skilgreining á ástandi yfirborðsvatns m.t.t. til efnafraðilegs ástands.....	14
Tafla 5. Almenn skilgreining vistfræðilegs ástands fyrir botngróður í straumvötnum.....	21
Tafla 6. Viðmiðunargildi, mörk ástandsflotka og vistfræðilegt gæðahlutfall (EQR) fyrir blaðgrænu a á botni árfarvega.....	23
Tafla 7. Almenn skilgreining vistfræðilegs ástands fyrir hryggleysingja í straumvötnum.....	25
Tafla 8. Yfirlit yfir tölulegar greiningar til flokkunar á hryggleysingum í straumvötnum....	28
Tafla 9 a-c. Viðmiðunargildi, mörk ástandsflotka og vistfræðilegt gæðahlutfall (EQR) fyrir hryggleysingja í straumvötnum	29
Tafla 10. Almenn skilgreining vistfræðilegs ástands fyrir plöntusvif í stöðuvötnum	33
Tafla 11. Viðmiðunargildi, mörk ástandsflotka og vistfræðilegt gæðahlutfall (EQR) fyrir blaðgrænu a í stöðuvötnum.....	35
Tafla 12. Almenn skilgreining vistfræðilegs ástands fyrir vatnaplöntur í stöðuvötnum	37
Tafla 13. Samantekt á gögnum úr Natura Ísland verkefninu um styrk fosfórs.....	38
Tafla 14. Tölfræðilegar upplýsingar fyrir næringarefnavísinn (Tlc) fyrir stöðuvatnagerðir ...	39
Tafla 15. Viðmiðunargildi, mörk ástandsflotka og vistfræðilegt gæðahlutfall (EQR) fyrir vatnaplöntur í stöðuvötnum	41
Tafla 16. Almenn skilgreining vistfræðilegs ástands fyrir hryggleysingja í stöðuvötnum.....	44
Tafla 17. Yfirlit yfir tölulegar greiningar til flokkunar á hryggleysingum í stöðuvötnum....	48
Tafla 18 a-d. Viðmiðunargildi, mörk ástandsflotka og vistfræðilegt gæðahlutfall (EQR) fyrir hryggleysingja í stöðuvötnum.....	49
Tafla 19. Almenn skilgreining vistfræðilegs ástands fyrir eðlisefnafræðilega þætti í straum- og stöðuvötnum	56
Tafla 20. Viðmiðunargildi, mörk ástandsflotka og vistfræðilegt gæðahlutfall (EQR) fyrir fosfat (PO_4) í straumvötnum	60
Tafla 21. Viðmiðunargildi, mörk ástandsflotka og vistfræðilegt gæðahlutfall (EQR) fyrir nítrat (NO_3) í straumvötnum	62
Tafla 22. Viðmiðunargildi, mörk ástandsflotka og vistfræðilegt gæðahlutfall (EQR) fyrir ammóníum (NH_4) í straumvötnum	64
Tafla 23. Viðmiðunargildi, mörk ástandsflotka og vistfræðilegt gæðahlutfall (EQR) fyrir fosfat (PO_4) í stöðuvötnum	67
Tafla 24. Viðmiðunargildi, mörk ástandsflotka og vistfræðilegt gæðahlutfall (EQR) fyrir nítrat (NO_3) í stöðuvötnum.....	69
Tafla 25. Viðmiðunargildi, mörk ástandsflotka og vistfræðilegt gæðahlutfall (EQR) fyrir ammóníum (NH_4) í stöðuvötnum	71
Tafla 26. Viðmiðunargildi, mörk ástandsflotka og vistfræðilegt gæðahlutfall (EQR) fyrir hámarksgildi pH í straumvötnum	73
Tafla 27. Viðmiðunargildi, mörk ástandsflotka og vistfræðilegt gæðahlutfall (EQR) fyrir hámarksgildi pH í stöðuvötnum.....	74

Tafla 28. Viðmiðunargildi, mörk ástandsflotka og vistfræðilegt gæðahlutfall (EQR) fyrir pH lækkun í straumvötnum.....	75
Tafla 29. Viðmiðunargildi, mörk ástandsflotka og vistfræðilegt gæðahlutfall (EQR) fyrir pH lækkun í stöðuvötnum.....	75
Tafla 30. Viðmiðunargildi, mörk ástandsflotka og vistfræðilegt gæðahlutfall (EQR) fyrir basavirkni í straumvötnum.....	79
Tafla 31. Viðmiðunargildi, mörk ástandsflotka og vistfræðilegt gæðahlutfall (EQR) fyrir basavirkni í stöðuvötnum.....	79
Tafla 32. Viðmiðunargildi, mörk ástandsflotka og vistfræðilegt gæðahlutfall (EQR) fyrir rafleiðni í straumvötnum.....	83
Tafla 33. Viðmiðunargildi, mörk ástandsflotka og vistfræðilegt gæðahlutfall (EQR) fyrir rafleiðni í stöðuvötnum	83
Tafla 34. Viðmiðunargildi, mörk ástandsflotka og vistfræðilegt gæðahlutfall (EQR) fyrir súrefnisástand í straum- og stöðuvötnum.....	86
Tafla 35. Viðmiðunargildi, mörk ástandsflotka og vistfræðilegt gæðahlutfall (EQR) fyrir sjóndýpi í djúpum stöðuvötnum.....	87

1 Inngangur

Í samræmi við rammatilskipun Evrópusambandsins um verndun vatns (Directive, 2000/60/EC) voru sett lög á Alþingi um stjórn vatnamála, lög nr. 36/2011, og á grundvelli þeirra reglugerð nr. 535/2011 um flokkun vatnshlotu, eiginleika þeirra, álagsgreiningu og vöktun sem og reglugerð um stjórn vatnamála nr. 935/2011. Umhverfisstofnun hefur umsjón með framkvæmd innleiðingar vatnatilskipunarinnar sem nær yfir ferskvatn, árósavatn, strandsjó og grunnvatn. Meginmarkmið lagarammans er að vernda vatn og vatnavistkerfi og tryggja gæði vatns til lengri tíma.

Í lok árs 2018 gerði Umhverfisstofnun samninga við Hafrannsóknastofnun, Náttúrufræðistofnun Íslands og Veðurstofu Íslands um vinnu að verkefnum er varða stjórn vatnamála á árunum 2018–2020. Fagstofnanirnar hafa nú þegar gefið út fjölda skýrslna og greinargerða í samræmi við samninga (tafla 1). Í skýrslunum er meðal annars lögð til gerðagreining yfirborðsvatns, lagðar fram tillögur að gæðaþáttum og aðferðafræðilegum nálgunum. Allar skýrslur fagstofnana eru birtar á vefnum vatn.is.

Jafnframt hafa fagstofnanirnar komið að ýmsum öðrum verkefnum, s.s. grunnvinnu við skilgreiningu á manngerðum og mikið breyttum vatnshlotum (Katrín Sóley Bjarnadóttir o.fl., 2020), tekið þátt í vinnu ráðgjafanefnda fagstofnana og eftirlitsaðila og veitt Umhverfisstofnun margþætta faglega ráðgjöf vegna vinnu við stjórn vatnamála.

Eitt af meginmarkmiðum laga um stjórn vatnamála nr. 36/2011 og reglugerðar nr. 535/2011 er að meta vistfræðilegt ástand vatnshlotu til að tryggja gott ástand þeirra. Ástand yfirborðsvatnshlotu skal ákvarðað með því að skilgreina og afmarka líffræðilega, eðlisefnafræðilega og vatnsformfræðilega gæðaþætti sem endurspeglar vistfræðilegt ástand ferskvatns.

Samkvæmt ofangreindum samningum skulu stofnanirnar skila tillögu að vistfræðilegu ástandsflökkunarkerfi stöðu- og straumvatna sem unnið er samkvæmt reglugerð nr. 535/2011 og byggir á þeim gæðaþáttum sem nota á samkvæmt ákvörðun Umhverfisstofnunar frá 9. desember 2019. Í samningunum er tekið fram að fyrst skuli finna mörk á milli efstu þriggja ástandsflókkanna, þ.e. *ekki viðunandi ástands* og *góðs ástands* og í framhaldi af því mörk á milli *góðs ástands* og *mjög góðs ástands*. Þar kemur einnig fram að þar sem ekki eru fullnægjandi gögn fyrir hendi megi beita sérfraðiþekkingu við ákvörðun marka.

Umhverfisstofnun hefur með bréfi dags. 9. desember 2019 tekið ákvörðun um að vakta 13 líffræðilega og eðlisefnafraðilega gæðaþætti í straumvötnum og 15 gæðaþætti í stöðuvötnum til þess að vakta vistfræðilegt ástand ferskvatns (tafla 2). Ákvörðunin er byggð á skýrslu fagstofnanna þar sem fram koma tillögur um gæðaþætti (Eydís Salome Eiríksdóttir o.fl., 2019b). Flestir framlagðir gæðaþættir voru samþykktir, en vöktun fiska var undanskilin í fyrsta vatnahring, þ.e. 2022–2027. Þá þegar hafði komið fram í samningi Umhverfisstofnunar við Veðurstofu Íslands að bíða ætti með vöktun vatnsformfræðilegra gæðaþáttu í fyrsta vatnahring.

Í kjölfar þeirrar ákvörðunar var eiginleikum mismunandi vatnagerða lýst, bæði almenn lýsing og sértæk lýsing með tilliti til gæðaþáttu þar sem gögn voru fyrirliggjandi (Eydís Salome Eiríksdóttir o.fl., 2020). Sú skýrsla liggur til grundvallar vinnunni sem hér er kynnt og fjallar um viðmiðunargildi (e. reference values) gæðaþáttu í vatnagerðum straum- og stöðuvatna og mörk á milli ástandsflókkanna *mjög góðs ástands*, *góðs ástands* og *ekki viðunandi ástands*. Það er grundvöllur þess að hægt verði að skera úr um vistfræðilegt ástand ferskvatns. Við ákvörðun

Tafla 1. Samantekt á skýrslum og greinargerðum sem fagstofnanir hafa unnið samkvæmt samningum við Umhverfisstofnun vegna vinnu við stjórn vatnamála og varða straum- og stöðuvötn.

Heiti skýrslu	Heimild
Fyrstu skref við mat á manngerðum og mikið breyttum vatnshlotum	Katrín Sóley Bjarnadóttir o.fl., 2020
Lýsing á viðmiðunaraðstæðum straum- og stöðuvatna á Íslandi	Eydís Salome Eiríksdóttir o.fl., 2020
Tillögur að straumvatnshlotum sem endurspeglar mjög gott vistfræðilegt ástand	Gerður Stefánsdóttir o.fl., 2020a
Tillögur að stöðuvatnshlotum sem endurspeglar mjög gott vistfræðilegt ástand	Gerður Stefánsdóttir o.fl., 2020b
Endurskoðun á gerðargreiningu straum- og stöðuvatnshlota	Eydís Salome Eiríksdóttir o.fl., 2019a
Tillögur að líffræðilegum og eðlisefnafræðilegum gæðapáttum til ástands-flokkunar straum- og stöðuvatna á Íslandi	Eydís Salome Eiríksdóttir o.fl., 2019b
Möguleg mengun vatns vegna landbúnaðar; helstu álagsþættir og mat á gögnum	Sunna Björk Ragnarsdóttir o.fl., 2019
Mat á vistfræðilegu ástandi vatnshlota: Botnhryggleysingjar í straumvötnum	Elísabet R. Hannesdóttir & Jón S. Ólafsson, 2014
Mat á vistfræðilegu ástandi vatnshlota: Laxfiskar í stöðuvötnum	Friðþjófur Árnason, 2014
Mat á vistfræðilegu ástandi vatnshlota: Laxfiskar í straumvötnum	Þórólfur Antonsson o.fl., 2014
Mat á vistfræðilegu ástandi vatnshlota: Vatnagróður	Gunnar Steinn Jónsson o.fl., 2014
Vatnsformfræðilegir gæðapættir – yfirlit yfir úrvinnslumöguleika	Gerður Stefánsdóttir & Davíð Egilson, 2014
Gerðir straumvatna og stöðuvatna	Gerður Stefánsdóttir & Halla Margrét Jóhannesdóttir, 2013
Yfirborðs- og grunnvatnshlot. Verklagsreglur fyrir skilgreiningu vatnshlota	Bogi B. Björnsson o.fl., 2013
Auðkennisnúmerakerfi íslenskra vatnshlota	Bogi B. Björnsson o.fl., 2012

viðmiðunarmarka má beita sérfræðipekkingu þar sem fullnægjandi gögn eru ekki fyrir hendi. Unnið er samkvæmt reglugerð nr. 535/2011 um flokkun vatnshlota, eiginleika þeirra, álagsgreiningu og vöktun. Jafnframt er stuðst við viðeigandi leiðbeiningaskjöl Vatnatilskipunar Evrópusambandsins¹ (e. Common Implementation Strategies (CIS)), leiðbeiningar Norðmanna um ástandsflokkun vatnshlota (Direktoratsgruppen vanndirektivet, 2018), auk annarra leiðbeiningaskjala sem við eiga.

¹ https://ec.europa.eu/environment/water/water-framework/facts_figures/guidance_docs_en.htm.


Tafla 2. Gæðapættir sem Umhverfisstofnun hefur samþykkt til ástandsflokkunar vatnshlota skv. bréfi Umhverfisstofnunar til fagstofnana frá 9.12.2019.

	Straumvötn	Stöðuvötn
Líffræði	<u>Botnbörungar</u> Lífmassi (blaðgræna α á steinum) <u>Botnhryggleysingjar</u> Tegundasamsetning Tegundafjölbreytileiki Fjöldi	<u>Svifbörungar</u> Lífmassi (blaðgræna α) <u>Vatnaplöntur</u> Tegundasamsetning <u>Botnhryggleysingjar</u> Tegundasamsetning Tegundafjölbreytileiki Fjöldi
Eðlisefnafræði	<u>Súrnunarástand</u> Sýrustig (pH) Basavirkni <u>Leiðni</u> <u>Nærингarefnaástand að vetri</u> NO ₃ NH ₄ Total-N PO ₄ Total-P <u>Súrefnisástand</u> O ₂	<u>Súrnunarástand</u> Sýrustig (pH) Basavirkni <u>Leiðni</u> <u>Sjónsdýpi</u> <u>Nærингarefnaástand að vetri</u> NO ₃ NH ₄ Total-N PO ₄ Total-P <u>Súrefnisástand</u> O ₂

1.1 Vistfræðileg ástandsflokkun yfirborðsvatns

Skýrsla þessi fjallar um ástandsflokkunarkerfi fyrir mismunandi gerðir straum- og stöðuvatna. Straumvötnum er skipt í átta vatnagerðir en stöðuvötnum er skipt í sjö vatnagerðir og er eiginleikum hvernarr vatnagerðar lýst í viðauka I. Í köflunum hér á eftir verður fjallað um líffræðileg og eðlisefnafræðileg ástandsflokkunarkerfi mismunandi gerða straum- og stöðuvatna.

Samkvæmt lögum um stjórn vatnamála nr. 36/2011 og reglugerð nr. 535/2011 skal flokka yfirborðsvatn eftir vistfræðilegu ástandi þess í fimm flokka; *mjög gott, gott, ekki viðunandi, slakt og lélegt ástand*. Markmið laganna er að ástand vatns sé að lámarki gott. Ef ástand vatnsins er lakara en gott þarf að gera aðgerðaráætlun til að bæta ástand þess þannig að það nái góðu ástandi. Undanskilin frá þessari reglu eru vatnshlot sem verða skilgreind sem manngerð og mikið breytt, en það eru vatnshlot þar sem ekki er talið raunhæft að upphefja það álag sem er til staðar, t.d. vegna samfélagslegra áhrifa af slíku (Katrín Sóley Bjarnadóttir o.fl., 2020). Vinna þarf að því að koma slíkum vatnshlotum í sem best ástand, að lágmarki svokallað gott vistmegin. Í ljósi þess að ekki er búið að skilgreina manngerð og mikið breytt vatnshlot mun sú úrvinnsla koma til síðar.



Mynd 1. Flokkunarlykill sem sýnir ferli við vistfræðilega ástandsflokkun með myndrænum hætti eins og gert er ráð fyrir í Vatnatskipun (WFD CIS, 2003). Í fyrsta vatnahring skal nota líffræðilega og eðlisefnafræðilega gæðaþætti við ástandsflokkun en skilgreining á vatnsformfræðilegum gæðaþáttum hefur ekki enn farið fram.

Flokkun á vistfræðilegu ástandi vatnshlota byggir eins og kostur er á tölulegum upplýsingum um náttúrulegt ástand með tilliti til þeirra líffræðilegu og eðlisefnafræðilegu gæðaþáttar sem nota skal við matið (tafla 2). Tillögur að viðmiðunargildum (e. reference values) byggja á fyrirliggjandi gögnum. Ljóst er að fyrir sumar vatnagerðir er ekki til mikið af gögnum sem er augljós veikleiki við þessa vinnu. Í ljósi þessa eru mörk á milli ástandsflokkanna í sumum tilfellum reiknuð út frá vistfræðilegu gæðahlutfalli (EQR) sem sett hefur verið í Noregi fyrir sambærileg vatnshlot (Direktoratsgruppen vanndirektivet, 2018).

Nauðsynlegt er að endurmeta mörk á milli ástandslokka eftir því sem gagnaöflun vegna verkefnisins vindur fram. Á þessum fyrstu stigum verkefnisins er sérstaklega mikilvægt að hafa gögn úr óröskuðum vatnshlotum úr sérhverri vatnagerð til þess að geta skilgreint og afmarkað náttúrulegan breytileika innan hvers gæðaþáttar. Listi yfir vatnshlot sem notuð voru við ákvörðun viðmiðunargilda fyrir líffræðilega og eðlisefnafræðilega gæðaþætti er að finna í viðauka VI.

Gögnin eru notuð til að skilgreina svokallað viðmiðunargildi fyrir sérhvern gæðaþátt, en það er tölugildi sem endurspeglar óröskuð (náttúruleg) vatnshlot og er reiknað fyrir hverja vatnagerð. Viðmiðunargildi gæðaþáttar gegna lykilhlutverki við ástandsflokkun vatnshlota. Út frá þeim er hægt að meta hvort niðurstöður vöktunar á ákveðnu vatnshloti séu sambærilegar við ástandsviðmið viðeigandi vatnagerðar eða ekki. Ef svo er ekki getur það bent til þess að vatnshlotið sé undir álagi af mannavöldum sem hefur neikvað áhrif á lífríki og/eða á eðlisefnafræðilegt ástand.

Mest er til af gögnum úr óröskuðum vatnshlotum á láglendi en lítið er til af gögnum úr vatnshlotum á hálandi og jökulvatni (tafla VI.1). Auk þess er lítið til af gögnum úr vatnshlotum sem eru undir álagi af mannavöldum. Í þeim vatnagerðum þar sem gögn eru nægjanleg er hægt að skilgreina viðmiðunaraðstæður (náttúrulegt ástand) og ástandslokka *mjög gott* og *gott ástand*. Í þeim vatnagerðum þar sem gögn eru takmörkuð eða jafnvel ekki til staðar er nauðsynlegt að nota sérfræðimat. Sérfræðimati er því beitt í mismiklu mæli eftir gæðaþáttum og vatnagerðum en mörk á milli flokkanna *gott* og *ekki viðunandi ástand* í fyrri nefndum vatnagerðum eru að mestu byggð á sérfræðimati en með stuðningi af þeim

gögnum sem til eru auk upplýsinga frá nágrannalöndum okkar. Þessi staða krefst þess að viðmið verði endurmetin eftir því sem frekari gögn safnast.

Tafla 3. Almenn samræmd skilgreining á flokkun vistfræðilegs ástands þriggja ástandslokka sem vinna skal með í fyrsta vatnahring fyrir ár, stöðuvötn, áróesarvatn og strandsjó (viðauki III í reglugerð nr. 535/2011, liður 1.2).

Mjög gott ástand	Engar eða mjög óverulegar breytingar af mannavöldum hafa orðið á gildum eðlisefnafræðilegra og vatnsformfræðilegra gæðaþáttu viðkomandi gerðar yfirborðsvatnshlots miðað við það sem vænta mætti við óröskað skilyrði. Gildi fyrir líffræðilega gæðaþætti yfirborðsvatnshlotsins endurspeglar það sem alla jafna mætti vænta við óröskað skilyrði og engar eða mjög óverulegar vísbendingar um röskun koma fram. Þetta eru viðmiðunaraðstæður fyrir vistfræðilegt ástand einstakra gerða vatnshlotu.
Gott ástand	Gildi fyrir líffræðilega gæðaþætti viðkomandi gerðar yfirborðsvatnshlotsins sýna litla röskun af mannavöldum en aðeins smávægileg frávik frá því sem alla jafna mætti búast við ef þessi gerð yfirborðsvatnshlots væri óröskað.
Ekki viðunandi ástand	Gildi fyrir líffræðilega gæðaþætti viðkomandi gerðar yfirborðsvatnshlotsins sýna nokkur frávik frá því sem alla jafna mætti búast við ef þessi gerð vatnshlotu væri óröskað. Gildin sýna nokkra röskun af mannavöldum og umtalsvert meiri en þar sem ástand er gott.

Flæðirit á mynd 1 sýnir ferli ástandslokunar eftir því hvort gæðaþættir víkja frá eða standast sett viðmiðunargildi. Samkvæmt því þarf vatnshlot í fyrsta lagi að standast viðmið um líffræðilega gæðaþætti, í öðru lagi að mæta kröfum um eðlisefnafræðilega gæðaþætti og loks vatnsformfræðilega gæðaþætti (WFD CIS, 2003). Í þessum fyrstu skrefum innleiðingarinnar er áhersla lögð á að skilgreina viðmið fyrir líffræðilega og eðlisefnafræðilega gæðaþætti, samkvæmt ákvörðun Umhverfisstofnunar. Skilgreining á vatnsformfræðilegum gæðaþáttum bíður seinni tíma.

Í töflu 3 er sett fram lýsing á vistfræðilegu ástandi í þremur bestu ástandslokum *mjög gott*, *gott* og *ekki viðunandi ástand* í samræmi við reglugerð nr. 535/2011. Í þessari skýrslu verða sett mörk á milli þessara flokka. Viðmiðin sem sett eru fram hér taka mið af náttúrulegu ástandi vatnshlotu á Íslandi og eru því önnur en þau umhverfismörk og gæðakröfur sem sett eru fram í reglugerð um varnir gegn mengun vatns nr. 796/1999.

Viðmiðunargildi og mörk á milli ástandslokka fyrir hina ýmsu gæðaþætti eru skilgreind út frá gögnum sem til eru úr óröskaðum vatnshlotum auk sérfræðiþekkingar. Vatnshlotin sem byggt er á hafa ekki öll verið skilgreind sem viðmiðunarvatnshlot skv. stjórn vatnamála, en eru öll álitin vera óröskað og endurspeglar náttúrulegt ástand. Það var talið nauðsynlegt til að endurspeglar landfræðilegan mun á milli vatnshlotu eins vel og hægt er og til að skilgreina viðmiðunaraðstæður ekki of þróngt. Vonast er til að frekari gögn safnist úr þeim vatnshlotum sem vöktuð verða samkvæmt vöktunaráætlun 2022–2027 sem geti styrkt þá afmörkun á ástandslokum sem hér er lögð fram.


Tafla 4. Almenn skilgreining á ástandi yfirborðsvatns m.t.t. til efnafræðilegs ástands (reglugerð nr. 535/2011, reglugerð nr. 796/1999).

Gott ástand	Vatnshlot ná settum efnafræðilegum umhverfisgæðakröfum fyrir yfirborðsvatn, þ.e.a.s. styrkur mengunarvalda (forgangsefna) er ekki meiri en leyfilegt er samkvæmt umhverfisgæðakröfum.
Lélegt ástand	Styrkur mengunarvalda (forgangsefna) fer yfir leyfileg mörk sem skilgreind eru í reglugerð nr. 796/1999, 4. breyting (nr. 981/2015).

1.1.1 Efnafræðilegt ástand

Auk kröfunnar um að vatn nái góðu vistfræðilegu ástandi miðað við líffræðilega, eðlisefnafræðilega og vatnsformfræðilega þætti þarf vatn jafnframt að uppfylla skilyrði hvað varðar efnafræðilegt ástand. Í stjórn vatnamála er með efnafræðilegu ástandi átt við styrk mengandi efna, þungmálma og forgangsefna (tafla 4). Listi yfir forgangsefni er í reglugerð nr. 535/2011 (4. breyting, nr. 982/2015) og styrkmörk þeirra eru gefin upp í reglugerð um varnir gegn mengun vatns nr. 796/1999 (4. breyting, nr. 981/2015). Alls eru forgangsefni/efnahópar 45 talsins og þar af er 21 þeirra skilgreint sem hættuleg forgangsefni. Vatnshlot þurfa því í þessum fyrsta vatnahring bæði að vera í a.m.k. góðu vistfræðilegu ástandi (m.t.t. líffræðilegra og eðlisefnafræðilegra gæðaþáttta) og í góðu efnafræðilegu ástandi (m.t.t. forgangsefna) til að ná markmiðum laga um stjórn vatnamála um gott ástand. Fari styrkur forgangsefnis yfir skilgreind mörk þá nær vatnshlotið ekki markmiði laganna, þrátt fyrir að það nái góðu vistfræðilegu ástandi. Markmið laganna eru sett fram á myndrænan hátt á mynd 2.

Samkvæmt lögum um stjórn vatnamála skal fyrst leitast við að finna mörkin á milli ástands-flokkanna góðs ástands og ekki viðunandi, en fari ástand vatnshlots undir þau mörk er um talsverða röskun að ræða af mannavöldum og skal þá setja fram áætlun um aðgerðir, aðgerðar-vöktun eða rannsóknarvöktun vatnshlots (mynd 2).




Mynd 2. Samband vistfræðilegs og efnafræðilegs ástands vatnshlota. Samkvæmt lögum um stjórn vatnamála nr. 36/2011 þarf allt vatn að ná a.m.k. góðu ástandi, þ.e. bæði góðu vistfræðilegu og efnafræðilegu ástandi. Náist það ekki þarf að fara í aðgerðir til að bæta ástand vatnsins. Myndin er byggð á mynd 2.1 í Direktorsgruppen Vanndirektivet (2018).

1.2 Vistfræðilegt gæðahlutfall (EQR og nEQR)

Niðurstöður á ástandsflokkun vatnshlots skal setja fram sem staðlað gildi, svokallað vistfræðilegt gæðahlutfall (e. ecological quality ratio, EQR). Vistfræðilegt gæðahlutfall endurspeglar hlutfallið á milli mældra tölulegra gilda (matsþátta) fyrir ákveðinn gæðaþátt og skilgreinds viðmiðunargildis fyrir viðkomandi gæðaþátt (mynd 3). Vistfræðilegt gæðahlutfall er þannig staðlað gildi sem bæði er óháð mælieiningu og stærðargráðu mæligilda. Eigi að sameina margar matsþætti við ástandsflokkun vatnshlota er nauðsynlegt að samræma ástandsmað ólíkra gæðaþáttu með því að reikna út samræmt vistfræðilegt gæðahlutfall (nEQR).

1.2.1 Vistfræðilegt gæðahlutfall (EQR)

Vistfræðilegt gæðahlutfall skiptist í fimm vistfræðilega ástandsflokkum. Niðurstöður vöktunar á vistfræðilegu ástandi skal setja fram sem tölugildi á bilinu 0 til 1, þar sem 1 endurspeglar mjög gott (náttúrulegt) ástand og 0 endurspeglar versta ástand. Mikilvægt er að skilgreina mörkin á milli þessara fimm flokka þannig að þeir endurspeglar raunverulegt ástand vatnshlota og nýtist til að draga fram þau vatnslot sem ná ekki markmiði laga um stjórn vatnamála um gott ástand, þannig að hægt sé að bregðast við því með mótvægisáðgerðum. Mynd 3 sýnir jöfnuna sem er notuð við útreikninga. Vert er að benda á að mælt gildi er ýmist teljari eða nefnari (eins og snúningsörvarnar sýna), en slíkt er háð því hvort álag veldur hækkan eða lækkun á mæligildi matsþáttar sem unnið er með hverju sinni. Dæmi um útreikning á vistfræðilegu gæðahlutfalli (EQR) er í textaboxi 1.



Mynd 3. Vistfræðilegt gæðahlutfall (EQR). Niðurstöður vöktunar á vistfræðilegu ástandi skal setja fram sem tölugildi á bilinu 0 til 1, þar sem 1 endurspeglar besta mögulega ástand og 0 endurspeglar verssta ástand. Myndin er byggð á mynd 1.1 í van de Bund & Solimini (2007).

1.2.2 Samræmt vistfræðilegt gæðahlutfall (nEQR)

Við útreikning á EQR þarf að bera mæld gildi saman við viðmiðunargildi hvers gæðapáttar (mynd 3). Viðmiðunargildi og mörk á milli ástandsflokka fyrir hvern gæðapátt eru lögð fram í viðeigandi undirköflum í köflum 2–4. Þegar setja á saman niðurstöður margra matsþátta fyrir hvern gæðapátt (e. multi-metric approach) er nauðsynlegt að samræma útreiknað EQR, þ.e. með því að reikna út samræmt EQR (e. normalized EQR eða nEQR). Ástæðan er sú að hver ástandsflókkur þarf að spanna jafn stóran hluta af EQR kvarðanum áður en sameining fer fram. Ástandsflókkarnir eru fimm og EQR kvarðinn nær frá 1 niður í 0, þannig að hver ástandsflókkur nær yfir 0,2 af EQR kvarðanum eftir samræmingu. Samræmt vistfræðilegt gæðahlutfall (nEQR) er reiknað út með eftirfarandi jöfnu:

$$nEQR = \left[\left(\frac{EQR - EQR_{neðri}}{EQR_{efri} - EQR_{neðri}} \right) * 0,2 \right] + nEQR_{neðri}$$

Þar sem

EQR er vistfræðilegt gæðahlutfall reiknað út frá niðurstöðum mælinga og viðmiðunargildi viðkomandi gæðapáttar,

$EQR_{neðri}$ er neðri mörk þess ástandsflokks sem viðkomandi vatnshlot fellur í miðað við reiknað EQR,

EQR_{efri} er efri mörk þess ástandsflokks sem viðkomandi vatnshlot fellur í miðað við reiknað EQR,

$nEQR_{neðri}$ er neðri mörk á samræmdum vistfræðilegum ástandsflókkum (*mjög gott* 0,8; *gott* 0,6; *ekki viðunandi* 0,4; *slakt* 0,2 og *lélegt* 0).

Nauðsynlegt er að reikna fyrst EQR fyrir hvern gæðapátt og ákvarða þannig ástandsflókk fyrir hvern gæðapátt. Dæmi um útreikning á samræmu vistfræðilegu gæðahlutfalli (nEQR) er í textaboxi 1.

Textabox 1. Dæmi um útreikning á vistfræðilegu gæðahlutfalli, EQR, og samræmdu vistfræðilegu gæðahlutfalli, nEQR.

Meðalgildi blaðgrænu a í vatnshloti fyrir vaxtartímabil plöntusvifs í vatnagerð LL1 mælist að meðaltali $4,8 \mu\text{g/l}$. Viðmiðunargildi blaðgrænu a í þeiri vatnagerð er $3,4 \mu\text{g/l}$. Viðmiðunargildi og mörk á milli ástandsflotkka fyrir blaðgrænu a í stöðuvötnum eru í töflu 11 í kafla 3.1 um svifþörunga.

Vistfræðilegt gæðahlutfall (EQR) fyrir vatnshlotið er:

$$\text{EQR} = \frac{\text{Viðmiðunargildi blaðgrænu } a}{\text{Meðalstyrkur blaðgrænu } a \text{ mæld}} = \frac{3,4}{4,8} = 0,71$$

Vistfræðilegt gæðahlutfall (EQR) er 0,71 og vatnshlotið telst því í *mjög góðu ástandi* m.t.t. blaðgrænu a (tafla 11).

Þegar notaðir eru fleiri gæðaþættir en blaðgræna við ástandsflotkun vatnshlotsins þarf að samræma vistfræðilegt gæðahlutfall (EQR) allra gæðaþáttu þannig að hver ástandsflókkur spanni jafn stóran hluta af EQR kvarðanum. Ástandsflókkarnir eru fimm og EQR nær frá 1 niður í 0, þannig að hver ástandsflókkur nær yfir 0,2 af EQR kvarðanum eftir samræmingu. Jafnan sem nota skal við samræmingu EQR er eftirfarandi:

$$nEQR = \left[\left(\frac{EQR - EQR_{neðri}}{EQR_{efri} - EQR_{neðri}} \right) * 0,2 \right] + nEQR_{neðri}$$

- $EQR = 0,71$
- $EQR_{neðri} = 0,50$ (sbr. töflu 11)
- $EQR_{efri} = 1$
- $nEQR_{neðri} = 0,8$ (fyrir ástandsflókkinn *mjög gott ástand*)

Samræmt vistfræðilegt gæðahlutfall (nEQR) fyrir vatnshlotið er:

$$nEQR = \left[\left(\frac{0,71 - 0,50}{1 - 0,50} \right) * 0,2 \right] + 0,8$$

$$nEQR = 0,88 \text{ (*mjög gott ástand* nær frá 0,8 til 1,0)}$$


Ef nota á ofangreindar niðurstöður sem fengnar eru út frá blaðgrænu með öðrum gæðaþáttum sem eru næmar fyrir sama á lagi og blaðgrænan (næringsarefnaálag) má sameina þá þætti, t.d. með því að taka meðaltal. Ef nEQR fyrir þann gæðaþátt (óskilgreindur) er 0,67 verður sameinað nEQR þessara tveggja gæðaþáttu:

$$(0,88+0,67)/2 = 0,78 \text{ sem endurspeglar *gott ástand* (0,6–0,8)}$$

Endanleg ástandsflotkun vatnshlotsins er þá ***gott vistfræðilegt ástand***.

1.3 Útreikningur á vistfræðilegu ástandi

Hægt er að nota mismunandi aðferðir við útreikning á lokaniðurstöðu um vistfræðilegt ástand. Það er ekki markmið þessarar skýrslu að taka afstöðu til þess hvernig matsþættir eru veginir eða hvernig lokaútreikningur á vistfræðilegu ástandi er framkvæmdur. Á mynd 4 er sýnt dæmi um hvernig hægt er að sameina niðurstöður tveggja líffræðilegra gæðaþáttta. Myndin er í samræmi við mynd 3 í leiðbeiningariti nr. 13 í Vatnatskipun Evrópusambandsins (WFD CIS, 2005). Viðkomandi gæðaþættir byggja á einum eða fleiri matsþáttum, en matsþættir geta verið mismargir eftir því um hvaða gæðaþátt ræðir. Niðurstöður þeirra eru sameinaðar, t.d. með því að taka meðaltal af þeim fyrir hvern gæðaþátt (Direktoratsgruppen Vanndirektivet, 2018). Sjá skilgreiningu hugtaka í textaboxi 2.



Mynd 4. Dæmi um aðferð við ástandsflökun vatnshlotu þar sem notaðir eru fleiri en einn gæðaþáttur. Myndin er þýdd útgáfa af mynd 3 í CIS Guidance document nr. 13 (WFD CIS, 2005).

Niðurstöður úr líffræðilegum, eðlisefnafræðilegum og vatnsformfræðilegum gæðaþáttum eru að lokum sameinaðar í vistfræðilegt ástand og ræður þá lakasta útkoman (e. one out – all out). Þetta þýðir að vatnshlot sem er í *mjög góðu ástandi* með tilliti til líffræðilegra gæðaþáttta getur fallið ef eðlisefnafræðilegir eða vatnsformfræðilegir gæðaþættir ná ekki a.m.k. góðu ástandi. Það undirstrikar mikilvægi þess að viðmiðunaraðstæður og mörk á milli ástandsflokka séu vel skilgreind og byggi á umfangsmiklum upplýsingum hvað varðar t.d. landfræðilegan og árstíðabundinn breytileika.

Textabox 2

Ýmis hugtök sem koma fram í leiðbeiningaritum Vatnatilskipunar Evrópusambandsins eru ekki formlega skilgreind í lagaramma stjórnar vatnamála. Nauðsynlegt er að skilgreina hugtökin sem notuð eru með sem bestum hætti þannig að ljóst sé hvað um ræðir. Eftirfarandi hugtök eru notuð í þessari skýrslu og lagt er til að halda þeim við áframhaldandi úrvinnslu. Hver *gæðaþáttur* (e. quality element) er metinn út frá nokkrum *matsþáttum* (e. parameter level) og þannig er fengin niðurstaða fyrir sérhvern gæðaþátt (e. element level). Niðurstaða allra gæðaþáttta er síðan notuð til þess að reikna út vistfræðilegt ástand viðkomandi vatnshlots.

Eftirfarandi er samantekt á því hvernig sameina má niðurstöður úr mörgum matsþáttum fyrir einstakan líffræðilegan gæðaþátt ef notuð er aðferðafræði sem byggir á fjölpáttu álagsgreiningu (e. pressure related multi metric approach) (unnið upp úr töflu 2a í WFD CIS, 2005).

- (i) Hægt er að sameina matsþætti sem notaðir eru til að meta einstaka líffræðilega gæðaþætti, t.d. með því að taka meðaltal af niðurstöðum mælinga. Sameining matsþáttu getur dregið úr hættu á rangri ástandsflókkun með því að auka öryggi matsins.
- (ii) Ekki ætti að sameina matsþætti sem eru viðkvæmir fyrir ólíku álagi nema þeir séu einnig skoðaðar sjálfstætt. Meðaltal niðurstaðna fyrir matsþætti sem þola álag og matsþætti sem eru viðkvæmir fyrir álagi getur leitt til rangrar ástandsflókkunar miðað við gerðarsértæk skilyrði.
- (iii) Niðurstöður fyrir matsþætti sem líklegir eru til að bregðast við ólíku álagi má sameina, t.d. með því að taka meðaltal, til að meta ástand líffræðilegs gæðaþáttar.
- (iv) Sameining á matsþáttum fyrir einstaka gæðaþætti er valkvæð. Það þýðir að hægt er að nota niðurstöður eins matsþáttar til að áætla hvort ástand gæðaþáttarins uppfylli viðkomandi gerðarsértæk skilyrði.
- (v) Niðurstöður fyrir nokkra matsþætti sem hver um sig er næmur fyrir ólíku álagi má nota til að meta ástand gæðaþáttarins. Í þessu tilviki ætti að beita *one out – all out* reglu, frekar en meðaltali, þannig að ástand gæðaþáttarins ráðist af þeim matsþáttum sem endurspeglar mesta röskun af mannavöldum.

1.4 Mikilvægi millikvörðunar á gæðaþáttum

Í viðauka V í Vatnatilskipun ESB (Directive 2000/60/EC) er kveðið á um að samræma þurfi vistfræðilega ástandsflokkun milli aðildarríkja með svokallaðri millikvörðun (e. intercalibration). Með því móti er hægt að leggja mat á samræmi ástandsflokkunar milli aðildarríkjanna. Ísland hefur ekki verið hluti af vinnu við millikvörðun fram til þessa en mun engu að síður geta nýtt sér þá vinnu sem millikvörðun líffræðilegra gæðaþáttu hefur skilað til að ákvarða mörk á milli vistfræðilegra ástandsflokka og samræma aðferðafræði hérlandis við önnur lönd.

Evrópu hefur verið skipt upp í fimm millikvörðunarhópa sem taldir eru hafa samanburðarhæf vistsvæði (Commission Decision 2005/646/EC). Innan þessara hópa eru skilgreindar millikvörðunargerðir (e. intercalibration types) sem eiga að lýsa sambærilegu vistfræðilegu ástandi. Sjá nánari umfjöllun í viðauka I í skýrslu um lýsingu á viðmiðunaraðstæðum vatnshlotu (Eydís Salome Eiríksdóttir o.fl., 2020). Ísland fellur í hópinn N-GIG (e. Northern Geographical Intercalibration Group) með öðrum löndum á norðlægum slóðum.

Í vinnu við innleiðingu vatnatilskipunar á Íslandi með lögum nr. 36/2011 um stjórn vatnamála, hefur mikið verið horft til Noregs og þess sem þar hefur verið unnið varðandi málefnið. Vatnagerðir í Noregi eru vissulega frábrugðnar þeim íslensku en þó finnast þar sambærilegar vatnagerðir og hérlandis. Norsku vatnagerðirnar hafa sumar hverjar gengið í gegnum millikvörðun fyrir ákveðna gæðaþætti og því er freistandi að nota niðurstöður úr þeim og yfirfæra á aðstæður á Íslandi. Við gerð þessarar skýrslu var því mikið horft til þess sem fram kemur í skýrslu Norðmanna um ástandsflokkun vatns í Noregi (Direktoratsgruppen Vanndirektivet, 2018).

Eins og fram kemur í skýrslu fagstofnanna um viðmiðunaraðstæður í ferskvatnsgerðum falla allar vatnagerðir á Íslandi í fáar millikvörðunargerðir (Eydís Salome Eiríksdóttir o.fl., 2020). Straumvatnshlot á Íslandi falla öll í millikvörðunargerðirnar R-N1 og R-N5, en í þeim gerðum eru litlar ár á láglendi, kíslíkar, með miðlungs (R-N1) og litla (R-N5) basavirkni. Stöðuvatnshlot á Íslandi falla í millikvörðunargerðirnar L-N2a, L-N2b og L-N5. Vatnagerðir L-N2a/b eru kíslírik vötn á láglendi með litla basavirkni, L-N2a eru grunn vötn en L-N2b eru djúp. Vatnagerð L-N5 eru grunn vötn í 200–800 m h.y.s., tær og með litla basavirkni.

Ástæða er til að ætla að hægt sé að nota vistfræðileg gæðahlutföll (EQR) sem skilgreind hafa verið fyrir gæðaþætti hjá nágrannaþjóðum okkar, sem hafa farið í gegnum millikvörðun, til að setja mörk á milli ástandsflokka í íslenskum straum- og stöðuvötnum. Í köflunum sem á eftir koma er það gert upp að vissu marki, þegar gögn úr íslenskum vatnshlotum eru takmörkuð. Þetta á sérstaklega við þar sem lítið er til af gögnum hérlandis úr vatnshlotum þar sem búast má við röskuðum aðstæðum vegna álags. Mjög takmörkuð gögn eru til á Íslandi sem hægt er að byggja á til að skilgreina mörk á milli ástandsflokkanna *gott ástand og ekki viðunandi ástand* og því er samanburður við vistfræðileg gæðahlutföll nágrannaþjóða okkar besta mögulega aðferðafræðin til að nálgast þau mörk.

Tafla 5. Almenn skilgreining vistfræðilegs ástands fyrir botngróður í straumvötnum (viðauki III í reglugerð nr. 535/2011, liður 1.2.1).

Mjög gott ástand	Tegundasamsetning er algjörlega eða nánast eins og vænta mætti við óraskaðar aðstæður. Engar greinanlegar breytingar hafa orðið á meðalþéttleika botngróðurs.
Gott ástand	Smávægilegar breytingar eru á tegundasamsetningu og meðalþéttleika botngróðurs miðað við viðmiðunarlíffelög í einstökum gerðum vatnshlotu. Slíkar breytingar benda ekki til aukins vaxtar botngróðurs eða æðri plantna sem leiða til óæskilegra truflana á jafnvægi lífvera í vatnshlotinu eða á eðlisefnafræðilegum gæðum vatnsins eða setsins. Líffelög botngróðurs hafa ekki orðið fyrir skaðlegum áhrifum af bakteríubrúskum og -skánum sem eru til komin vegna starfsemi manna.
EKKI VIÐUNANDI ÁSTAND	Tegundasamsetning botngróðurs er nokkuð frábrugðin því sem gerist í líffelögum í einstökum gerðum vatnshlotu og sýnir umtalsvert meiri röskun en þar sem ástand er gott. Nokkrar breytingar eru sýnilegar á meðalþéttleika botngróðurs. Bakteríubrúskar og -skánir, sem eru til komin vegna starfsemi manna, kunna að hafa haft áhrif á líffelög botngróðurs og á sumum stöðum komið í stað þeirra.

2 Líffræðilegt ástand straumvatna

Gæðaþættir sem fjallað er um hér eru hluti af þeim líffræðilegu gæðaþáttum í straumvötnum sem nota skal við ástandsflókkun straumvatna samkvæmt lögum um stjórн vatnamála (nr. 36/2011) og reglugerð þar að lútandi (6. grein í reglugerð nr. 535/2011). Umhverfisstofnun samþykkti með bréfi dags. 9. desember 2019 tillögur fagstofnanna um að nota skuli magn blaðgrænu *a* á botni árfarvega og tegundasamsetningu og fjölbreytileika hryggleysingja sem líffræðilega gæðaþætti til að meta vistfræðilegt ástand straumvatna í fyrsta vatnahring stjórnar vatnamála (tafla 2).

2.1 Botnþörungar, blaðgræna *a*

2.1.1 Inngangur

Botnþörungar eru allir þeir þörungar sem vaxa á eða við botninn í straum- eða stöðuvötnum. Þeir eru fjölbreyttur hópur lífvera af mörgum gerðum, svo sem kísilþörungar og grænþörungar, auk þess sem blábakteríur eru teknar með sem hluti af þessum lífveruhópi. Botnþörungar vaxa best við ákveðin kjörskilyrði sem eru einkennandi fyrir hverja tegund. Lífmassi botnþörunga og tegundasamsetning þeirra í vatni getur verið góður mælikvarði á vatnsgæði, t.d. getur aukinn lífmassi þeirra á botni árfarvega verið vísbanding um aukna ákomu lífræns efnis eða næringarefnaákomu. Enn sem komið er hefur ekki verið gert flokkunarkerfi sem byggt er á tegundasamsetningu eða lífrúmmáli smásærra þörunga hér á landi en unnið er að slíkri flokkun. Hins vegar eru fyrirliggjandi mælingar á magni blaðgrænu *a* á steinum í árfarvegum sem er óbeinn mælikvarði á lífrúmmál þörunga á árbotni. Almenn skilgreining á ástandsflókkun fyrir botngróður í straumvötnum er sett fram í reglugerð nr. 535/2011 (tafla 5).

2.1.2 Vöktun og aðferðafræði

Mæling blaðgrænu *a* skal gerð samkvæmt alþjóðlegum staðli, ISO 10260:1992, sem lýsir ljós-gleypnimælingu á blaðgrænu *a*. Sýnum skal safnað yfir sumartímann (júní til september) í straumvötnum á Íslandi. Hefðbundin sýnataka miðar að því að skrúbba lífræna þekju af steinum sem teknir eru af botni árinnar á hverjum söfnunarstað. Mikilvægt er að þekkja það flatarmál sem skrúbbað er af hverjum steini. Það sem skolast af steinunum er safnað í dökka glerflösku og geymt í kæli fram að síun. Sýnin eru síuð í gegnum glertrefjasíur (GF/C, GF/F eða sambærilegar). Sýnin skulu geymd í myrkvuðu og kældu umhverfi, t.d. í kæliboxi, þar til þau verða síuð. Eftir síun skal síupappírinn þerraður og frystur strax að lokinni síun, helst í fljótandi köfnunarefni og haldið frosnum fram að mælingu. Blaðgrænan sem verður eftir á síunni er brotin niður í etanolí og síðan eru sýnin mæld með ljósgleypnimæli við 655 og 750 nm bylgjulengd, sambærilegt við aðferð sem lýst er í staðli ISO 10260:1992. Hægt er að nota handmæli (BenthоТorch) til að mæla blaðgrænu á steinum á botni árfarvega að því gefnu að niðurstöðurnar hafi verið kvarðaðar miðað við hefðbundna mælingu á blaðgrænu.

2.1.3 Ástandsviðmið

Fyrirliggjandi gögn um styrk blaðgrænu *a* á botni óraskaðra straumvatna að sumri (júní-september) voru notuð til að skilgreina ástandsviðmið fyrir blaðgrænu *a* fyrir vatnagerðirnar RL1, RL2 og RL3 (sjá samantekt í Eydís Salome Eiríksdóttir o.fl., 2020). Mörk á milli *mjög góðs* og *góðs ástands* tóku mið af vistfræðilegu gæðahlutfalli (EQR) sem skilgreint hefur verið í Noregi (Direktoratsgruppen vanndirektivet, 2018). Yfirlit yfir skilgreindar vatnagerðir er að finna í viðauka I.

Mælingar hafa verið gerðar í mörgum óröskuðum straumvötnum í flestum vatnagerðum á láglendi en yfirleitt er um stakar mælingar að ræða í hverju vatnshloti. Við skilgreiningu á ástandsviðmiðum fyrir blaðgrænu voru að þessu sinni notaðar mælingar á magni blaðgrænu sem mæld hefur verið með handmæli (BenthоТorch). Í þeim tilfellum þar sem fleiri en ein mæling var til úr sama vatnshloti var meðaltal þeirra mælinga notað, ásamt stökum mælingum úr öðrum vatnshlotum. Ekki eru til gögn um blaðgrænu á botni straumvatna á hálendinu og ekki úr jökulám.

Viðmiðunargildi og mörk á milli ástandslokka

Viðmiðunargildi fyrir magn blaðgrænu á botni straumvatna miðast við 75% hundraðshlutamark á mældu magni blaðgrænu *a* í óröskuðum ám á Íslandi, eða meðalstyrk úr einstökum ám ef til voru fleiri en ein mæling. Það þýdir að 75% gilda er lægra en viðmiðunargildið. Mörk á milli ástandslokka eru reiknuð út frá viðmiðunargildinu (tafla 6) og vistfræðilegu gæðahlutfalli sem notað er í Noregi fyrir blaðgrænu í stöðuvötnum, en þau hafa gengið í gegnum millikvörðun (Direktoratsgruppen vanndirektivet, 2018). Mörkin á milli *mjög góðs* og *góðs ástands* passa vel við 95% dreifingu mældra gilda á blaðgrænu í ánum og eru því talin endurspeglar nokkuð vel náttúrulegt ástand í óröskuðum straumvötnum.

Vistfræðilegt gæðahlutfall blaðgrænu er reiknað út með eftirfarandi jöfnu:

$$Vistfræðilegt\ gæðahlutfall\ (EQR) = \frac{Viðmiðunargildi\ blaðgrænu\ a}{Blaðgræna\ a\ mæld} \quad Jafna\ 1$$

Viðmiðunargildi blaðgrænu a í jöfnu 1 eru gefin upp í töflu 6. *Blaðgræna a mæld* er meðalstyrkur blaðgrænu sem mælist yfir vaxtaríma þörunga í því vatnshloti sem verið er að vakta (mynd 5). Blaðgræna getur mælst lægri en viðmiðunargildið þar sem viðmiðunargildið

er fundið út frá 75% hundraðshlutamarki gagna úr óröskuðum vatnshlotum. Í þeim tilvikum er EQR sett jafnt og 1.

Tafla 6. Viðmiðunargildi, mörk ástandsflotka og vistfræðilegt gæðahlutfall (EQR) fyrir blaðgrænu a á botni árfarvega í vatnagerðum RL1, RL2 og RL3 sem eru bergvatnsár á láglendi. Gefin eru upp tölugildi á styrk blaðgrænu a ($\mu\text{g}/\text{cm}^2$). Ekki eru til gögn um blaðgrænu a á botni straumvatna í vatnagerð RL4, jökulám og straumvötnum á hálendi.

Straumvötn							
	Blaðgræna a ($\mu\text{g}/\text{cm}^2$)			EQR blaðgræna a			
Vatnagerð	Viðmiðunar-gildi	Mjög gott	Gott	Ekki viðunandi*	Mjög gott	Gott	Ekki viðunandi*
RL1	0,8	<1,6	1,6–2,4	>2,4	1–0,5	<0,5–0,33	<0,33
RL2	1,6	<3,2	3,2–4,8	>4,8	1–0,5	<0,5–0,33	<0,33
RL3	2,2	<4,4	4,4–6,7	>6,7	1–0,5	<0,5–0,33	<0,33

EKKI VIÐUNANDI*: Mörk á milli flokkanna ekki viðunandi ástand og lélegt ástand eru ekki metin hér.

Gera má ráð fyrir lægri styrk blaðgrænu í ám á hálendi en í samsvarandi ám á láglendi vegna styttra sumars og lægri lofhita en á láglendi. Þetta þarf að skoða sérstaklega þegar frekari gagna hefur verið aflað. Það sama má segja um aðstæður í mörgum straumvötnum af vatnagerð RL4 þar sem botn þeirra er yfirleitt sendinn og laus í sér. Lítið er til af gögnum um blaðgrænu a í RL4, í straumvötnum á hálendi og í jökulám.

Dæmi um útreikning á vistfræðilegu gæðahlutfalli blaðgrænu í vatnshloti í gerð RL1.


Blaðgræna mælist $1,4 \mu\text{g}/\text{cm}^2$ í vatnshloti af gerð RL1. Viðmiðunargildi er $0,8 \mu\text{g}/\text{cm}^2$.

$$\text{Vistfræðilegt gæðahlutfall (EQR)} = \frac{\text{Viðmiðunargildi blaðgrænu } a}{\text{Blaðgræna } a \text{ mæld}}$$

$$\frac{0,8 \mu\text{g}/\text{cm}^2}{1,4 \mu\text{g}/\text{cm}^2} = 0,57$$

Vistfræðilegt gæðahlutfall (EQR) reiknast vera 0,57 og því telst vatnshlotið vera í mjög góðu ástandi (tafla 6).

Styrkur blaðgrænu a er líklega mjög líttill í vatnagerð RL4 og jökulám sökum mikils rofmáttar við botn, auch þess sem sólarljós takmarkar ljóstillífun í jökulám. Mælingar sem gerðar hafa verið á styrk blaðgrænu a á vatnasviði Vestari Jökulsár benda til að styrkur blaðgrænu a sé frá 0 til $0,25 \mu\text{g}/\text{cm}^2$ (Gísli Már Gíslason o.fl., 2001). Í jökulám er rofmáttur mikill við botn og þar eru því aðstæður erfiðar fyrir þörungagróður. Til eru mælingar á blaðgrænu í farvegum nokkurra viðmiðunarvatnshlotu, þ.e. í Krossá (RL1), Stóru Laxá (RL2) og Norðurá (RL3), og flokkast þau öll sem vatnshlot í mjög góðu ástandi m.t.t. blaðgrænu (mynd 5).



Mynd 5. Meðalstyrkur blaðgrænu a í straumvötnum í vatnagerðum RL1, RL2, RL3. Blár litur nær yfir flokkinn mjög gott ástand, grænn litur yfir gott ástand og gulur yfir ekki viðunandi ástand. Viðmiðunarvatnshlot sem skilgreind hafa verið í vöktunaráætlun eru táknuð með bleikum kassa þar sem gögn úr þeim eru til staðar.

Tafla 7. Almenn skilgreining vistfræðilegs ástands fyrir hryggleysingja í straumvötnum (viðauki III í reglugerð nr. 535/2011, liður 1.2.1).

Mjög gott ástand	Flokkunarfræðileg samsetning og þéttleiki er algjörlega eða nánast eins og vænta mætti við óraskaðar aðstæður. Engin merki breytinga er að sjá á hlutfalli hryggleysingja sem eru viðkvæmir fyrir truflun og hryggleysingja sem eru það ekki miðað við það sem vænta mætti við óraskaðar aðstæður. Fjölbreytileiki hryggleysingja sýnir engin merki breytinga frá því sem vænta mætti við óraskaðar aðstæður.
Gott ástand	Smávægilegar breytingar eru á tegundasamsetningu og þéttleika hryggleysingja miðað við líffélög í einstökum gerðum vatnshlots. Smávægilegar breytingar eru á hlutfalli hryggleysingja, sem eru viðkvæmir fyrir truflun, og hryggleysingja, sem eru það ekki, miðað við viðmiðunarástand í einstakri gerð vatnshlots. Smávægilegar breytingar eru á fjölbreytileika hryggleysingja miðað við viðmiðunargildin í einstakri gerð vatnshlots.
Ekki viðunandi ástand	Tegundasamsetning hryggleysingja er nokkuð frábrugðin því sem gerist í líffélögum einstakra gerða vatnshlots. Mikilvæga tegundahópa líffélagsins vantar í við komandi gerð vatnshlota. Fjölbreytileikinn og hlutfall hryggleysingja, sem eru viðkvæmir fyrir truflun, og lífvera, sem eru það ekki, eru verulega miklu minni en viðmiðunargildin í einstakri gerð vatnshlota segja til um og umtalsvert minni en þar sem ástand er gott.

2.2 Hryggleysingjar í straumvötnum

2.2.1 Inngangur

Tegundasamsetning og fjölbreytileiki hryggleysingja eru meðal þeirra gæðapáttar sem hafa verið notaðir víða í heiminum til að flokka og meta ástand straumvatna, m.a. til að meta álag og næringarefnarástand í ferskvatnsvistkerfum. Almenn skilgreining á ástandsflokkun straumvatna út frá hryggleysingjum í straumvötnum er sett fram í reglugerð nr. 535/2011 (tafla 7).

Hryggleysingjar í straumvötnum eru fjölbreyttur hópur sem hefur mikla útbreiðslu. Þeir eru nokkuð staðbundnar og endurspeglar því staðbundið ástand. Mælikvarðar sem notaðir eru í mörgum Evrópulöndum við mat á vistfræðilegu ástandi eru m.a. tegundaauðgi hryggleysingja, hlutföll lífveruhópa sem eru viðkvæmir fyrir mengun eða raski og hlutfall þolinna lífvera í samfélaginu. Erlendis eru ýmsir stuðlar notaðir við ástandsflokkun út frá hryggleysingjum, en hérlandis hefur ekki verið stuðst við sértæka stuðla við flokkun á ástandi vatns, t.d. vegna mengunar eða ofauðunar. Sumir þessara stuðla henta illa hérlandis þar eð ástandsflokkunin er miðuð við stórvaxin skordýr eins og dægurflugur (Ephemeroptera), steinflugur (Plecoptera) og vorflugur (Trichoptera), en fáar tegundir þeirra finnast hérlandis (Elísabet R. Hannesdóttir & Jón S. Ólafsson, 2014). Ríkjandi hópar botnlægra hryggleysingja í straumvötnum á Íslandi heyra til tvívængja skordýra (Diptera), einkum bitmýs (Simuliidae) og rykmýs (Chironomidae). Því er ljóst að hérlandis verður að aðlaga verklag að þeim samfélögum sem hér finnast.

2.2.2 Vöktun og aðferðafræði

Söfnun hryggleysingja í straumvatni skal framkvæmd með hliðsjón af eftirtöldum alþjóðlegum stöðlum: ÍST EN 10870:2012; *Water quality – Guidelines for the selection of sampling methods and devices for benthic macroinvertebrates in fresh waters*, ÍST EN 16150:2012; *Water quality – Guidance on pro-rata Multi-Habitat sampling of benthic macro-invertebrates from wadeable rivers* og ÍST EN 15196:2006; *Water quality – Guidance on sampling and processing of the pupal exuviae of Chironomidae (Order Diptera) for ecological assessment*.

Sýntökur á botndýrum í straumvatni skal framkvæma einu sinni á því ári sem rannsókn fer fram. Sýnatökur þurfa að fara fram á tímabilinu frá miðjum ágúst fram í miðjan september og helst ekki síðar en fyrir septemberlok. Miða skal við að sýni séu tekin á stöðvum þar sem sýni af botnlægum hryggleysingjum hafa verið tekin áður til að samanburður fáist við fyrri rannsóknir. Sýnatökustaðir skulu valdir þar sem nokkur straumur er, t.d. á brotum, en forðast skal að taka sýni í hyljum, lygnum eða flúðum. Sýni skulu tekin innan 15–20 m svæðis og miða skal við að sýni séu tekin sem víðast þvert yfir þennan árhluta, skv. tilviljanatölum, á allt að 50–60 cm dýpi. Taka skal sýni með Surber sýnataka með 25 x 25 cm ramma og netpoka með 0,25 mm möskvastærð. Miða skal við að taka 10 sýni á hverri sýnatökustöð á hnitum sem valin eru fyrir fram af handahófi. Við hverja sýnatoku skal sýnatakinn lagður á árbotninn á þeim stað sem tilviljanahnit segja til um og skal þess gætt að ramminn liggi þétt við botninn. Róta skal með höndum, í u.þ.b. 30 sek., innan úr rammanum þannig að lífverur og annað lífrænt efni fljóti upp og verði fangað í netpokann. Áður en byrjað er að róta innan úr rammanum skal fjarlægja alla stærri steina (u.þ.b. > 5 cm í þvermál) og koma þeim fyrir í fötu þar sem yfirborð þeirra verður burstað og varðveitt með restinni af sýninu. Hvert sýni skal varðveitt í 70% etanóllausn þar til að úrvinnslu kemur.

Sýni af púpuhönum rykmýs skulu tekin 3–4 sinnum yfir sumarið (maí–september), eða á sama tíma og blaðgræna er mæld. Sýnin eru tekin með skaftháfi með finum netpoka (0,125–0,25 mm). Háfnum er komið fyrir ofan við það svæði sem verið er að gera aðrar mælingar eða taka sýni af. Háfurinn er skorðaður, t.d. við grot í árfarveginum, þannig að skaftið liggi hornrétt á straumstefnu og pokinn opnist á móti straumi. Mikilvægt er að opið sé ekki allt neðan vatns, heldur sé 1/3–1/2 þess upp úr til að fanga það sem flýtur á vatnsyfirborðinu, svo sem púpuhamir. Í flestum tilfellum er í lagi að skilja þannig við háfinn í hálftíma, en mikilvægt er að fylgjast með að hann yfirfyllist ekki og hætti þá að þjóna hlutverki sínu. Auk þess að fanga það sem flýtur niður árfarveginn er mælt með að háfað sé meðfram bökkum, einkum inni í krikum eða á milli steina þar sem púpuhamir safnast saman og fljóta á yfirborði. Að lokinni sýnatoku er sýnið varðveitt í 70% etanóllausn þar til úrvinnsla fer fram.

2.2.3 Ástandsviðmið

Notuð voru gögn um botnlæga hryggleysingja í straumvötnum sem safnað hefur verið í ýmsum verkefnum (sjá t.d. Gísli Már Gíslason o.fl., 2002; Gísli Már Gíslason o.fl., skýrsla í vinnslu). Gögnin voru flokkuð eftir vatnagerðum og notuð til að skilgreina viðmiðunaraðstæður í vatnagerðum straumvatna. Yfirlit yfir skilgreindar vatnagerðir er að finna í viðauka I.

Þrír mismunandi matsþættir voru notaðir til að meta gæðapætti straumvatna, þ.e. tegundaauðgi (e. taxa richness), Shannon fjölbreytileiki (e. diversity) og Shannon jafndreifni (e. evenness). Þessu til viðbótar var reiknaður stuðull fyrir vísihópa botnlægra hryggleysingja (e. indicator taxa) til þess að finna út hvaða tegundir eða hópar hryggleysingja einkenna hverja vatnagerð (tafla 8). Ákveðið var að nota ekki þéttleika hryggleysingja í straumvötnum við ástandsflokkun þar sem mjög mikill breytileiki getur verið á þéttleika eftir tímasetningu sýnasöfnunar. Fjöldi einstaklinga í hverri tegund var hins vegar notaður við útreikninga á fjölbreytileikastuðlum.

Tegundaauðgi (N_0) er einfaldlega fjöldi tegunda hryggleysingja sem finnst á sýnatökustað. Shannon fjölbreytileiki (N_1) er reiknaður samkvæmt jöfnu 2 þar sem p_i táknað hlutfall af heildarsýni sem tilheyrir tegund i (Borcard o.fl., 2018).

$$N_1 = \exp(-\sum p_i \log p_i) \quad Jafna 2$$

Shannon jafndreifni (E) er byggð á Shannon fjölbreytileika (N_1) og tegundaauðgi (N_0) (Borcard o.fl., 2018) og er skilgreind samkvæmt jöfnu 3.

$$E = \frac{N_1}{N_0} \quad Jafna 3$$

Shannon fjölbreytileiki og Shannon jafndreifni var reiknað með *vegan* forrita-pakkanum í R (Oksanen o.fl., 2017).

Vísihópar hryggleysingja (e. indicator taxa) í stöðuvötnum eru tilgreindir í töflu 8. Greining á þeim var unnin með því að nota *multipatt* og *signassoc* í R forritapakkanum *indicspecies* (De Cáceres & Legendre, 2009). Útreiknuð gildi samanstanda af tveimur þáttum, þ.e. *specificity* (A þáttur) og *fidelity* (B þáttur). *Specificity*, sem kalla mætti sérhæfni tegundar, gefur til kynna hvort tegundin sé það sérhæfð að hana megi nota sem vísitegund, og er gildið hæst þegar tegund er til staðar í ákveðinni búsvæðagerð en ekki annars staðar. *Fidelity* gefur til kynna næmni tegunda sem vísitegund og er hæst þegar tegund er til staðar á öllum stöðvum í tiltekinni búsvæðagerð (De Cáceres & Legendre, 2009). Vísihópar hryggleysingja gefa mikilvægar upplýsingar um samfélagsgerðir hryggleysingja í vatnshloti, en gefa ekki til kynna hvort ástand straumvatna sé gott eða slæmt. Niðurstöður þessara greininga leiddi í ljós að í flestum tilfellum reyndust mismunandi vísihópar ekki einungis einkenna eina vatnagerð heldur tvær til þrjár, svo sem RL1 og RL2. Rykmý reyndist oftast vera vísihópur fyrir íslensk straumvötn. Möguleiki er að tilgreina einstakar vísitegundir fyrir rykmý sem benda til súrnunar, næringarefnaauðgunar eða breytinga á vatnsformfræðilegum þáttum (viðauki III).

Viðmiðunargildi og mörk á milli ástandsflókka

Viðmiðunargildi og mörk ástandsflókkanna *mjög gott*, *gott ástand* og *ekki viðunandi ástand* voru reiknuð á eftirfarandi máta:

1. Reiknað var meðaltal matsþátta (tegundaauðgi, Shannon fjölbreytileiki og Shannon jafndreifni) úr öllum sýnum í hverju straumvatnshloti. Miðgildi þeirra gagna var skilgreint sem viðmiðunargildi hvers matsþáttar fyrir hverja vatnagerð.
2. Mörk á milli flokkanna *mjög gott* og *gott ástand* miðast við 5% hundraðshlutamark gagna fyrir hvern matsþátt, nema fyrir Shannon jafndreifni í vatnagerðinni RL2. Þar voru notuð sömu mörk og fyrir vatnagerðina RL1 og byggðist það á sérfræðimati. Skipting við 5% hundraðshlutamark þýðir að 95% gagnanna eru ofan við mörkin *mjög gott* og *gott ástand*.
3. Mörkin á milli flokkanna *gott ástand* og *ekki viðunandi* voru sett út frá viðmiðunargildi margfaldað með fastanum 0,33 sem er það vistfræðilega gæðahlutfall sem talið var ásættanlegt að nota á milli þessara ástandsflókka samkvæmt sérfræðimati. Það er gert í ljósi þess að lítið er til af upplýsingum um hryggleysingja í straumvötnum sem eru undir álagi af mannavöldum.

Vistfræðilegt gæðahlutfall er reiknað út frá niðurstöðum matsþátta í vöktuðu vatnshloti og viðmiðunargildi viðkomandi matsþáttar (jafna 4).

$$Vistfræðilegt gæðahlutfall (EQR) = \frac{\text{Gildi matsþáttar í vöktuðu vatnshloti}}{\text{Viðmiðunargildi matsþáttar}} \quad Jafna 4$$

Tafla 8. Yfirlit yfir tölulegar greiningar til flokkunar á hryggleysingum í straumvötnum (merkt með x, NA merkir að gögn hafi ekki verið til staðar). Gefnar eru upplýsingar um heildarfjölda straumvatna sem greiningar náðu til.

Vatnagerð	Fjöldi vatnsfalla	Fjölbreytileika-stuðlar				Vísihópar – til staðar						
		Tegundaauðgi	Shannon fjölbreytileiki	Shannon jafndreifni	Diamesa bertrami	Eukiefferiella minor/ E. claripennis	Orthocladius frigidus	Micropsectra sp.	Thienemanniella sp.	Limnephilus affinis	Simuliidae	Clinocera stagnalis
RL1	12	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x
RL2	4	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x
RL3	11	x	x	x		x	x	x	x		x	x
RL4	0	NA	NA	NA								
RH1	1	NA	NA	NA								
RH2	0	NA	NA	NA								
RG	2	NA	NA	NA								

Niðurstöður útreikninga á matsþáttunum í straumvötnum sem lögð voru til grundvallar þessarar vinnu eru settar fram á myndum 6–8. Gengið er út frá því að öll straumvötn í gagnasettinu flokkist sem náttúruleg og óröskuð og eigi þar með að flokkast í mjög góðu ástandi.

Viðmiðunargildi og mörk á milli ástandsflotka fyrir alla matsþætti eru sýnd í töflum 9 a–c. Því miður var aðeins hægt að reikna út viðmiðunargildi fyrir vatnagerðirnar RL1, RL2 og RL3. Fyrir aðrar vatnagerðir skortir gögn. Viðmiðunargildi og mörk á milli ástandsflotka eru byggð á mismiklum gögnum. Allmikið er til af gögnum úr vatnagerð RL1 og RL3 en einungis eru til gögn úr þremur vatnshlotum í RL2. Af þeim falla flest í flokkinn *mjög gott ástand* en nokkur eru í floknum *gott ástand* (myndir 6–8). Gögn um hryggleysingja úr Norðurá (RL3), sem skilgreind hefur verið sem viðmiðunarvatnshlot, benda til þess að áin sé í *mjög góðu ástandi* með tilliti til þeirra forsendna sem hér eru settar fram.

Tafla 9 a–c. Viðmiðunargildi, mörk ástandsflotka og vistfræðilegt gæðahlutfall (EQR) fyrir hryggleysingja í straumvötnum. Gefin eru upp tölugildi fyrir tegundaauðgi, Shannon fjölbreytileika og Shannon jafndreifni. Einungis eru sett fram viðmið fyrir þær vatnagerðir þar sem gögn liggja fyrir.

a. Tegundaauðgi

Straumvötn							
	Tegundaauðgi hryggleysingja				EQR tegundaauðgi		
Vatnagerð	Viðmiðunar-gildi	Mjög gott	Gott	Ekki viðunandi*	Mjög gott	Gott	Ekki viðunandi*
RL1	8,4	>5,8	5,8–2,8	<2,8	1–0,69	<0,69–0,33	<0,33
RL2	8,5	>7,4	7,4–2,8	<2,8	1–0,87	<0,87–0,33	<0,33
RL3	10,5	>8,9	8,9–3,5	<3,5	1–0,85	<0,85–0,33	<0,33

Ekki viðunandi*: Mörk á milli flokkanna ekki viðunandi ástand og lélegt ástand eru ekki metin hér.

b. Shannon fjölbreytileiki


Straumvötn							
	Fjölbreytileiki hryggleysingja				EQR tegundaauðgi		
Vatnagerð	Viðmiðunar-gildi	Mjög gott	Gott	Ekki viðunandi*	Mjög gott	Gott	Ekki viðunandi*
RL1	4,6	>3,2	3,2–1,5	<1,5	1–0,69	<0,69–0,33	<0,33
RL2	5,2	>4,6	4,6–1,7	<1,7	1–0,89	<0,89–0,33	<0,33
RL3	4,6	>2,9	2,9–1,5	<1,5	1–0,64	<0,64–0,33	<0,33

Ekki viðunandi*: Mörk á milli flokkanna ekki viðunandi ástand og lélegt ástand eru ekki metin hér.


c. Shannon jafndreifni

Straumvötn							
	Jafndreifni hryggleysingja				EQR tegundaauðgi		
Vatnagerð	Viðmiðunar-gildi	Mjög gott	Gott	Ekki viðunandi*	Mjög gott	Gott	Ekki viðunandi*
RL1	0,6	>0,48	0,48–0,20	<0,20	1–0,80	<0,80–0,33	<0,33
RL2	0,6	>0,48	0,48–0,20	<0,20	1–0,80	<0,80–0,33	<0,33
RL3	0,5	>0,36	0,36–0,17	<0,17	1–0,71	<0,71–0,33	<0,33


Ekki viðunandi*: Mörk á milli flokkanna ekki viðunandi ástand og lélegt ástand eru ekki metin hér.



Mynd 6. Tegundaaugi hryggleysingja í straumvötnum í vatnagerðum RL1, RL2 og RL3. Blár litur nær yfir flokkinn mjög gott ástand, grænn litur yfir gott ástand og gulur yfir ekki viðunandi ástand. Viðmiðunarvatnshlot sem skilgreind hafa verið í vöktunaráætlun eru táknuð með bleikum kassa þar sem gögn úr þeim eru til staðar.



Mynd 7. Shannon fjölbreytileiki hryggleysingja í straumvötnum í vatnagerðum RL1, RL2 og RL3. Blár litur nær yfir flokkinn mjög gott ástand, grænn litur yfir gott ástand og gulur yfir ekki viðunandi ástand. Viðmiðunarvatnshlot sem skilgreind hafa verið í vöktunaráætlun eru táknuð með bleikum kassa þar sem gögn úr þeim eru til staðar.



Mynd 8. Shannon jafndreifni hryggleysingja í straumvötnum í vatnagerðum RL1, RL2 og RL3. Blár litur nær yfir flokinn mjög gott ástand, grænn litur yfir gott ástand og gulur yfir ekki viðunandi ástand. Viðmiðunarvatnshlot sem skilgreind hafa verið í vöktunaráætlun eru táknuð með bleikum kassa þar sem gögn úr þeim eru til staðar.

Tafla 10. Almenn skilgreining vistfræðilegs ástands fyrir plöntusvif í stöðuvötnum (viðauki III í reglugerð nr. 535/2011, liður 1.2.2).

Mjög gott ástand	Tegundasamsetning og þéttleiki plöntusvifs er algjörlega eða nánast eins og vænta mætti við óraskaðar aðstæður. Meðallífmassi plöntusvifs er í samræmi við dæmigerða lýsingu á eðlisefnafræðilegum gæðabáttum og er ekki þannig að það breyti umtalsvert sjónýpi frá viðmiðunaraðstæðum fyrir einstakar gerðir vatnshlotu. Plöntusvifsblómi kemur fram í sömu tíðni og í sama umfangi og við viðmiðunaraðstæður fyrir eðlisefnafræðilegu þættina.
Gott ástand	Smávægilegar breytingar eru á tegundasamsetningu og þéttleika sviflægra lífvera miðað við viðmiðunaraðstæður fyrir líffélög í einstökum gerðum vatnshlotu. Slíkar breytingar benda ekki til aukningar í þörungavexti sem leiðir til óæskilegrar truflunar á jafnvægi lífvera í vatnshlotinu eða á eðlisefnafræðilegum gæðum vatnsins eða setsins. Smávægileg aukning á tíðni og umfangi plöntusvifsblómans getur komið fram miðað við viðmiðunaraðstæður fyrir einstakar gerðir vatnshlotu.
Ekki viðunandi ástand	Tegundasamsetning og þéttleiki sviflægra lífvera eru nokkuð frábrugðin því sem gerist í dæmigerðum líffélögum í viðkomandi vatnshlotagerð. Nokkur röskun er á lífmassa og kann að vera svo mikil að umtalsverð, óæskileg truflun verði á öðrum líffræðilegum gæðabáttum og eðlisefnafræðilegum gæðum vatnsins eða setsins. Nokkur aukning á tíðni og umfangi plöntusvifsblómans getur komið fram. Yfir sumarmánuðina getur blómi verið viðvarandi.

3 Líffræðilegt ástand í stöðuvötnum

Gæðabættir sem fjallað er um hér eru hluti af þeim líffræðilegu gæðabáttum í stöðuvötnum sem nota skal við ástandsflokkun stöðuvatna samkvæmt lögum um stjórн vatnamála (nr. 36/2011) og reglugerð þar að lítandi (6. grein í reglugerð nr. 535/2011). Umhverfisstofnun samþykkti með bréfi dags. 9. desember 2019 tillögur fagstofnanna um að nota skuli magn blaðgrænu *a* í vatnsbolnum, tegundasamsetningu vatnaplantna og tegundasamsetningu og fjölbreytileika hryggleysingja sem líffræðilega gæðabætti til að meta vistfræðilegt ástand stöðuvatna í fyrsta vatnahrинг stjórnar vatnamála (tafla 2).

3.1 Svifþörungar, blaðgræna *a*

3.1.1 Innangur

Miðað er við að nota tegundasamsetningu, fjölda og lífmassa svifþörunga til að meta vistfræðilegt ástand stöðuvatna líkt og kveðið er á um í lögum. Enn sem komið er hefur ekki verið gert flokkunarkerfi hér lendis sem byggt er á tegundasamsetningu eða lífrúmmáli smásærra þörunga, en unnið er að því. Hins vegar eru til mælingar á magni blaðgrænu *a* í stöðuvötnum sem er óbeinn mælikvarði á lífrúmmál þörunga í vötnum. Almenn skilgreining á ástandsflokkun stöðuvatna út frá plöntusvifi í stöðuvötnum er sett fram í reglugerð nr. 535/2011 (tafla 10).

3.1.2 Vöktun og aðferðafræði

Mæling blaðgrænu skal gerð samkvæmt alþjóðlegum staðli ISO 10260:1992 sem lýsir ljósgleypnimælingu á blaðgrænu. Sýnum skal safna úr vötnum yfir sumartímann (júní til september). Sýnum til mælinga er safnað í flösku, 0,5–2 lítra eftir magni blaðgrænu í vatninu, algengast er að safna eins lítra sýnum í vötnum hérlandis. Sýnin eru síuð í gegnum glertrefjasíur (GF/C, GF/F eða sambærilegt) strax eða fljótlega eftir að sýnum er safnað. Sýnin skulu geymd í myrkvuðu og kældu umhverfi, t.d. í kæliboxi þar til þau verða síuð. Eftir síun skal síupappírinn þerraður og frystur strax að lokinni síun, helst í fljótandi köfnunarefni, og haldið frosnum fram að mælingu. Blaðgrænan sem verður eftir á síunni er brotin niður í etanóli. Sýnin eru síðan mæld með ljósgleypnimæli við 655 og 750 nm bylgjulengd, samkvæmt aðferð sem lýst er í staðli ISO 10260:1992. Hægt er að nota handmæli (e. Algal Torch) til að mæla blaðgrænu í vötnum að því gefnu að niðurstöðurnar hafi verið kvarðaðar miðað við hefðbundna mælingu á blaðgrænu.

3.1.3 Ástandsviðmið

Fyrirliggjandi gögn um styrk blaðgrænu *a* í stöðuvötnum á láglendi og jökulvötn voru notuð til að skilgreina viðmiðunargildi fyrir blaðgrænu *a* (sjá samantekt í Eyðís Salome Eiríksdóttir o.fl., 2020). Mörk á milli *mjög góðs* og *góðs ástands* tóku mið af vistfræðilegu gæðahlutfalli (EQR) sem skilgreint hefur verið í Noregi (Direktoratsgruppen vanndirektivet, 2018). Yfirlit yfir skilgreindar vatnagerðir er að finna í viðauka I.

Nokkuð er til af mælingum sem hafa verið gerðar á blaðgrænu í órösukum stöðuvötnum í vatnagerðum á láglendi en yfirleitt er um stakar mælingar að ræða í hverju vatnshloti. Fyrirliggjandi gögn gefa því upplýsingar um landfræðilegan breytileika á magni blaðgrænu *a* í hverri vatnagerð en ekki breytileika yfir tíma innan vatnshlots. Í þeim tilfellum þar sem fleiri en ein mæling var til staðar í sama vatnshloti var meðaltal þeirra mælinga notað, ásamt stökum mælingum úr öðrum vatnshlotum. Ekki eru til gögn um blaðgrænu í stöðuvötnum á hálandi og því ekki hægt að leggja mat á ástand hálandisvatna út frá styrk blaðgrænu *a* að svo stöddu.

Viðmiðunargildi og mörk á milli ástandsflokka

Viðmiðunargildi fyrir magn blaðgrænu *a* í stöðuvötnum miðast við 75% hundraðshlutamark á mældu magni blaðgrænu *a* í órösukum vötnum. Mörk á milli ástandsflokka voru reiknuð út frá viðmiðunargildinu (tafla 11) og vistfræðilegu gæðahlutfalli sem notað er í Noregi fyrir blaðgrænu í stöðuvötnum í millikvörðunarhópum L-N2a (grunn vötn) og L-N2b (djúp vötn) (Direktoratsgruppen vanndirektivet, 2018). Þau mörk passa nokkuð vel við dreifingu mældra gilda á blaðgrænu *a* í órösukum vötnunum á Íslandi (mynd 9). Undantekning á þessu var þó gerð fyrir blaðgrænu í jökulskotnum stöðuvötnum þar sem frumframleiðni er takmörkuð af sólarljósi en yfirleitt ekki af styrk næringarefna. Þar var miðað við vistfræðilega gæðahlutfallið 0,7 og 0,5.

Vistfræðilegt gæðahlutfall (EQR) fyrir blaðgrænu er fundið út með eftirfarandi jöfnu:

$$Vistfræðilegt\ gæðahlutfall\ (EQR) = \frac{Viðmiðunargildi\ blaðgrænu\ a}{Blaðgræna\ a\ mæld} \quad Jafna\ 5$$

Við útreikninga á vistfræðilegu gæðahlutfalli samkvæmt jöfnu 5 eru notuð *viðmiðunargildi blaðgrænu a* sem gefin eru upp í töflu 11 og *blaðgræna a mæld* er meðaltal mælinga á vaxtaríma þörunga í viðkomandi vatnshloti. Blaðgræna getur mælst lægri en viðmiðunargildið þar sem viðmiðunargildið er fundið út frá 75% hundraðshlutamarki gagna úr órösukum vatnshlotum. Í þeim tilvikum er EQR sett jafnt og 1.


Tafla 11. Viðmiðunargildi, mörk ástandsflotka og vistfræðilegt gæðahlutfall (EQR) fyrir blaðgrænu a í stöðuvötnum á láglendi og jökulvötnum á Íslandi. Gefin eru upp tölugildi á styrk blaðgrænu a ($\mu\text{g/l}$).

Stöðuvötn							
	Blaðgræna a ($\mu\text{g/l}$)				EQR blaðgræna a		
Vatnagerð	Viðmiðunar-gildi	Mjög gott	Gott	Ekki viðunandi*	Mjög gott	Gott	Ekki viðunandi*
LL1	3,4	<6,8	6,8–10	>10	1–0,50	<0,50–0,33	<0,33
LL2	3,6	<7,2	7,2–11	>11	1–0,50	<0,50–0,33	<0,33
LL3	2,6	<4,0	4,0–7,9	>7,9	1–0,65	<0,65–0,33	<0,33
LL4	2,2	<3,4	3,4–6,7	>6,7	1–0,65	<0,65–0,33	<0,33
LG	2,3	<3,3	3,3–4,6	>4,6	1–0,70	<0,70–0,50	<0,50

Ekki viðunandi*: Mörk á milli flokkanna ekki viðunandi ástand og lélegt ástand eru ekki metin hér.

Mældur styrkur blaðgrænu í stöðuvötnum er sýndur á mynd 9. Í langflestum tilfellum er um eina mælingu á blaðgrænu að ræða en í einstaka tilfellum er tekið meðaltal af tveimur mælingum. Flestar mælingarnar eru gerðar um hásumar, þegar frumframleiðni er mikil. Eins og sést á myndinni eru flest vatnshlotin í mjög góðu ástandi m.t.t. blaðgrænu, miðað við þær forsendur sem er settar fram hér. Tvö vötn falla þó í flokkinn ekki viðunandi ástand. Það eru Berufjarðarvatn í Reykhólasveit (LL1) og Svínavatn í Húnavatnshreppi (LL3). Þær niðurstöður eru þó aðeins byggðar á einni mælingu úr hvoru vatni og ástandsflókkunin gæti breyst með tilkomu fleiri mælinga. Viðmiðunarvatnshlotið Haukadalsvatn (LL3) fellur í flokkinn gott ástand þrátt fyrir að vera talið óraskað. Ekki er talin ástæða til að breyta mörkum ástandsflotka vegna þess eða skipta út viðmiðunarvatnshloti í ljósi þess að um eitt sumarsýni er að ræða í þessu tilviki en ekki meðaltal mælinga yfir framleiðnitímabil.

Mikilvægt er að hafa í huga að þessi viðmið (tafla 11) gætu breyst eftir því sem meira safnast af gögnum um blaðgrænu í stöðuvötnum.



Mynd 9. Meðalstyrkur blaðgrænu a í stöðuvötnum í vatnagerðum LL1, LL2, LL3 og LL4. Athugið ólikan kvarða á y-ás. Blár litur nær yfir flokkinn mjög gott ástand, grænn litur yfir gott ástand og gulur yfir ekki viðunandi ástand. Viðmiðunarvatnshlot sem skilgreind hafa verið í vöktunaráætlun eru táknuð með bleikum kassa þar sem gögn úr þeim eru til staðar.

Tafla 12. Almenn skilgreining vistfræðilegs ástands fyrir vatnaplöntur í stöðuvötnum (viðauki III í reglugerð nr. 535/2011, liður 1.2.2).

Mjög gott ástand	<p>Tegundasamsetningin er algjörlega eða nánast eins og vænta mætti við óraskaðar aðstæður. Engar greinanlegar breytingar hafa orðið á meðalþéttleika botngróðurs.</p>
Gott ástand	<p>Smávægilegar breytingar eru á tegundasamsetningu og þéttleika botngróðurs miðað við viðmiðunarlíffög í einstökum gerðum vatnshlots. Slíkar breytingar benda ekki til aukins vaxtar botngróðurs eða æðri plantna sem leiða til óaeskilegrar truflunar á jafnvægi lífvera í vatnslotinu eða á eðlisefnafræðilegum gæðum vatnsins.</p> <p>Líffög botngróðurs hafa ekki orðið fyrir skaðlegum áhrifum af bakteríubrúskum og -skánum sem eru til komin vegna starfsemi manna.</p>
Ekki viðunandi ástand	<p>Tegundasamsetning botngróðurs er nokkuð frábrugðin því sem gerist í líffögum í einstökum gerðum vatnshlota og sýnir umtalsvert meiri röskun en þær sem ástand er gott. Nokkrar breytingar á meðalþéttleika botngróðurs eru augljósar.</p> <p>Bakteríubrúskar og -skánir, sem eru til komin vegna starfsemi manna, kunna að hafa haft áhrif á líffög botngróðurs og á sumum stöðum komið í stað þeirra.</p>

3.2 Vatnaplöntur í stöðuvötnum

3.2.1 Inngangur

Almenn skilgreining á ástandsflokkum fyrir vatnaplöntur í stöðuvötnum er í reglugerð nr. 535/2011 (tafla 12). Mikilvægt er að setja mælanleg mörk milli ástandsflokkanna og er fyrsta tillaga að slíkri flokkun lögð fram í þessum kafla.

Hugtakið vatnagróður nær yfir fjölbreyttan lífveruhóp sem skipta má í two meginhópa, annars vegar smásæja þörunga (þ.e. m. kísilþörunga) og hins vegar vatnaplöntur (e. macrophytes). Hugtakið vatnaplöntur nær yfir stærri plöntur, svo sem æðplöntur, kransþörunga og mosa. Vatnagróður er almennt talinn mikilvægur líffræðilegur gæðabáttur þar sem hann er móttæki-legur fyrir breytingum á næringarefnum í vatni (Kristensen o.fl., 2018; Penning o.fl., 2008).

3.2.2 Vöktun og aðferðafræði

Söfnun vatnplantna skal gera samkvæmt alþjóðlega staðlinum ÍST EN 15460:2007; *Water quality – Guidance standard for the surveying of macrophytes in lakes*. Sýnatakan þarf að eiga sér stað frá miðju sumri til síðumars þegar plönturnar hafa náð góðum þroska og áður en þær fara að sölna. Kanna þarf gróður út frá bakka vatns og niður á það dýpi sem gróður nær. Mikilvægt er að athugunarstöðvar nái yfir öll búsvæði m.t.t. botngerðar, dýptarbreytinga, lögun vatnsskálar og annarra þátta þannig að sem raunsönnust mynd fáist af samsetningu vatnagróðurs í vatninu. Útbreiðsla hverrar vatnaplöntutegundar skal metin með hálfmagnbundinni (e. semi-quantitative) aðferð þar sem 1=sjaldgæf (<5 einstaklingar tegundar í öllu vatninu), 2=strjál 3=algeng, 4=svæðisbundið ríkjandi, 5=ríkjandi í vatninu. Gera skal tegundalista fyrir hvert stöðuvatn, ef vötn eru stór og mjög fjölbreytileg gæti þurft að gera tegundalista fyrir sambærilega hluta vatnsins í stað vatnsins í heild.

3.2.3 Ástandsviðmið

Fyrirliggjandi gögn um vatnaplöntur í óröskaðum stöðuvötnum voru notuð til að skilgreina ástandsviðmið fyrir vatnagerðir stöðuvatna á Íslandi. Yfirlit yfir skilgreindar vatnagerðir er að finna í viðauka I.

Við mat á vistfræðilegu ástandi stöðuvatna með tilliti til vatnaplantna var litið til þeirra aðferða sem notaðar eru í Noregi. Þar eru vatnaplöntur notaðar sem matsþáttur á næringarefnástandi í stöðuvötnum, en ofauðgun veldur minnkun á gegnsæi vatnsins og hefur áhrif á vaxtarskilyrði ljóstillífandi lífvera (Direktoratsgruppen Vanndirektivet, 2018). Notaður er næringarefnavísir (Tlc) sem matsþáttur fyrir vatnaplöntur og byggir hann á tegundasamsetningu vatnaplantna (Direktoratsgruppen Vanndirektivet, 2018). Nefnist hann Trofi-indeks á norsku (Tlc, Trophic Index count). Í Noregi eru skilgreindar 148 tegundir plantna sem sannarlega eru vatnaplöntur (botnlægur gróður, flækjugróður, flotgróður, lausfljótandi gróður og kranspörungar). Mosum, ásætþörungum og loftgróðri (plöntur sem vaxa upp úr vatninu) er sleppt við útreikninga á næringarefnavísinum (Tlc). Þessum tegundum vatnaplantna er síðan skipt upp í viðkvæmar, þolnar og hlutlausar tegundir vatnaplantna með tilliti til næringarefnáalags í norskum stöðuvötnum.

Skilgreining á viðmiðunaraðstæðum í íslenskum stöðuvötnum er byggð á plöntuskráningu úr Natura Ísland verkefni Náttúrufræðistofnunar Íslands. Í því verkefni var farið í 72 stöðuvötn til vettvangsathugana með megináherslu á gróðurathuganir og var vatnagróður skoðaður á sniðum (sjá nánari aðferðalýsingu í Marianne Jensdóttir Fjeld o.fl., 2016). Gögnum úr Hópinu í Ferju-bakkaflóa var sleppt vegna þess að það var flokkað sem stöðuvatn í Natura Ísland verkefninu en sem straumvatn í vatnagátt stjórnar vatnamála. Hluti stöðuvatnanna ná ekki stærðarviðmiðinu $0,5 \text{ km}^2$ til að vera flokkuð til vatnagerða skv. gerðargreiningu (Eydís S. Eiríksdóttir o.fl., 2019a). Þau voru því gerðargreind sérstaklega fyrir þessa úrvinnslu til að stækka það gagnasafn sem nota mætti við tölfræðiútreikninga fyrir ástandsflókkun.

Almennt má segja að styrkur fosfórs í þeim vötnum sem skoðuð voru í Natura Ísland verkefninu hafi verið lágur þegar sýnatökur fóru fram (tafla 13). Styrkur fosfórs í vötnunum samræmist lýsingu á viðmiðunaraðstæðum vatnagerða (Eydís Salome Eiríksdóttir o.fl., 2020) og því má gera ráð fyrir því að vötnin séu í náttúrulegu vistfræðilegu ástandi með tilliti til næringarefna.

Tafla 13. Samantekt á gögnum úr Natura Ísland verkefninu um styrk fosfórs (Total P, mg/l) í stöðuvötnum.

Total P (mg/l) í stöðuvötnum í Natura Ísland								Hlutfallsmark	
Vatnagerð	Fjöldi	Meðalstyrkur	Staðalfrávik	Miðgildi	Lággildi	Hágildi	Spönn	25%	75%
LH1	3	0,016		0,015	0,008	0,024	0,016		
LH2	2	0,003		0,003	0,002	0,004	0,002		
LL1	28	0,013	0,02	0,008	0,002	0,085	0,083	0,007	0,015
LL2	10	0,042	0,05	0,020	0,006	0,179	0,173	0,010	0,052
LL3	19	0,005	0,01	0,002	0,002	0,027	0,025	0,002	0,003
LL4	7	0,017	0,02	0,006	0,002	0,053	0,051	0,002	0,028

Íslensk vötn búa ekki yfir sama fjölda tegunda vatnplantna eins og vötn á hinum Norðurlöndunum. Til dæmis finnast ekki rótarlausar/lausfljótandi tegundir hérlendis að undanskilinni einni tegund, blöðrujurt (*Utricularia minor*). Einnig eru nykrur (*Potamogeton* tegundir) færri en í nágrannalöndum okkar (Hörður Kristinsson o.fl., 2018). Í verkefninu Natura Ísland fundust 32 tegundir eiginlegra vatnplantna og einungis ein þeirra, kransþörungategundin *Tolypella glomerata*, er ekki notuð við útreikninga á næringarefnavísinum (Tlc) í Noregi. Lista yfir flokkun vatnplantna úr Natura Ísland verkefninu í viðkvæmar, þolnar og hlutlausar tegundir m.t.t. næringarefnaálags má sjá í viðauka II. Mikilvægt er að hafa í huga að ekki hefur farið fram rannsókn hérlendis á því hvernig þessar tegundir vatnplantna bregðast við næringarefnaálagi heldur er eingöngu byggt á norska tegundalistanum og því er mögulegt að einhverjar tegundir bregðist ólíkt við auknum styrk næringarefna hér á landi.

Næringarefnavísirinn (Tlc) er reiknaður á eftirfarandi hátt:

$$Tlc = \frac{N_s - N_t}{N} \times 100 \quad Jafna 6$$

þar sem N_s er heildarfjöldi viðkvæmra tegunda sem finnst í stöðuvatni, N_t er heildarfjöldi þolinna tegunda og N er heildarfjöldi tegunda, þ.m.t. hlutlausra tegunda.

Til grundvallar notkunar á næringarefnavísinum (Tlc) var skoðað hvort munur væri á meðalfjölda tegunda í stöðuvötnum stærri og minni en $0,5 \text{ km}^2$. Ekki var marktækur munur á meðalfjölda í vatnagerð LL1 (Welch Two Sample t-test, $df=21,792$, $p\text{-gildi}=0,4476$) og vatnagerð LL2 (Welch Two Sample t-test, $df=5,3364$, $p\text{-gildi}=0,1453$). Marktækur munur var á meðalfjölda tegunda eftir stærð stöðuvatna í vatnagerð LL3 (Welch Two Sample t-test, $df=11,391$, $p\text{-gildi}=0,001324$) og var þá að öllu jöfnu lægri meðalfjöldi tegunda í minni stöðuvötnum. Í vatnagerð LL4 var einungis eitt vatn undir $0,5 \text{ km}^2$ og því ekki hægt að skoða tölfraðilega marktækni. Vötnum minni en $0,5 \text{ km}^2$ var því sleppt í útreikningum fyrir vatnagerðir LL3 og LL4. Vötn yfir 600 metra hæð yfir sjó (vatnagerðir LH1 og LH2) voru einungis sex í Natura Ísland verkefninu sem gefur ekki sterkan bakgrunn til tölfraðiútreikninga. Í Noregi er næringarefnavísirinn (Tlc) ekki notaður fyrir hálendisvötn (vötn yfir skóglínu eða >800 metrum yfir sjávarhæð í S-Noregi) og hér er því ekki reiknað viðmið fyrir næringarefnavísinn fyrir hálendisvötn. Tölfraðilegar upplýsingar fyrir næringarefnavísinn í stöðuvötnum á láglendi má sjá í töflu 14.

Tafla 14. Tölfraðilegar upplýsingar fyrir næringarefnavísinn (Tlc) fyrir stöðuvatnagerðir á láglendi, byggt á tegundaskráningum úr Natura Ísland verkefninu.

Næringarefnavísir (Tlc)								Hlutfallsmark	
Vatnagerð	Fjöldi stöðuvatna	Meðaltal	Staðalfrávik	Miðgildi	Lággildi	Hágildi	Spönn	25%	75%
LL1	28	69,8	16,8	66,7	40	100	60	60	80
LL2	11	79,3	20,1	83,3	40	100	60	67	100
LL3	14	68,7	17,8	68,3	40	100	60	58	81
LL4	6	69,3	12,6	67,0	57	88	30	58	78

Viðmiðunargildi og mörk á milli ástandsflokka

Viðmiðunargildi næringarefnavísisisins (TIC) er reiknað út frá fyrirliggjandi gögnum um vatnaplöntur í óröskuðum stöðuvötnum á Íslandi. Viðmiðunargildið er hæsta gildið sem fæst við útreikninga á næringarefnavísinum í hverri vatnagerð. Í vatnagerðum LL1, LL2 og LL3 er viðmiðunargildið 100, en í LL4 er það 88 (töflur 14 og 15). Í kjölfar skilgreiningar á viðmiðunargildi næringarefnavísisisins (TIC) voru mörk ákvörðuð á milli ástandsflokkanna *mjög góðs* og *góðs ástands* og byggir sú ákvörðun á dreifingu gilda næringarefnavísisisins í óröskuðum stöðuvötnum. Mörkin á milli *mjög góðs* og *góðs ástands* byggja á 5% hundraðshlutamarki gagnanna. Flokkurinn *mjög gott ástand* nær því frá 5% hundraðshlutamarki að hæsta gildi næringarefnavísisisins. Sú nálgun var nauðsynleg þar sem dreifing gagnanna er mjög mikil, þrátt fyrir að þau endurspeglar vatnshlot í náttúrulegu ástandi. Fyrir vikið nær flokkurinn *mjög gott ástand* yfir hlutfallslega stærri hluta EQR kvarðans en hann gerir í Noregi. Helgast það fyrst og fremst af tegundafæð vatnplantna í íslenskum stöðuvötnum miðað við það sem þekkist í nágrannalöndum okkar.

Gögn úr stöðuvötnum sem eru undir á lagi af mannavöldum eru mjög fátækleg og því þurfti að nota aðra nálgun við ákvörðun á mörkum á milli *góðs ástands* og *ekki viðunandi*. Þau mörk voru byggð á sama hlutfalli og næringarefnavísirinn (TIC) hefur í vatnagerðum L104 og L105a-b, L204, L205 í Noregi. Þau vötn hafa farið í gegnum millikvörðun N-GIG hópsins og flokkast sem L-N-M101 (Direktoratsgruppen Vanndirektivet, 2018; Commission Decision (EU) 2018/299/EC). Nálgunin sem hér er farin við ákvörðun marka *góðs ástands* og *ekki viðunandi* er ekki studd af gögnum þar sem þau liggja ekki fyrir.

Viðmiðunargildið þarf að vera til staðar til að hægt sé að reikna út vistfræðilegt gæðahlutfall (EQR) fyrir næringarefnavísinn (TIC) (tafla 15). Þar sem stuðullinn getur verið á bilinu 100 til -100 þá er tölunni 100 bætt við svo EQR fari ekki undir núll (jafna 7).


$$Vistfræðilegt\ gæðahlutfall\ TIC\ (EQR) = \frac{Mælt\ gildi+100}{Viðmiðunargildi+100} \quad Jafna\ 7$$

Til útreikninga á vistfræðilegu gæðahlutfalli samkvæmt jöfnu 7 er notað viðmiðunargildi viðkomandi stöðuvatnsgerðar úr töflu 15 og mælt gildi úr viðkomandi vatnshloti. Ástandsflokkurinn *mjög gott ástand* nær yfir 95% af dreifingu EQR gilda, þ.e. á bilinu 5–100% hundraðshlutamark. Mörkin á milli ástandsflokkanna *gott ástand* og *ekki viðunandi* er fundið út frá viðmiðunargildi og vistfræðilegu gæðahlutfalli (EQR) sem skilgreint hefur verið fyrir vatnagerðirnar L104 og L105a-b, L204, L205 í Noregi og hefur farið í gegnum millikvörðun N-GIG hópsins og flokkast sem L-N-M101.

Tafla 15. Viðmiðunargildi, mörk ástandsflotka og vistfræðilegt gæðahlutfall (EQR) fyrir vatnoplöntur í stöðuvötnum á Íslandi. Gefin eru upp tölugildi fyrir næringarefnavísinn (Tlc).

Stöðuvötn							
	Næringarefnavísir (Tlc)				EQR		
Vatnagerð	Viðmiðunar-gildi	Mjög gott	Gott	Ekki viðunandi*	Mjög gott	Gott	Ekki viðunandi*
LL1	100	100–50	50–30	<30	1–0,75	<0,75–0,64	<0,64
LL2	100	100–52	52–31	<31	1–0,76	<0,76–0,65	<0,65
LL3	100	100–42	42–22	<22	1–0,71	<0,71–0,60	<0,60
LL4	88	88–57	57–37	<37	1–0,84	<0,84–0,73	<0,73

Ekki viðunandi*: Mörk á milli flokkanna ekki viðunandi ástand og lélegt ástand eru ekki metin hér.



Mynd 10. Dreifing gilda næringarefnavísisisins (Tlc), sem er matsþáttur á vatnaplöntum í stöðuvötnum, í vatnagerðum þar sem gögn liggja fyrir. Blár litur nær yfir flokkinn mjög gott ástand, grænn litur yfir gott ástand og gulur yfir ekki viðunandi ástand. Viðmiðunarvatnshlot sem skilgreind hafa verið í vöktunaráætlun eru táknuð með bleikum kassa þar sem gögn úr þeim eru til staðar.

Hægt er að bera saman íslenskar vatnagerðir við norsku vatnagerðirnar L104, L105a-b, L204 og L205 sem eru kalksnauð og tær stöðuvötn neðan við mörk trjágróðurs. Gildi næringarefnavísisisins (Tlc) sem eru frá 75 til 79 í vötnum í þessum millikvörðunargerðum endurspeglar mjög gott ástand og gildi frá 55 til 75 endurspeglar gott ástand. Sé vistfræðilegt gæðahlutfall (EQR) í þessum millikvörðunargerðum $> 0,98$ er vatnið í mjög góðu ástandi en sé það á milli 0,98 og 0,87 er það í góðu ástandi. Þar sem næringarefnavísirinn (Tlc) hefur verið millikvarðaður fyrir N-GIG hópinn er búið að kvarða vísinn miðað við niðurstöður fyrir sambærilegar vatnagerðir í Finnlandi, Írlandi, Svíþjóð og Bretlandi. Tegundir vatnaplantna á Íslandi eru mun færri en í Noregi og mikið af þeim tegundum sem notaðar eru til að reikna næringarefnavísinn (Tlc) finnast ekki hér á landi. Það gerir það að verkum að útreiknaður næringarefnavísir fyrir vötn á Íslandi getur verið kvíkari en í Noregi. Þar af leiðandi reyndist nauðsynlegt að láta stærri hluta EQR kvarðans endurspeglar *mjög gott ástand* á Íslandi miðað við það sem gert er í Noregi.

Á mynd 10 sést dreifing gilda næringarefnavísisisins (Tlc) í óróskuðum stöðuvötnum á láglendi og ástandsmörk milli flokka. Nokkur vatnshlot sem könnuð voru með tilliti til vatnagróðurs í Natura Ísland eru einnig á vöktunaráætlun sem viðmiðunarvatnshlot og eru þau merkt með bleikum kassa á mynd 10. Fyrir vatnagerð LL1 er Vatnshlíðarvatn viðmiðunarvatnshlot í vöktunaráætlun, fyrir LL2 er það Eystra Gíslholtsvatn og fyrir LL3 er Haukadalsvatn. Ekkert vatn úr Natura Ísland verkefninu er á vöktunaráætlun sem viðmiðunarvatnshlot fyrir vatnagerð LL4. Viðmiðunarvatnshlotið Haukadalsvatn (LL3) fellur í ástandsflókkinn *gott ástand* þrátt fyrir að vera talið óraskað. Ekki er talin ástæða til að breyta mörkum ástandsflókka vegna þessa eða skipta út viðmiðunarvatnshloti í ljósi þess að um eina staka sýnatöku er að ræða í þessu tilviki en ekki meðaltal yfir lengri tíma.

Ljóst er að grundvöllur fyrir mörkum ástandsflókka byggir í sumum vatnagerðum á gögnum úr mjög fáum stöðuvötnum. Þetta gefur þó grunnviðnið sem síðan er hægt að bæta og gera nákvæmara eftir því sem gagnaöflun vindur fram og gagnasafnið stækkar. Sérstaklega þarf að huga að því að endurskoða mörk milli góðs ástands og ekki viðunandi þar sem gögnin sem ástandsflókkarnir byggja nú á eru eingöngu úr vötnum þar sem ætla má að náttúrulegt ástand sé til staðar og mörkin á milli flokkanna *gott ástand* og *ekki viðunandi* eru byggð á næringarefnavísí (Tlc) Norðmanna.

3.3 Hryggleysingjar í stöðuvötnum

3.3.1 Inngangur

Tegundasamsetning og fjölbreytileiki hryggleysingja eru meðal þeirra gæðapáttar sem hafa verið notaðir víða um heim til að flokka og meta ástand stöðuvatna, m.a. til að meta álag og næringarefnaástand í ferskvatnsvistkerfum. Almenn skilgreining á ástandsflókkun stöðuvatna út frá hryggleysingjum í stöðuvötnum er sett fram í reglugerð nr. 535/2011 (tafla 16).

Botnlægir hryggleysingjar í stöðuvötnum eru útbreiddur og fjölbreyttur hópur lífvera. Þeir eru nokkuð staðbundnir og endurspeglar því staðbundið ástand. Í mörgum Evrópulöndum eru botnlægir hryggleysingjar notaðir sem mælikvarði við mat á vistfræðilegu ástandi vatns, t.d. tegundaauðgi og hlutfall lífveruhópa samfélagsins sem eru þolnir eða viðkvæmir fyrir mengun eða raski. Erlendis eru vel þekktir ýmsir matsstuðlar sem notaðir eru við ástandsflókkun út frá hryggleysingjum. Enn sem komið er hafa slíkir stuðlar ekki verið notaðir við flokkun á ástandi vatns hér á landi. Sumir þessara stuðla henta illa hérlandis þar eð flokkunin er miðuð við stórvaxin skordýr (sk. EPT hópa), en fáar tegundir þeirra hafa fundist hér á landi (Elísabet R. Hannesdóttir & Jón S. Ólafsson, 2014). Ríkjandi botnhryggleysingjar í stöðuvötnum hérlandis,

t.d. á fjörusvæðum stöðuvatna, eru rykmý, en það er áþekkt því sem þekkist í vötnum á norðlægum breiddargráðum (Lento o.fl., 2019).

Tafla 16. Almenn skilgreining vistfræðilegs ástands fyrir hryggleysingja í stöðuvötnum (viðauki III í reglugerð nr. 535/2011, liður 1.2.2).

Mjög gott ástand	Tegundasamsetning og þéttleiki er algjörlega eða nánast eins og vænta mætti við óraskaðar aðstæður. Engin merki breytinga er að sjá á hlutfalli hryggleysingja, sem eru viðkvæmir fyrir truflun, og hryggleysingja, sem eru það ekki, miðað við það sem vænta mætti við óraskaðar aðstæður. Fjölbreytileiki hryggleysingja sýnir engin merki breytinga frá því sem vænta mætti við óraskaðar aðstæður.
Gott ástand	Smávægilegar breytingar eru á tegundasamsetningu og þéttleika hryggleysingja miðað við líffélög í einstökum gerðum vatnshlots. Smávægilegar breytingar eru á hlutfalli hryggleysingja, sem eru viðkvæmir fyrir truflun, og hryggleysingja, sem eru það ekki, miðað við viðmiðunarástand í einstakri gerð vatnshlots. Smávægilegar breytingar eru á fjölbreytileika hryggleysingja miðað við viðmiðunaraðstæður fyrir einstök vatnshlot.
Ekki viðunandi ástand	Tegundasamsetning og þéttleiki hryggleysingja eru nokkuð frábrugðin því sem gerist við viðmiðunaraðstæður einstakra gerða vatnshlotu. Mikilvæga tegundahópa líffélagsins vantar í viðkomandi gerð vatnshlotu. Fjölbreytileiki og hlutfall hryggleysingja, sem eru viðkvæmir fyrir truflun, og hryggleysingja, sem eru það ekki, er umtalsvert miklu minni en viðmiðunargildin í einstakri gerð vatnshlotu segja til um og mun minni en þar sem ástand er gott.

3.3.2 Vöktun og aðferðafræði

Söfnun hryggleysingja í fjörubelti stöðuvatna (e. littoral zone) skal framkvæma með hliðsjón af alþjóðlega staðlinum ÍST EN 10870:2012; *Water quality – Guidelines for the selection of sampling methods and devices for benthic macroinvertebrates in fresh waters*. Sýntökur skulu fara fram á tímabilinu frá miðjum ágúst fram í miðjan september og helst að vera lokið fyrir septemberlok. Miða skal við að sýni séu tekin á stöðvum þar sem samskonar sýni hafa verið tekin áður þannig að samanburður fáist við fyrri rannsóknir. Sýnatökustaðir skulu valdir þar sem fjörubeltið er grýtt eða með malarbotni, en forðast skal að taka sýni á sendnum botni, leðjubotni, í stórgrýti eða á klöppum. Sýni skulu tekin á 15–20 m breiðu belti af strandlengjunni á 40–60 cm dýpi á stöðum sem ákvarðaðir hafa verið fyrir fram með tilviljanatölum. Sýnin skal taka með Surber sýnataka með 25 x 25 cm ramma og netpoka með 0,25 mm möskvastærð og með skaftháfi, þ.e. sparksýni, með áfostum poka með 0,25 mm möskvastærð. Miða skal við að tekin séu 10 sýni með Surber sýnataka á hverri sýnatökustöð og 3 sparksýni. Sýnin með Surber sýnatakanum skulu tekin líkt og lýst hefur verið fyrir straumvötn í kafla 2.2.2. Öll sýni skulu varðveitt í 70% etanóllausn þar til að úrvinnslu kemur.

3.3.3 Ástandsviðmið

Notuð voru gögn um botnlæga hryggleysingja á strandsvæðum stöðuvatna sem safnað hefur verið í ýmsum verkefnum (sjá t.d. Hilmar J. Malmquist o.fl., 2003; Finnur Ingimarsson o.fl.,

skýrsla í vinnslu). Gögnin voru flokkuð eftir vatnagerðum sem skilgreindar hafa verið undir stjórn vatnamála (viðauki I). Notuð voru gögn um hryggleysingja í náttúrulegum, óröskuðum stöðuvötnum sem geta flokkast sem vötn í mjög góðu ástandi. Gögnin voru fengin úr verkefninu Yfirlitskönnun á lífríki íslenskra vatna: Samræmdur gagnagrunnur (Hilmar J. Malmquist o.fl., 2003). Flest vötnin sem eru í gagnasafninu ná lágmarksstærð til að vera skilgreind sem vatnshlot. Nokkur smærri vötn þurfti að flokka handvirkta vatnagerðir út frá hæð yfir sjávarmáli, berggrunni og dýpi.

Nokkur munur var á fjölda vatna í hverri vatnagerð þar sem aðgengileg gögn voru til staðar eða þar sem nógu ítarlegar greiningar á tegundum/hópum hryggleysingja höfðu farið fram. Einnig þurfti að miða allar tölulegar greiningar við sýni sem höfðu verið greind á sambærilegan hátt og jafn ítarlega, og þar með samanburðarhaef. Þetta undirstrikar mikilvægi þess að greiningar hryggleysingja séu unnar eftir fyrirfram ákveðnum verkferlum og að þeir séu greindir eins ítarlega og auðið er þannig að niðurstöðurnar nýtist við ástandsflokkun vatna.

Fjórir mismunandi matsþættir voru notaðar til að meta vistfræðilegt ástand stöðuvatna út frá hryggleysingjum (tafla 17). Þrír þeirra meta fjölbreytileika, þ.e. tegundaauðgi (e. taxa richness), Shannon fjölbreytileiki (e. diversity) og Shannon jafndreifni (e. evenness). Auk þess var stuðst við LAMI stuðulinn (e. Lake Acidification Macroinvertebrate Index) sem meðal annars er notaður í Noregi og þróaður var af hópi sérfræðinga í Norður-Evrópu fyrir Vatnatilskipun Evrópusambandsins. Sá matsþáttur hefur gengið í gegnum millkvörðun fyrir stöðuvötn í N-GIG millkvörðunarhópnum. Þessu til viðbótar var reiknaður út stuðull vísihópa fyrir botnlæga hryggleysingja (e. indicator taxa) og þannig gerð tilraun til að finna út hvaða tegundir eða hópar hryggleysingja einkenna hverja vatnagerð (tafla 17). Ákveðið var að nota ekki þéttleika hryggleysingja í stöðuvötnum við ástandsflokkun þar sem mjög mikill breytileiki getur verið á þéttleika eftir tímasetningu sýnasöfnunar. Fjöldi einstaklinga af hverri tegund var hins vegar notaður við útreikninga á fjölbreytileikastuðlum.

Shannon tegundaauðgi (N_0) er einfaldlega fjöldi tegunda hryggleysingja sem finnst á sýnatökustað. Shannon fjölbreytileiki (N_1) er reiknaður á eftirfarandi hátt samkvæmt jöfnu 8 þar sem p_i táknar hlutfall af heildarsýni sem tilheyrir tegund i.

$$N_1 = \exp(-\sum p_i \log p_i) \quad \text{Jafna 8}$$

Shannon jafndreifni (E) er byggð á Shannon fjölbreytileika (N_1) og tegundaauðgi (N_0) (Borcard o.fl., 2018) og er skilgreind samkvæmt jöfnu 9.

$$E = \frac{N_1}{N_0} \quad \text{Jafna 9}$$

Shannon fjölbreytileiki og Shannon jafndreifni var reiknað með *vegan* forrita-pakkanum í R (Oksanen o.fl., 2017).

Súrnun vatna er algengt og víðtækt vandamál í stöðuvötnum, m.a. í Skandinavíu, en hefur ekki verið þekkt vandamál hérlandis þar sem efnahvörf vatns við basískan berggrunn á Íslandi hlutleysir sýru mjög hratt. Þrátt fyrir það var ákveðið að skoða hryggleysingja í íslenskum stöðuvötnum m.t.t. norska stuðulsins LAMI, sem hér er nefndur sýruþolsstuðull fyrir hryggleysingja (jafna 10).

$$LAMI = \frac{\sum_{k=s_k}^n}{n} \quad \text{Jafna 10}$$

Þar sem s_k táknar þolgildi hverrar tegundar (k) og n táknar fjölda tegunda.

Stuðullinn byggir á rannsóknum sem náðu til 185 tegunda eða hópa hryggleysingja í Noregi. Gefin voru gildi fyrir hverja tegund eftir því hve vel tegundin þolir súrnun umhverfisins (sjá töflu V4.3.1 viðauka í Direktoratsguppen vanndirektivet, 2018). Gildi tegunda sem finnast í hverju vatnshloti eru lögð saman og út frá því fær hvert vatnshlot LAMI einkunn. Í viðauka V má sjá þolgildi íslenskra tegunda sem útreikningar á LAMI stuðli fyrir íslensk vötn byggir á. Þær tegundir sem tilgreindar eru í skýrslu Norðmanna um vistfræðilega flokkun vatna (Direktoratsguppen vanndirektivet, 2018, viðauki við skýrslu) eru aðallega tegundir vorflugna, dægurflugna og steinflugna. Flestar þeirra tegunda finnast ekki hér á landi. Á listanum eru hins vegar engar tegundir rykmýs, en hér á landi hafa fundist yfir 80 tegundir. Rykmý er víða notað til ástandsflokkunar vatna og lagt hefur verið til að svo verði gert hérlandis. Tilraun var gerð til að finna út LAMI stuðul fyrir íslensk vötn, en einungis 11 tegundir hryggleysingja finnast hérlandis af þeim 185 sem tilgreindar eru í norsku skýrslunni. Niðurstöðurnar sýna að LAMI stuðullinn er mun hærri hér á landi en í Noregi sem endurspeglar líklega að súrnun vatna er ekki útbreitt vandamál á Íslandi miðað við í Noregi. Verði haldið áfram að nota LAMI stuðulinn fyrir vötn hér á landi er lagt til að hann verði aðlagaður þeim tegundum hryggleysingja sem finna má hérlandis og að rykmý verði tekið með í þá flokkun. Til eru upplýsingar um viðbrögð tegunda rykmýs við mismunandi pH gildi í vötnum sem hægt væri að nota við þróun stuðulsins (t.d. Vallenduuk & Moller Pillot, 2007; Moller Pillot, 2009, 2013).

Greining á vísihópum hryggleysingja var unnin með því að nota *multipatt* og *signassoc* í R forritapakkanum *indicspecies* (De Cáceres & Legendre, 2009). Útreiknuð gildi samanstanda af tveimur þáttum, þ.e. *specificity* (A þáttur) og *fidelity* (B þáttur). *Specificity*, sem kalla mætti sérhæfni tegundar, gefur til kynna hvort tegundin sé það sérhæfð að hana megi nota sem vísitegund, og er gildið hæst þegar tegund er til staðar í ákveðinni búsvæðagerð en ekki annars staðar. *Fidelity* gefur til kynna næmni tegundar sem vísitegund og er hæst þegar tegund er til staðar á öllum stöðvum í tiltekinni búsvæðagerð (De Cáceres & Legendre, 2009).

Vísihópar hryggleysingja (tafla 17) gefa mikilvægar upplýsingar um samfélagsgerðir hryggleysingja í vatnshloti, en gefa ekki til kynna hvort ástand straumvatna sé gott eða slæmt. Greining á vísihópum fyrir íslensk stöðuvötn leiddi í ljós að rykmý reyndist oftast vera vísihópur fyrir stöðuvatnshlot. Möguleiki er að tilgreina einstakar vísitegundir fyrir rykmý sem benda til súrnunar vatna, næringarefnauðgunar eða breytinga á vatnsformfræðilegum þáttum (viðauki IV).

Ástandsviðmið og mörk á milli ástandsflokkja

Viðmiðunargildi og mörk á milli flokkanna *mjög gott ástand* og *gott ástand* og flokkanna *gott ástand* og *ekki viðunandi* voru reiknuð á eftirfarandi máta:

1. Reiknað var meðaltal matsþátta (tegundaauðgi, Shannon fjölbreytileiki, Shannon jafndreifni og LAMI) úr öllum sýnum í hverju stöðuvatnshloti. Miðgildi þeirra gagna var skilgreint sem viðmiðunargildi hvers matsþáttar fyrir hverja vatnagerð.
2. Mörk á milli flokkanna *mjög gott* og *gott ástand* miðast við 5% hundraðshlutamark gagna fyrir hvern matsþátt nema fyrir stöðuvatnagerðina LL2 þar sem notast var við 10% dreifingarmark gagna og byggðist það á sérfræðimati. Það þýðir að 90 til 95% gagnanna eru ofan við mörkin *mjög gott* og *gott ástand*.
3. Fyrir Shannon fjölbreytileika, jafndreifni og tegundaauðgi: Mörkin á milli flokkanna *gott ástand* og *ekki viðunandi* voru sett út frá viðmiðunargildinu margfaldað með fastanum 0,33 sem er það vistfræðilega gæðahlutfall sem talið var ásættanlegt að nota á milli þessara ástandsflokkja samkvæmt sérfræðimati. Það er gert í ljósi

- þess að lítið er til af upplýsingum um hryggleysingja í stöðuvötnum hérlendis sem eru undir álagi af mannavöldum.
4. Fyrir LAMI stuðulinn: Mörk á milli ástandsflotka voru þau sömu og notuð hafa verið í Noregi (tafla 4.10a í Direktoratsgruppen vanndirektivet, 2018).

Tafla 17. Yfirlit yfir tölulegar greiningar til flokkunar á hryggleysingum í stöðuvötnum. Framkvæmdar greiningar og vísihópar eru merktir með x, NA merkir að gögn hafi ekki verið til staðar. Gefnar eru upplýsingar um heildarfjölda stöðuvatna sem greiningar náðu til. Í svigum aftan við fjöldatölur er sýndur sá fjöldi vatna þar sem hryggleysingar hafa verið greindir til tegunda og nýttust til útreikninga á fjölbreytileikastuðlum, LAMI stuðli og vísihópum. Sjá lýsingu á vatnagerðum í viðauka I.

Vatnagerð	Fjöldi stöðuvatna	LAMI	Fjölbreytileikastuðlar				Vísihópar – til staðar										
			Tegundaauðgi	Shannon fjölbreytileiki	Shannon jafndreifni	Rheocricotopus sp.	Arctopelopia, Macropelopia & Ablabesmyia spp.	Procladius islandicus	Paracladopelma sp.	Orthocladius frigidus	Thienemanniella sp.	Pseudodiamesa niveosa, Diamesa bohemani/zernyi & Oliveridia tricornis	Lepidurus arcticus	Diaptomus spp.	Hydracarina	Hirudinea	
LL1	13 (6)	x	x	x	x	x											
LL2	14 (5)	x	x	x	x	x	x	x	x						x	x	
LL3	20 (14)	x	x	x	x												
LL4	16 (6)	x	x	x	x					x	x				x		
LH1	6 (4)	x	x	x	x										x		
LH2	2 (1)	NA	NA	NA	NA							x	x				
LG	2 (0)	NA	NA	NA	NA	x											

Vistfræðilegt gæðahlutfall er reiknað út frá niðurstöðum matsþátta í vöktuðu vatnshloti og viðmiðunargildi viðkomandi matsþáttar (jafna 11).

$$Vistfræðilegt\ gæðahlutfall\ (EQR) = \frac{Gildi\ matsþáttar\ í\ vöktuðu\ vatnshloti}{Viðmiðunargildi\ matsþáttar}$$

Jafna 11

Meðalgildi matsþátta í hverju stöðuvatni þar sem gögn lágu fyrir eru sett fram á myndum 11–14 ásamt mörkum á milli ástandsflokka. Viðmiðunargildi og mörk fyrir ástandsflokka eru sýnd í töflum 18 a–d.

Gögn eru til úr nokkrum vatnshlotum sem skilgreind hafa verið sem viðmiðunarvatnshlot. Það eru Gilsárvatn (LH1), Vatnshlíðarvatn (LL1), Svartárvatn (LL2) og Ytra Deildarvatn (LL2). Þau flokkast öll í *mjög góðu ástandi* með tilliti til matsþátta hryggleysingja nema Ytra Deildarvatn sem staðsett er á Melrakkasléttu. Það er á mörkum þess að vera í *góðu* og *ekki viðunandi ástandi*. Ekkert bendir til þess að vatnið sé undir álagi af mannavöldum og líklega er það tegundasnautt frá náttúrunnar hendi. Ein hugsanleg skýring á því er að vatnsborð vatnsins sé breytilegt yfir árið en það rýrir búsvæði hryggleysingja í fjörubelti.

Tafla 18 a–d. Viðmiðunargildi, mörk ástandsflokka og vistfræðilegt gæðahlutfall (EQR) fyrir hryggleysingja í stöðuvötnum. Gefin eru upp tölugildi fyrir tegundaauðgi, Shannon fjölbreytileika, Shannon jafndreifni og LAMI stuðulinn.

a. Tegundaauðgi

Stöðuvötn							
Vatnagerð	Viðmiðunargildi	Tegundaauðgi hryggleysingja			EQR tegundaauðgi		
		Mjög gott	Gott	Ekki viðunandi*	Mjög gott	Gott	Ekki viðunandi*
LL1	5,2	>4,1	4,1–1,7	<1,7	1–0,79	<0,79–0,33	<0,33
LL2	12,9	>6,1	6,1–4,3	<4,3	1–0,47	<0,47–0,33	<0,33
LL3	9,0	>4,5	4,5–3,0	<3,0	1–0,50	<0,50–0,33	<0,33
LL4	9,3	>5,1	5,1–3,1	<3,1	1–0,55	<0,55–0,33	<0,33
LH1	10,6	>9,5	9,5–3,5	<3,5	1–0,90	<0,90–0,33	<0,33

EKKI VIÐUNANDI*: Mörk á milli flokkanna ekki viðunandi ástand og lélegt ástand eru ekki metin hér.

b. Shannon fjölbreytileiki

Stöðuvötn							
Vatnagerð	Viðmiðunargildi	Shannon fjölbreytileiki hryggleysingja			EQR fjölbreytileiki		
		Mjög gott	Gott	Ekki viðunandi*	Mjög gott	Gott	Ekki viðunandi*
LL1	2,8	>2,0	2,0–0,91	<0,91	1–0,72	<0,72–0,33	<0,33
LL2	5,5	>2,7	2,7–1,7	<1,7	1–0,50	<0,50–0,31	<0,31
LL3	4,2	>2,4	2,4–1,4	<1,4	1–0,59	<0,59–0,33	<0,33
LL4	5,4	>3,5	3,5–1,8	<1,8	1–0,65	<0,65–0,33	<0,33
LH1	5,3	>3,1	3,1–1,7	<1,7	1–0,59	<0,59–0,33	<0,33

EKKI VIÐUNANDI*: Mörk á milli flokkanna ekki viðunandi ástand og lélegt ástand eru ekki metin hér.

c. Shannon jafndreifni


Stöðuvötn							
	Shannon jafndreifni hryggleysingja				EQR jafndreifni		
Vatnagerð	Viðmiðunar-gildi	Mjög gott	Gott	Ekki viðunandi*	Mjög gott	Gott	Ekki viðunandi*
LL1	0,64	1–0,47	0,47–0,21	<0,21	1–0,74	<0,74–0,33	<0,33
LL2	0,44	1–0,38	0,38–0,15	<0,15	1–0,87	<0,87–0,33	<0,33
LL3	0,54	1–0,44	0,44–0,18	<0,18	1–0,81	<0,81–0,33	<0,33
LL4	0,58	1–0,52	0,52–0,19	<0,19	1–0,90	<0,90–0,33	<0,33
LH1	0,50	1–0,33	0,33–0,17	<0,17	1–0,66	<0,66–0,33	<0,33

Ekki viðunandi*: Mörk á milli flokkanna ekki viðunandi ástand og lélegt ástand eru ekki metin hér.


d. LAMI stuðull

Stöðuvötn							
	LAMI stuðull				EQR LAMI		
Vatnagerð	Viðmiðunar-gildi	Mjög gott	Gott	Ekki viðunandi*	Mjög gott	Gott	Ekki viðunandi*
LL1	5,4	>3,83	3,83–3,3	<3,3	1–0,71	<0,71–0,61	<0,61
LL2	5,6	>3,83	3,83–3,3	<3,3	1–0,68	<0,68–0,59	<0,59
LL3	5,3	>3,83	3,83–3,3	<3,3	1–0,73	<0,73–0,63	<0,63
LL4	6,0	>3,83	3,83–3,3	<3,3	1–0,63	<0,63–0,55	<0,55
LH1	6,1	>3,83	3,83–3,3	<3,3	1–0,63	<0,63–0,54	<0,54


Ekki viðunandi*: Mörk á milli flokkanna ekki viðunandi ástand og lélegt ástand eru ekki metin hér.




Mynd 11. Tegundaauðgi hryggleysingja í stöðuvötnum þar sem gögn voru fyrirliggjandi. Blár litur nær yfir flokkinn mjög gott ástand, grænn litur yfir gott ástand og gulur yfir ekki viðunandi ástand. Viðmiðunarvatnshlot sem skilgreind hafa verið í vöktunaráætlun eru táknuð með bleikum kassa þar sem gögn úr þeim eru til staðar.



Mynd 12. Shannon jölföldbreyleiki hryggleysingja í stöðuvötnum þar sem gögn voru fyrir- liggjandi. Blár litur nær yfir flokkinn mjög gott ástand, grænn litur yfir gott ástand og gulur yfir ekki viðunandi ástand. Viðmiðunarvatnshlot sem skilgreind hafa verið í vöktunaráætlun eru táknuð með bleikum kassa þar sem gögn úr þeim eru til staðar.



Mynd 13. Shannon jafndreifni hryggleysingja í stöðuvötnum þar sem gögn voru fyrirliggjandi. Blár litur nær yfir flokkinn mjög gott ástand, grænn litur yfir gott ástand og gulur yfir ekki viðunandi ástand. Viðmiðunarvatnshlot sem skilgreind hafa verið í vöktunaráætlun eru táknuð með bleikum kassa þar sem gögn úr þeim eru til staðar.



Mynd 14. Sýrupsstusstuðull hryggleysingja (LAMI) í stöðuvötnum þar sem gögn voru fyrir- liggjandi. Blár litur nær yfir flokkinn mjög gott ástand, grænn litur yfir gott ástand og gulur yfir ekki viðunandi ástand. Viðmiðunarvatnshlot sem skilgreind hafa verið í vöktunaráætlun eru táknuð með bleikum kassa þar sem gögn úr þeim eru til staðar.

4 Eðlisefnafræðilegt ástand í straum- og stöðuvötnum

Umhverfisstofnun ákvarðaði með bréfi, dags. 9. desember 2019, eftirfarandi eðlisefnafræðilega gæðaþætti: súrnunarástand, súrefnisástand, leiðni og næringarefnáástand til að meta vistfræðilegt ástand straum- og stöðuvatna auk sjóndýpis í stöðuvötnum í fyrsta vatnahring stjórnar vatnamála (tafla 2).

4.1 Inngangur

Eðlisefnafræðilegir gæðaþættir eru notaðir til stuðnings líffræðilegum gæðaþáttum við mat á vistfræðilegu ástandi yfirborðsvatns. Eðlisefnafræðilegar aðstæður vatna eru einn af þeim grunnþáttum sem hafa áhrif á hvers konar vistkerfi hefur möguleika á að dafna í viðkomandi straum- eða stöðuvatni. Breytingar á eðlisefnafræðilegu ástandi vats geta bæði verið af náttúrulegum uppruna og af mannavöldum. Mikilvægt er að greina þar á milli þar sem álagsmat samkvæmt Vatnatilskipun Evrópusambandsins varðar einungis breytingar sem verða vegna athafna mannsins. Umtalsverðar tímabundnar breytingar á eðlisefnafræðilegum aðstæðum geta verið af náttúrulegum orsökum, t.d. vegna eldgosa. Einnig má vænta tímabundinna breytinga þegar snjóa leysir, vegna úrkomu eða flóða.

Næringarefni eru að jafnaði sá þáttur sem hefur hvað mest áhrif á vöxt og viðgang þörunga og þannig framvindu og viðgang þess vistkerfis sem er til staðar. Styrkur næringarefna í vatni hér á landi er háður uppruna vatnsins, m.a. vegna ólíkra jarðfræðilegra eiginleika, jarðvegs og gróðurfars og viðstöðutíma vatnsins á leið um vatnasviðið. Framboð næringarefna er því einn af lykilþáttunum í mótu þess vistkerfis sem er til staðar í hverju vatnshloti.

Súrnunarástand og súrefnisstyrkur endurspeglar náttúrulegt ástand í vistkerfum sem og álagsþætti. Súrnunarástand vatna endurspeglar m.a. frumframleiðni og álagsþol og hefur jafnframt mikilvæg áhrif á efnafræðilegar aðstæður, svo sem efnasamsetningu og leysni ýmissa efnasambanda í umhverfinu. Sýrustig og súrefnisstyrkur sveiflast nokkuð við náttúruleg skilyrði, einkum vegna frumframleiðni og rotnunar í vötnum. Þessar breytur hafa mikil áhrif á leysni málmsambanda í umhverfinu sem og flæði efnasambanda frá seti í vatnsfasa. Uppleyst málmsambönd og flæði efna frá botnseti geta haft neikvæð áhrif á lífríki (t.d. de Paiva Magalhães o.fl., 2015). Afoxuð efnasambönd, t.d. metan (CH_4) og brennisteinsvetni (H_2S), geta orðið ríkjandi við lágan súrefnisstyrk og geta slíkar aðstæður meðal annars valdið fiskidauða.

Súrnunarástand vatns endurspeglast í mælingum á sýrustigi (pH) og basavirkni vatnsins. Sýring veldur lækkun á pH gildi vatns og basavirkni. Þekkt er að mengun frá iðjuverum, einkum brennisteinn, valdi súrnun vatna. Vatn á Íslandi hefur yfirleitt fremur hátt pH gildi, sérstaklega það sem rennur af ungum basískum berggrunni. Efnahvörf á milli vatns og basalts valda því að pH gildi vatnsins hækkar og basavirkni eykst og að jafnaði þarf því mikla sýringu til að hreyfa við pH gildi vatns sem rennur af ungu bergi hér á landi. Afleiðing af súru regni veldur vandamálum víða í Evrópu en er lítt þekkt hérlandis. Súrnun vatns getur til dæmis valdið aukningu á styrk uppleystra málmsambanda, svo sem áls (Al), en leysni áls úr bergi eykst við lágt og hátt pH (Sigurður Reynir Gíslason o.fl., 1998). Uppleyst ál (Al^{+3}) í vatni getur haft neikvæð áhrif til dæmis á laxfiska (t.d. Gensemer & Playle, 1999). Einnig hefur verið sýnt fram á að hár styrkur málmsambanda í ferskvatni getur haft neikvæð áhrif á hryggleysingja (t.d. Gower o.fl., 1994).

Rafleiðni í vatni (leiðni) er óbeinn mælikvarði á hlaðin, uppleyst efni í vatni og er þannig mikilvæg breyta til þess að vakta álag. Rafleiðni sveiflast nokkuð við náttúruleg skilyrði og þá

einkum vegna snjóbráðnunar eða mikilla rigninga. Mikil hækkun utan þess getur endurspeglad mengunarálag og/eða súrefnisþurrð í vatnshlotum.

Vöktun á þessum gæðaþáttum er mikilvæg til þess að meta framvindu vistkerfanna og ríkjandi aðstæður hverju sinni. Í töflu 19 er sett fram almenn skilgreining á vistfræðilegu ástandi þriggja efstu ástandslokka eðlisefnafræðilegra gæðaþáttu í straum- og stöðuvötnum.

Tafla 19. Almenn skilgreining vistfræðilegs ástands fyrir eðlisefnafræðilega þætti í straum- og stöðuvötnum (byggt á viðauka III í reglugerð nr. 535/2011, liður 1.2.1 og 1.2.2).

Mjög gott ástand	Gildi eðlisefnafræðilegu þáttanna eru algjörlega eða nánast eins og vænta mætti við óraskaðar aðstæður. Styrkur næringarefna helst innan þeirra marka sem alla jafna mætti vænta við óraskaðar aðstæður. Selta, sýrustig, súrefnisjafnvægi, sýruhlutleysingargeta [ANC], sjóndýpi (í stöðuvötnum) og hitastig sýna engin merki truflunar af mannavöldum og haldast innan þeirra marka sem alla jafna mætti vænta við óraskaðar aðstæður.
Gott ástand	Hiti, súrefnisjafnvægi, sýrustig, sýruhlutleysingargeta [ANC], sjóndýpi (í stöðuvötnum) og selta eru hvorki utan þeirra marka sem fastsett hafa verið til að tryggja að vistkerfið starfi eðlilega né áðurgreindra gilda fyrir líffræðilega gæðaþætti. Styrkur næringarefna er ekki utan þeirra marka sem fastsett hafa verið til að tryggja að vistkerfið starfi eðlilega og áðurgreind gildi fyrir líffræðilega gæðaþætti náist.
Ekki viðunandi ástand	Aðstæður eru í samræmi við áðurgreind gildi fyrir líffræðilega gæðaþætti.

4.2 Vöktun og aðferðafræði

Samkvæmt reglugerð nr. 535/2011 er miðað við að vöktun á eðlisefnafræðilegum gæðaþáttum í straum- og stöðuvötnum undir stjórn vatnamála skuli að lágmarki fara fram fjórum sinnum á ári; að vetri, vori, sumri og hausti, og er meðaltal mælinganna notað við ástandslokunina. Þetta fyrirkomulag á ágætlega við um suma matsþætti, t.d. næringarefni. Hvað aðra þætti varðar er breytileiki meiri á ákveðnum árstímum eða við sérstakar aðstæður svo sem við álagsatburði eða á álagssvæðum. Sem dæmi má nefna er breytileiki pH mestur að sumri og breytingar á súrefnisástandi mestar að vetri eða á álagssvæðum. Fjallað er nánar um það í undirköflum hér á eftir.

4.2.1 Næringarefni

Samkvæmt reglugerð nr. 535/2011 er miðað við að vöktun á eðlisefnafræðilegum gæðaþáttum í straum- og stöðuvötnum undir stjórn vatnamála skuli að lágmarki fara fram fjórum sinnum á ári; að vetri, vori, sumri og hausti og er meðaltal mælinganna notað við ástandslokunina. Sýnum skal safnað samkvæmt viðurkenndri aðferðafræði og styðjast skal við staðalinn ÍST EN ISO 5667-3:2018; *Water quality – Sampling – Part 3: Guidance on the preservation and handling of water samples*. Nota skal síur sem innihalda ekki köfnunarefni, t.d. cellulose asetate, með möskvastærð 0,2 µm (eða 0,45 µm). Mikilvægt er að sýnin séu efnagreind á

vottuðum rannsóknastofum og að næmni aðferðanna sé viðunandi (greiningarmörk PO₄: 0,001 mg/l og NO₃: 0,002 mg/l).

4.2.2 Súrnunarástand og leiðni

Eins og fram kemur í skýrslu fagstofnanna sem lýsir viðmiðunaraðstæðum straum- og stöðuvatna á Íslandi (Eydís S. Eiríksdóttir o.fl., 2020) er mikilvægt að vakta leiðni og sýrustig samfellt yfir allt frumframleiðnitímabilið eða á ársgrundvelli. Í skýrslunni eru færð rök fyrir því að afar ólíklegt sé að fjórar sýnatökur á ári nái að fanga frumframleiðni getu og ástand hvers árs.

Eftirfarandi vöktun á pH og leiðni er tvíþætt:

- A. Mælingar á pH og leiðni eru gerðar samhliða efnasýnatöku fjórum sinnum á ári. Mælt er með handmæli sem kvarðaður hefur verið með viðurkenndum stöðlum. Styðjast skal við staðalinn ÍST EN ISO 5667-3:2018; *Water quality – Sampling – Part 3: Guidance on the preservation and handling of water samples*.
- B. Samfelldar mælingar á pH og leiðni. Mælingar yrðu gerðar við útfall stöðuvatna og í árfarvegum. Mælt er með viðurkenndum pH nemum sem tendir eru CR8000 Campell gagnaskráningartæki sem sendir niðurstöður jafnóðum í viðeigandi gagnagrunn. Lagt er til að samfelld vöktun verði í viðmiðunarvatnshlotum og að lágmarki sé ein mælistöð í hverjum landshluta þannig að yfirsýn fáist á landsvísu. Mælistöðvar verði settar upp þar sem samfelld vöktun er nú þegar til staðar, t.d. á rennsli, vatnshita og leiðni.

Álag á Íslandi vegna ákomu næringarefna, mengunar eða annarra þátta í umhverfinu er mjög breytilegt innan ársins og einkennist af tímabundinni ákomu svo sem vegna dreifingar á áburði í landbúnaði og ræktun, annars vegar lífrænum áburði og hins vegar tilbúnnum áburði, en dreifing þeirra er að jafnaði ekki á sama tíma. Önnur sveiflukennd ákoma er vegna saltdreifingar og ísingarefna, við starfsemi sláturhúsa o.s.frv.

Samfelld vöktun á pH og leiðni er mikilvæg meðal annars til þess að:

- 1) fá vitneskju um á hvaða framleiðnistigi næringarefnasýnin eru tekin og þannig kvarða mælingar á ólíkum gæðaþáttum,
- 2) kvarða og túlka niðurstöður á milli ára,
- 3) mæla sveiflubundna ákomu/álag,
- 4) skilgreina hentugan sýnatökutíma mismunandi gæðaþáttu.

4.2.3 Súrefnisástand

Mikilvægt er að þekkja og vakta náttúrulegt ástand súrefnis í mismunandi gerðum vatnshlotu sem og mæla súrefni við ákveðnar aðstæður, t.d. þegar vænta má að lagskipting sé til staðar síðsumars í dýpri stöðuvötnum er frumframleiðni hefur náð hámarki. Líklegast er að lagskipting geti orðið að vetrar þegar vötnin leggur, eða við lygnar aðstæður þegar lítil uppböndun er á vatninu. Í stöðuvötnum er mikilvægt að mæla súrefni með jöfnu millibili í allri vatnssúlunni. Súrefni er ýmist mælt með súrefnismæli eða sambærilegu mælitæki eða með Winkler titrun.

4.2.4 Sjónsdýpi

Sjónsdýpi í stöðuvötnum er fall af magni agna í vatnssúlunni. Í stöðuvötnum öðrum en jökulvötnum eru agnirnar einkum uppgruggað set og lífrænar agnir svo sem þörungar og jarðvegssýrur (e. humic acids). Á Íslandi er vindasamt og algengt að vindur og oldugangur

gruggi upp botnsetið, einkum í grunnum vötnum. Því er mikilvægt að taka veðurfar með í reikninginn ádur en mæling er gerð á sjóndýpi í grunnum vötnum. Í djúpum vötnum hérlandis hefur frumframleiðni hvað mest áhrif á sjóndýpi en áhrif af jarðvegssýrum í vötnum eru lítil. Sjóndýpi minnkar með aukinni frumframleiðni og getur því gefið vísbendingar um breytingar á framboði næringarefna í vötnunum. Þetta á ekki við um sjóndýpi í jökulskotnum stöðuvötnum. Þar er sjóndýpi einungis fall af magni svifaurs í vötnunum. Sjóndýpi er mælt af báti með secchi diskí sem festur er í línu. Diskurinn er láttinn síga þar til hann hverfur sjónum og síðan dreginn hægt upp aftur þar til sést í hann með berum augum. Þá er dýpið mælt með málbandi og samsvarar það sjóndýpi.

4.3 Ástandsviðmið

Fyrirliggjandi gögn um eðlisefnafræðilega gæðaþætti í straum- og stöðuvötnum voru notuð til að skilgreina ástandsviðmið fyrir mismunandi vatnagerðir. Yfirlit yfir skilgreindar vatnagerðir er að finna í viðauka I.

Eins og komið hefur fram eru fyrirliggjandi gögn ekki umfangsmikil og sérstaklega á það við um stöðuvötn. Gögn um eðlisefnafræðilega gæðaþætti voru notuð til að skilgreina ástandsviðmið fyrir vatnagerðir á Íslandi (sjá samantekt í Eydís Salome Eiríksdóttir o.fl., 2020). Í flestum tilvikum eru aðeins notuð gögn úr óróskuðum vatnshlotum. Í þeim tilvikum þar sem lítið er til af mælingum var hins vegar nauðsynlegt að notast einnig við sérfræðiálit.

Mikilvægt er að styrkja þekkingargrunn á komandi árum með frekari gagnaöflun og endurmets viðmið eftir því sem gögn bætast við. Mest er til af gögnum um eðlisefnafræðilega gæðaþætti úr straumvötnum á láglendi og því greiningarforsendur þar einna bestar. Mun minna er til af gögnum úr stöðuvötnum og úr vatnshlotum sem teljast til hálandisvatnshlotha samkvæmt viðmiðum stjórnar vatnamála (>600 m h.y.s.).

Við úrvinnslu gagna kom í ljós að mikilvægt væri að skipta vatnagerðinni RL2 í tvennt, RL2a og RL2b, vegna þess hve breytilegar eðlisefnafræðilegar aðstæður eru í vatnagerðinni. Ár í vatnagerð RL2 eru ár á ungum berggrunni án mikilla áhrifa af votlendi á vatnasviði. Í vatnagerð RL2a eru ár sem renna af ungum berggrunni án mikilla áhrifa af lindarvatni, en í RL2b eru lindár sem renna um nýleg hraun og lindaráhrif því töluverð. Sambærileg skipting var gerð fyrir grunn stöðuvötn á yngri berggrunni, þ.e. vatnagerð LL2. Vatnagerð LL2a nær yfir langflest vötn í vatnagerðinni en í vatnagerð LL2b eru vötn sem byggja vatnsbúskap sinn á efnaríkum lindum, t.d. Mývatn. Styrkur fosfórs er almennt mun hærri í RL2b og LL2b en í RL2a og LL2a, og að jafnaði er nítrat einnig hærra sem skapar ólíkar forsendar til frumframleiðni. Sýrustig og leiðni í RL2b eru einnig almennt hærri en í RL2a.

Mun minna er til af gögnum úr stöðuvötnum en straumvötnum. Það á sérstaklega við um hálandisvötn og jökulvötn. Þau gögn sem til eru úr jökulvötnum (LG) eru að mestu leyti úr upplistöðulónum sem að líkum lætur eru mikið breytt vatnshlot (HMWB). Við þannig aðstæður er nauðsynlegt að nýta öll gögn þrátt fyrir veikleika varðandi gæðaviðmið en um leið nýta þá sérfræðipekkingu sem er til staðar.

Gögnum úr óróskuðum straumvatnshlotum var safnað saman og þau flokkuð eftir vatnagerðum. Í þeim tilfellum sem næringarefnagögn voru til úr nægilegum fjölda vatnshlotha voru aðeins notaðar upplýsingar úr vatnshlotum þar sem tvær eða fleiri mælingar voru fyrirliggjandi. Reiknaður var meðalstyrkur næringarefna í hverju vatnshloti og voru þær upplýsingar notaðar til skilgreina viðmiðunargildi í straumvötnum. Meðalstyrkur næringarefna í hverju vatnshloti var notaður frekar en niðurstöður einstakra mælinga, til þess að gögn úr einstökum vatnshlotum, þar sem miklar upplýsingar voru fyrirliggjandi, myndu ekki ráða of miklu við

skilgreiningu á ástandsviðmiðum fyrir einstaka vatnagerð á kostnað vatnshlotu þar sem fáar mælingar hafa verið gerðar.

4.3.1 Næringarefni í straumvötnum

Notuð voru gögn um styrk næringarefna (PO_4 , NO_3 og NH_4) í straumvötnum sem safnað hefur verið í ýmsum verkefnum (sjá samantekt í Eyðís Salome Eiríksdóttir o.fl., 2020). Gögnin voru flokkuð eftir vatnagerðum sem skilgreindar hafa verið undir stjórn vatnamála (viðauki I). Gögn um heildarstyrk fosfórs og köfnunarefnis (P-total og N-total) eru fátækleg og því er á þessu stigi ekki gerð tilraun til að setja ástandsflotka út frá þeim gæðaþáttum þrátt fyrir að þeir hafi verið lagðir til á sínum tíma (Eyðís Salome Eiríksdóttir o.fl., 2019b). Ákveðið var að nota ársmeðalstyrk næringarefna í straumvötnum á láglendi og jökulvötnum til þess að reikna út viðmiðunargildi (e. reference value) fyrir hverja vatnagerð. Þetta var valið fremur en að nota eingöngu vetrarstyrk, líkt og áður hafði verið lagt til (Eyðís Salome Eiríksdóttir o.fl., 2019b), þar eð upplýsingar um vetrarstyrk voru heldur fátæklegar.

Viðmiðunargildi og mörk á milli ástandsflotka

Viðmiðunargildi fyrir styrk næringarefnanna PO_4 , NO_3 og NH_4 í straumvötnum miðast í flestum tilfellum við 75% hundraðshlutamark á árlegum meðalstyrk þessara efnasambanda í óroskuðum ám (töflur 20–22). Gagnasafnið samanstendur af mun fleiri sumarsýnum en vetrarsýnum og því nauðsynlegt að aðlaga viðmiðunargildið að árstíðabundnum styrk næringarefna, en styrkur næringarefna er að jafnaði mun lægri að sumri en vetri vegna upptöku frumframleiðenda á næringarefnum að sumri. Undantekning frá þessu er vatnagerðin RL2b (lindár sem renna af ungum hraunum), en þar var til álíka mikið af summar- og vetrarsýnum. Þar var viðmiðunargildi sett út frá miðgildi gagnanna.

Mörk á milli ástandsflotkanna *mjög gott* og *gott ástand* í íslenskum straumvötnum eru reiknuð út frá viðmiðunargildi næringarefnanna PO_4 , NO_3 og NH_4 og vistfræðilegu gæðahlutfalli (EQR) sem notað er í Noregi fyrir heildarstyrk fosfórs og heildarstyrk köfnunarefnis í straumvötnum í millkvörðunargerðunum R-N1 og R-N4 (Direktoratsgruppen vanndirektivet, 2018). Mörkin passa vel við 90–95% dreifingu meðalstyrks efnasambandanna í ánum og eru því talin endurspeglar nokkuð vel náttúrulegt ástand í straumvötnum. Mörkin á milli *góðs ástands* og *ekki viðunandi* voru reiknuð á sambærilegan hátt, en þau mörk voru sett út frá sérfræðimati þar eð gögn um styrk næringarefna í íslenskum ám voru ónog til að styðja mörkin. Þessi nálgun er gerð á þeim grundvelli að meginhluti af heildarstyrk fosfórs (P-total) er á forminu PO_4 og að stór hluti af heildarstyrk köfnunarefnis (N-total) eru ólífraenu efnasamböndin NO_3 og NH_4 .

Mikilvaegt er að hafa í huga að viðmiðunargildin og mörk flotka eru fundin út frá meðalstyrk næringarefna í síuðum sýnum sem endurspeglar árstíðabundinn breytileika. Vöktun og ástandsflotkun vaktaðra vatnshlotu þarf að miðast við síuð sýni og þess þarf að gæta að nota meðalstyrk í sýnum sem safnað er á öllum árstínum.

Í ljósi þess að ekki eru til nægjanleg gögn um styrk næringarefna í straumvötnum á hálandi var ekki mögulegt að setja viðmið til ástandsflotkunar vatnshlotu á hálandi.

Vistfræðilegt gæðahlutfall fyrir næringarefni er reiknað samkvæmt jöfnu 12.

$$\text{Vistfræðilegt gæðahlutfall (EQR)} = \frac{\text{Viðmiðunargildi næringarefna}}{\text{Ársmeðalstyrkur næringarefna í vöktuðu vatnshloti}}$$

Jafna 12

4.3.1.1 Fosfat (PO_4) í straumvötnum

Viðmiðunargildi fyrir fosfat (PO_4) og mörk ástandsflotka í vatnagerðum þar sem gögn eru fyrilliggjandi eru í töflu 20. Til hægðarauka er styrkurinn bæði gefinn upp sem $\mu\text{mól/l}$ og sem $\mu\text{g/l}$. Á mynd 15 er meðalstyrkur fosfats í óröskuðum straumvötnum á láglendi sýndur miðað við ástandsflókkana.

Eins og fram hefur komið er lagt til að skipta vatnagerð RL2 upp í tvennt, RL2a og RL2b, þar sem eðlisefnafræðilegir eiginleikar vatna í vatnagerðinni eru nokkuð ólíkir, einkum hvað varðar styrk fosfats. Annars vegar eru dragár eða ár sem eru blandaðar drag- og lindár (RL2a) og hins vegar eru hreinar lindár (RL2b) sem geta verið sérstaklega ríkar af fosfati.

Viðmiðunargildi í vatnagerð RL2b er miðað við miðgildi styrks PO_4 í ánum og mörk á milli mjög góðs og góðs ástands eru miðuð við sama vistfræðilega gæðahlutfall (EQR) og notað er fyrir vatnagerð RL2a. Mörk á milli góðs ástands og ekki viðunandi í vatnagerð RL2b eru hins vegar miðuð við styrk fosfats í ómenguðum lindum sem renna undan hraunum sunnan Mývatns, þaðan sem flest vatnshlot í vatnagerð RL2b renna.

Tafla 20. Viðmiðunargildi, mörk ástandsflotka og vistfræðilegt gæðahlutfall (EQR) fyrir fosfat (PO_4) í straumvötnum á Íslandi. Í töflu A er styrkur PO_4 gefinn upp í mikrómólum í lítra ($\mu\text{mól/l}$) en í töflu B er hann gefinn upp sem mikrógrömm af P í efnasambandinu PO_4 í hverjum lítra vatns ($\mu\text{g/l PO}_4\text{-P}$). Vatnagerð RL2 er skipt í RL2a og RL2b þar sem RL2a eru ár á nýjum berggrunni án lindáa og RL2b eru lindár sem hafa mun hærri fosfatstyrk en aðrar ár í þessari gerð.


A.

Straumvötn							
Vatnagerð	Viðmiðunar-gildi	PO_4 ($\mu\text{mól/l}$)			EQR PO_4		
		Mjög gott	Gott	Ekki viðunandi*	Mjög gott	Gott	Ekki viðunandi*
RL1	0,17	<0,28	0,28–0,47	>0,47	1–0,60	<0,60–0,36	<0,36
RL2a	0,47	<0,78	0,78–1,3	>1,3	1–0,60	<0,60–0,36	<0,36
RL2b	1,0	<1,7	1,7–2,2	>2,2	1–0,60	<0,60–0,45	<0,45
RL3	0,18	<0,30	0,30–0,50	>0,50	1–0,60	<0,60–0,36	<0,36
RL4	1,5	<2,4	2,4–4,0	>4,0	1–0,60	<0,60–0,36	<0,36
RG	0,88	<1,5	1,5–2,4	>2,4	1–0,60	<0,60–0,36	<0,36

B.

Straumvötn							
Vatnagerð	Viðmiðunar-gildi	$\text{PO}_4\text{-P}$ ($\mu\text{g/l}$)			EQR PO_4		
		Mjög gott	Gott	Ekki viðunandi*	Mjög gott	Gott	Ekki viðunandi*
RL1	5	<9	9–15	>15	1–0,60	<0,60–0,36	<0,36
RL2a	15	<24	24–40	>40	1–0,60	<0,60–0,36	<0,36
RL2b	31	<52	52–69	>69	1–0,60	<0,60–0,45	<0,45
RL3	5	<9	9–15	>15	1–0,60	<0,60–0,36	<0,36
RL4	45	<75	75–125	>125	1–0,60	<0,60–0,36	<0,36
RG	27	<45	45–76	>76	1–0,60	<0,60–0,36	<0,36

Ekki viðunandi*: Mörk á milli flokkanna ekki viðunandi ástand og lélegt ástand eru ekki metin hér.



Mynd 15. Meðalstyrkur fosfats (PO_4) í straumvötnum í vatnagerðum þar sem gögn eru fyrirliggjandi. Blár litur nær yfir flokkinn mjög gott ástand, grænn litur yfir gott ástand og gulur yfir ekki viðunandi ástand. Viðmiðunarvatnshlot sem skilgreind hafa verið í vöktunaráætlun eru táknuð með bleikum kassa þar sem gögn úr þeim eru til staðar.

Gögn um styrk fosfats eru til í vatnshlotum sem skilgreind hafa verið sem viðmiðunarvatnshlot. Það eru Krossá (RL1), Stóra Laxá (RL2), Svartá í Bárðardal (RL2), Selá í Vopnafirði (RL3) og Norðurá (RL3). Árnar flokkast allar í mjög góðu ástandi miðað við þær forsendur sem settar eru fram hér (mynd 15). Styrkur fosfats í öðrum straumvötnum fellur í einhverjum tilvikum í flokkinn *ekki viðunandi ástand*. Í einu tilviki er um gögn úr Glerá að ræða en það vatnshlot er undir álagi af þéttbýli og gömlum urðunarstað ofarlega á vatnasviðinu. Styrkur fosfats er einnig hár í Hörgá 1, Hörgá 2 og Eyjafjarðará 1 miðað við önnur vatnshlöll í vatnagerð RL1, en hugsanlega stafar það af áhrifum frá landbúnaði á vatnasviði hennar (Sunna B. Ragnarsdóttir o.fl., 2019). Í öðrum tilvikum er ekkert sem bendir til að vatnshlotin séu undir álagi. Sem dæmi er styrkur fosfórs fremur hár í Skíðadalsá miðað við önnur vatnsföll í RL1, hugsanlega vegna áhrifa af innstreymi jökulvatns sem hefur venjulega hlutfallslega háan styrk fosfats. Einnig er styrkur fosfats í Hofsá í Vopnafirði hár miðað við önnur vötn í vatnagerð RL3 af óútskýrðum ástæðum.

4.3.1.2 Köfnunarefni (NO_3 og NH_4) í straumvötnum

Viðmiðunargildi fyrir köfnunarefnissambönd (NO_3 og NH_4) og mörk ástandsflokkar fyrir vatnagerðir þar sem gögn voru fyrirliggjandi eru í töflum 21 og 22. Á myndum 16 og 17 er styrkur nítrats (NO_3) og ammóniums (NH_4) í vatnagerðum á láglendi sýndur miðað við ástandsflokkana. Gögn um styrk nítrats og ammóniums eru til í vatnshlotum sem skilgreind hafa verið sem viðmiðunarvatnshlot. Það eru Krossá (RL1), Stóra Laxá (RL2), Svartá í Bárðardal (RL2), Selá í Vopnafirði (RL3) og Norðurá (RL3). Þær flokkast allar í mjög góðu ástandi miðað við þær forsendur sem settar eru fram hér hvað varðar styrk nítrats og ammóniums (myndir 16 og 17). Megnið af gögnunum fellur í flokkinn *mjög gott ástand*, en í einstaka vatnshlotum er meðalstyrkur nítrats og ammóniums hærri og falla vatnshlotin því utan þess ástandslokks. Þar á meðal eru Hörgá 1, Hörgá 2, Eyjafjarðará 1 og Hjaltadalsá 1, þar sem styrkur nítrats fellur í ástandslokkin *ekki viðunandi*. Aukinn styrkur köfnunarefnis gæti verið vegna afrennslis frá landbúnaði (Sunna B. Ragnarsdóttir o.fl., 2019) og í tilfelli Hjaltadalsár gæti afrennsli frá fiskeldi hugsanlega valdið hækkan á nítratstyrk.

Tafla 21. Viðmiðunargildi, mörk ástandsflokkar og vistfræðilegt gæðahlutfall (EQR) fyrir nítrat (NO_3) í straumvötnum á Íslandi. Í töflu A er styrkur NO_3 er gefinn upp í mikrómólum í lítra ($\mu\text{mol/l}$) en í töflu B er hann gefinn upp sem mikrógrömm af N í efnasambandinu NO_3 í hverjum lítra vatns ($\mu\text{g/l NO}_3\text{-N}$).


A.

Straumvötn							
	NO_3 ($\mu\text{mol/l}$)				EQR NO_3		
Vatnagerð	Viðmiðunar-gildi	Mjög gott	Gott	Ekki viðunandi*	Mjög gott	Gott	Ekki viðunandi*
RL1	1,1	<1,8	1,8–2,8	>2,8	1–0,65	<0,65–0,41	<0,41
RL2a, RL2b	2,2	<3,4	3,4–5,4	>5,4	1–0,65	<0,65–0,41	<0,41
RL3	1,0	<1,5	1,5–2,4	>2,4	1–0,65	<0,65–0,41	<0,41
RL4	2,4	<3,7	3,7–5,8	>5,8	1–0,65	<0,65–0,41	<0,41
RG	2,2	<3,4	3,4–5,3	>5,3	1–0,65	<0,65–0,41	<0,41

B.

	$\text{NO}_3\text{-N}$ ($\mu\text{g/l}$)				EQR NO_3		
Vatnagerð	Viðmiðunar-gildi	Mjög gott	Gott	Ekki viðunandi*	Mjög gott	Gott	Ekki viðunandi*
RL1	16	<25	25–39	>39	1–0,65	<0,65–0,41	<0,41
RL2	31	<47	47–75	>75	1–0,65	<0,65–0,41	<0,41
RL3	14	<22	22–34	>34	1–0,65	<0,65–0,41	<0,41
RL4	33	<52	52–82	>82	1–0,65	<0,65–0,41	<0,41
RG	31	<47	47–75	>75	1–0,65	<0,65–0,41	<0,41

Ekki viðunandi*: Mörk á milli flokkanna ekki viðunandi ástand og lélegt ástand eru ekki metin hér.



Mynd 16. Meðalstyrkur nitrats (NO_3) í straumvötnum þar sem gögn eru fyrilliggjandi. Blár litur nær yfir flokkinn mjög gott ástand, grænn litur yfir gott ástand og gulur yfir ekki viðunandi ástand. Viðmiðunarvatnshlot sem skilgreind hafa verið í vöktunaráætlun eru táknuð með bleikum kassa þar sem gögn úr þeim eru til staðar.

Tafla 22. Viðmiðunargildi, mörk ástandsflotka og vistfræðilegt gæðahlutfall (EQR) fyrir ammóníum (NH_4) í straumvötnum á Íslandi. Í töflu A er styrkur NH_4 er gefinn upp í mikrómónum í litra ($\mu\text{mol/l}$) en í töflu B er hann gefinn upp sem mikrógrömm af N í efnasambandinu NH_4 í hverjum lítra vatns ($\mu\text{g/l } NH_4\text{-N}$).






A.

Straumvötn							
	NH ₄ ($\mu\text{mol/l}$)				EQR NH ₄		
Vatnagerð	Viðmiðunar-gildi	Mjög gott	Gott	Ekki viðunandi*	Mjög gott	Gott	Ekki viðunandi*
RL1	0,58	<0,89	0,89–1,4	>1,4	1–0,65	<0,65–0,41	<0,41
RL2	0,80	<1,2	1,2–2,0	>2,0	1–0,65	<0,65–0,41	<0,41
RL3	0,52	<0,80	0,80–1,3	>1,3	1–0,65	<0,65–0,41	<0,41
RL4	0,47	<0,72	0,72–1,1	>1,1	1–0,65	<0,65–0,41	<0,41
RG	0,86	<1,3	1,3–2,1	>2,1	1–0,65	<0,65–0,41	<0,41

B.

	NH ₄ -N ($\mu\text{g/l}$)				EQR NH ₄		
Vatnagerð	Viðmiðunar-gildi	Mjög gott	Gott	Ekki viðunandi*	Mjög gott	Gott	Ekki viðunandi*
RL1	8	<12	12–20	>20	1–0,65	<0,65–0,41	<0,41
RL2	11	<17	17–27	>27	1–0,65	<0,65–0,41	<0,41
RL3	7	<11	11–18	>18	1–0,65	<0,65–0,41	<0,41
RL4	7	<10	10–16	>16	1–0,65	<0,65–0,41	<0,41
RG	12	<19	19–29	>29	1–0,65	<0,65–0,41	<0,41

Ekki viðunandi*: Mörk á milli flokkanna ekki viðunandi ástand og lélegt ástand eru ekki metin hér.



Mynd 17. Meðalstyrkur ammóníums (NH_4) í straumvötnum þar sem gögn eru fyrirliggjandi. Blár litur nær yfir flokkinn mjög gott ástand, grænn litur yfir gott ástand og gulur yfir ekki viðunandi ástand. Viðmiðunarvatnshlot sem skilgreind hafa verið í vöktunaráætlun eru táknuð með bleikum kassa þar sem gögn úr þeim eru til staðar.

4.3.2 Næringarefni í stöðuvötnum

Upplýsingar um styrk næringarefnna í stöðuvötnum á Íslandi eru fremur takmarkaðar. Að mestu leyti er um að ræða stakar mælingar í vötnum að sumri. Einstaka vatn hefur verið vaktað til lengri tíma og þá eru til gögn sem safnað hefur verið á öllum árstínum. Við náttúrulegar, óraskaðar aðstæður lækkar styrkur næringarefna, sérstaklega styrkur nítrats (NO_3), yfir sumartímann vegna upptöku ljóstillífandi lífvera. Ljóstillífun í íslenskum vötnum er oftast takmörkuð af nítrati og þess vegna er algengt að styrkur þess fari undir greiningarmörk yfir hásumarið. Vetrarstyrkurinn mælist hins vegar oft 30–40 sinnum hærri en sumarstyrkurinn.

Viðmiðunargildi og mörk á milli ástandsflökka

Vegna skorts á gögnum um næringarefnastyrk í stöðuvötnum var sérfræðimat notað til að ákvarða viðmiðunargildi og mörk á milli ástandsflökka í stöðuvötnum. Það er stutt af þeim gögnum sem til eru úr stöðuvötnum, auk þess sem upplýsingar um næringarefni í straumvötnum gefa mikilvægar upplýsingar um styrk og hlutföll næringarefna í ferskvatni hérlandis. Viðmiðunargildi og mörk á milli ástandsflökka, fengin með sérfræðimati, víkja mest frá niðurstöðum mælinga á styrk nítrats (NO_3) í stöðuvötnum. Það á sérstaklega við um grunn stöðuvötn á eldri berggrunni (LL1) þar sem aðeins eru til upplýsingar um styrk NO_3 að sumri. Ljóstillífun hefur hlutfallslega minni áhrif á styrk fosfats (PO_4) og ammóniums (NH_4) en á styrk NO_3 og því víkur sérfræðimatið ekki eins mikið frá mældum styrk þeirra efnasambanda eins og hvað varðar NO_3 .

Vistfræðilegt gæðahlutfall fyrir næringarefni er reiknað samkvæmt jöfnu 12 í kafla 4.3.1 um næringarefni í straumvötnum.

4.3.2.1 Fosfat (PO_4) í stöðuvötnum

Viðmiðunargildi fyrir fosfat (PO_4) og mörk ástandsflökka í stöðuvötnum á láglendi eru í töflu 23. Til hægðarauka er styrkurinn bæði gefinn upp sem $\mu\text{mol/l}$ og sem $\mu\text{g/l}$. Á mynd 18 er meðalstyrkur fosfats í vatnagerðum á láglendi sýndur miðað við ástandsflökkan. Líkt og fyrir straumvötn var ákveðið að skipta viðmiðum fyrir fosfat í vatnagerðinni LL2 (grunn stöðuvötn á yngri berggrunni) í tvennt; LL2a og LL2b. Í vatnagerð LL2b eru stöðuvötn sem byggja vatnsbúskap sinn á lindarvatni og er styrkur fosfats því almennt hærri en í vötnum af gerðinni LL2a.

Gögn um styrk fosfats eru til í vatnshlotum sem skilgreind hafa verið sem viðmiðunarvatnshlot. Það eru Vatnshlíðarvatn (LL1), Eystra Gíslholtsvatn (LL2), Ytra Deildarvatn (LL2), Haukadalsvatn (LL3), Másvatn (LL4) og Stóra Fossvatn (LL4). Þau flokkast öll í *mjög góðu* ástandi að undanteknu Stóra Fossvatni í Veiðivötnum þar sem ástandið er *ekki viðunandi* m.t.t. fosfats (mynd 18). Stóra Fossvatn er ekki undir álagi af mannavöldum. Líkleg skýring á háum styrk fosfats í Stóra Fossvatni er staðsetning þess á gossprungu og þar með miklum snertifleti vatnsins við nýtthraun, líkt og á við um Mývatn og Svartárvatn. Ástæðan liggar í hinum sérstöku aðstæðum á eldvirkum svæðum á Íslandi þar sem fosförstyrkur í vatni er oft mjög hár frá náttúrunnar hendi. Af þessari ástæðu var viðmiðunum fyrir grunn vötn á yngri berggrunni skipt í tvennt eftir styrk fosfats, þ.e. LL2a og LL2b. Ef Stóra Fossvatn væri flokkað miðað við viðmið í vatnagerð LL2b en ekki LL4, myndi það falla í flokkinn *mjög gott* ástand.

Tafla 23. Viðmiðunargildi, mörk ástandsflotka og vistfræðilegt gæðahlutfall (EQR) fyrir fosfat (PO_4) í stöðuvötnum á Íslandi. Í töflu A er styrkur PO_4 er gefinn upp í mikrómólum í lítra ($\mu\text{mól/l}$) en í töflu B er hann gefinn upp sem mikrógrömm af P í efnasambandinu PO_4 í hverjum lítra vatns ($\mu\text{g/l } PO_4\text{-P}$). Um er að ræða sérfræðimat sem byggist bæði á styrk PO_4 í straumvötnum á Íslandi og á þeim gögnum sem til eru úr stöðuvötnum.


A.

Stöðuvötn							
	PO ₄ ($\mu\text{mól/l}$)				EQR PO ₄		
Vatnagerð	Viðmiðunar-gildi	Mjög gott	Gott	Ekki viðunandi*	Mjög gott	Gott	Ekki viðunandi*
LL1	0,25	<0,40	0,40–0,60	>0,60	1–0,63	<0,63–0,42	<0,42
LL2a	0,40	<0,60	0,60–1,0	>1,0	1–0,67	<0,67–0,40	<0,40
LL2b	1,0	<1,5	1,5–2,0	>2,0	1–0,67	<0,67–0,50	<0,50
LL3	0,30	<0,50	0,50–0,70	>0,70	1–0,60	<0,60–0,43	<0,43
LL4	0,30	<0,50	0,50–0,70	>0,70	1–0,60	<0,60–0,43	<0,43
LG	0,70	<1,0	1,0–1,5	>1,5	1–0,70	<0,70–0,47	<0,47

B.

	PO ₄ -P ($\mu\text{g/l}$)				EQR PO ₄		
Vatnagerð	Viðmiðunar-gildi	Mjög gott	Gott	Ekki viðunandi*	Mjög gott	Gott	Ekki viðunandi*
LL1	8	<12	12–19	>19	1–0,63	<0,63–0,42	<0,42
LL2a	12	<19	19–31	>31	1–0,65	<0,65–0,46	<0,46
LL2b	31	<46	47–62	>62	1–0,70	<0,70–0,50	<0,50
LL3	9	<16	16–22	>22	1–0,60	<0,60–0,43	<0,43
LL4	9	<16	16–22	>22	1–0,60	<0,60–0,43	<0,43
LG	22	<31	31–47	>46	1–0,70	<0,70–0,47	<0,47

Ekki viðunandi*: Mörk á milli flokkanna ekki viðunandi ástand og lélegt ástand eru ekki metin hér.



Mynd 18. Meðalstyrkur fosfats (PO_4) í stöðuvötnum þar sem gögn eru fyrirliggjandi. Blár litur nær yfir flokkinn mjög gott ástand, grænn litur yfir gott ástand og gulur yfir ekki viðunandi ástand. Viðmiðunarvatnshlot sem skilgreind hafa verið í vöktunaráætlun eru táknuð með bleikum kassa þar sem gögn úr þeim eru til staðar.

4.3.2.2 Köfnunarefni (NO_3 og NH_4) í stöðuvötnum

Viðmiðunargildi fyrir nítrat (NO_3) og ammóníum (NH_4) og mörk ástandsflotka í stöðuvötnum á láglendi eru í töflum 24 og 25. Til hægðarauka er styrkurinn bæði gefinn upp sem $\mu\text{mol/l}$ og sem $\mu\text{g/l}$. Á myndum 19 og 20 er meðalstyrkur nítrats og ammóníums í stöðuvötnum á láglendi sýndur miðað við ástandsflokkana.

Almenn þekking á árlegum meðalstyrk nítrats og ammóníums í stöðuvötnum hérlendis er frekar takmörkuð. Söfnun sýna hefur að mestu leyti farið fram að sumri þegar frumframleiðni er í hámarki. Á þeim tíma er styrkur næringarefna í lágmarki og á það sérstaklega við um styrk nítrats sem oftast er takmarkandi fyrir frumframleiðni í íslenskum stöðuvötnum. Vegna þessara annmarka á gögnunum var sérfræðimat notað til að setja ástandsviðmið fyrir nítrat og ammóníum í stöðuvötnum. Það mat erstatt af gögnum um styrk efnanna í straumvötnum, auk gagna sem til eru úr stöðuvötnum.

Eins og sjá má á mynd 19 er styrkur nítrats í stöðuvötnum þar sem gögn liggja fyrir mjög lágur og langt fyrir neðan þau ástandsviðmið sem eru fyrir nítrat (tafla 24). Það á sérstaklega við um vatnagerðina LL1 (grunn stöðuvötn á eldri berggrunni) þar sem aðeins eru til sumarsýni af næringarefnum við hámarks frumframleiðni.

Gögn um styrk nítrats og ammóniums eru til í vatnshlotum sem skilgreind hafa verið sem viðmiðunarvatnshlot. Það eru Vatnshlíðarvatn (LL1), Eystra Gíslholtsvatn (LL2), Ytra Deildarvatn (LL2), Haukadalsvatn (LL3), Másvatn (LL4) og Stóra Fossvatn (LL4). Þau flokkast öll sem vatnshlot í *mjög góðu ástandi* miðað við þær forsendur sem settar eru fram hér (myndir 19 og 20).

Tafla 24. Viðmiðunargildi, mörk ástandsflotka og vistfræðilegt gæðahlutfall (EQR) fyrir nítrat (NO_3) í stöðuvötnum á Íslandi. Í töflu A er styrkur NO_3 gefinn upp í mikrómólum í lítra ($\mu\text{mol/l}$) en í töflu B er hann gefinn upp sem mikrógrömm af N í efnasambandinu NO_3 í hverjum lítra vatns ($\mu\text{g/l } NO_3\text{-N}$). Um er að ræða sérfræðimat sem byggist bæði á styrk NO_3 í straumvötnum á Íslandi og á þeim gögnum sem til eru úr stöðuvötnum.

A.

Stöðuvötn							
	NO_3 ($\mu\text{mol/l}$)				EQR NO_3		
Vatnagerð	Viðmiðunar-gildi	Mjög gott	Gott	Ekki viðunandi*	Mjög gott	Gott	Ekki viðunandi*
LL1	1,1	<1,7	1,7–2,4	>2,4	1–0,65	<0,65–0,46	<0,46
LL2	1,1	<1,7	1,7–2,4	>2,4	1–0,65	<0,65–0,46	<0,46
LL3	1,1	<1,7	1,7–2,4	>2,4	1–0,65	<0,65–0,46	<0,46
LL4	1,1	<1,7	1,7–2,4	>2,4	1–0,65	<0,65–0,46	<0,46
LG	1,0	<2,0	2,0–2,5	>2,5	1–0,50	<0,50–0,40	<0,40


B.

	$NO_3\text{-N}$ ($\mu\text{g/l}$)				EQR $NO_3\text{-N}$		
Vatnagerð	Viðmiðunar-gildi	Mjög gott	Gott	Ekki viðunandi*	Mjög gott	Gott	Ekki viðunandi*
LL1	15	<24	24–33	>33	1–0,65	<0,65–0,46	<0,46
LL2	15	<24	24–33	>33	1–0,65	<0,65–0,46	<0,46
LL3	15	<24	24–33	>33	1–0,65	<0,65–0,46	<0,46
LL4	15	<24	24–33	>33	1–0,65	<0,65–0,46	<0,46
LG	14	<28	28–35	>35	1–0,50	<0,50–0,40	<0,40

Ekki viðunandi*: Mörk á milli flokkanna ekki viðunandi ástand og lélegt ástand eru ekki metin hér.

Flest stöðuvötn á láglendi flokkast í *mjög góðu ástandi* hvað varðar nítrat (mynd 19). Tvö vötn af gerðinni LL2, þ.e. Tjaldvatn og Rauðavatn, hafa lítilsháttar hærri styrk nítrats en önnur vötn og falla í flokkinn *gott ástand*. Einig er jökulvatnið Háslón í *góðu ástandi*, en þar er lítil sem engin ljóstillífun vegna mikils magns af gruggi. Styrkur nítrats í Vífilsstaðavatni og Reynisvatni, sem eru af gerðinni LL2, eru heldur hærri en mælist í öðrum vötnum af sömu gerð, en eru þó í *mjög góðu ástandi* miðað við þessi ástandsviðmið.

Eins og sést á mynd 20 flokkast flest stöðuvötn í *mjög góðu ástandi* miðað við styrk ammóniums. Nokkur vötn eru þó ekki í viðunandi ástandi og eru það Reykjavíkurtjörn (LL2), Meðalfellsvatn (LL3), Hafravatn (LL4) og Leirvogsvatn (LL4). Taka má fram að mælingar á ammóníum eru vandasamar og viðkvæmar fyrir mengun við efnagreiningu.



Mynd 19. Meðalstyrkur nítrats (NO_3) í stöðuvötnum þar sem gögn eru fyrirliggjandi. Blár litur nær yfir flokkinn mjög gott ástand, grænn litur yfir gott ástand og gulur yfir ekki viðunandi ástand. Viðmiðunarvatnshlot sem skilgreind hafa verið í vöktunaráætlun eru táknuð með bleikum kassa þar sem gögn úr heim eru til staðar.

Tafla 25. Viðmiðunargildi, mörk ástandsflotka og vistfræðilegt gæðahlutfall (EQR) fyrir ammóníum (NH_4) í stöðuvötnum á Íslandi. Í töflu A er styrkur NH_4 gefinn upp í mikrómólum í lítra ($\mu\text{mól/l}$) en í töflu B er hann gefinn upp sem mikrógrömm af N í efnasambandinu NH_4 í hverjum lítra vatns ($\mu\text{g/l } NH_4\text{-N}$). Um er að ræða sérfræðimat sem byggist bæði á styrk ammóniums í straumvötnum á Íslandi og á þeim gögnum sem til eru úr stöðuvötnum.


A.

Vatnagerð	Stöðuvötn						
	Viðmiðunar-gildi	NH ₄ ($\mu\text{mól/l}$)			EQR NH ₄		
		Mjög gott	Gott	Ekki viðunandi*	Mjög gott	Gott	Ekki viðunandi*
LL1	0,50	<0,79	0,79–1,1	>1,1	1–0,63	<0,63–0,45	<0,45
LL2	0,53	<0,82	0,82–1,3	>1,3	1–0,65	<0,65–0,41	<0,41
LL3	0,50	<0,79	0,79–1,1	>1,1	1–0,63	<0,63–0,45	<0,45
LL4	0,50	<0,79	0,79–1,1	>1,1	1–0,63	<0,63–0,45	<0,45
LG	0,50	<0,79	0,79–1,1	>1,1	1–0,63	<0,63–0,45	<0,45

B.

Vatnagerð	NH ₄ -N ($\mu\text{g/l}$)				EQR NH ₄ -N		
	Viðmiðunar-gildi	Mjög gott	Gott	Ekki viðunandi*	Mjög gott	Gott	Ekki viðunandi*
LL1	7	<11	11–16	>16	1–0,63	<0,63–0,45	<0,45
LL2	7	<11	11–16	>16	1–0,63	<0,63–0,45	<0,45
LL3	7	<11	11–16	>16	1–0,63	<0,63–0,45	<0,45
LL4	7	<11	11–16	>16	1–0,63	<0,63–0,45	<0,45
LG	7	<11	11–16	>16	1–0,63	<0,63–0,45	<0,45

Ekki viðunandi*: Mörk á milli flokkanna ekki viðunandi ástand og lélegt ástand eru ekki metin hér.



Mynd 20. Meðalstyrkur ammóníums (NH_4) í stöðuvötnum þar sem gögn eru fyrirliggjandi. Blár litur nær yfir flokkinn mjög gott ástand, grænn litur yfir gott ástand og gulur yfir ekki viðunandi ástand. Viðmiðunarvatnshlot sem skilgreind hafa verið í vöktunaráætlun eru táknuð með bleikum kassa þar sem gögn úr heim eru til staðar.

4.3.3 Súrnunarástand, basavirkni, leiðni, súrefnisástand og sjóndýpi

4.3.3.1 Sýrustig (pH)

Sýrustig (pH gildi) vatns er mikilvæg breyta sem segir til um grunneinkenni og ástand vatns og er jafnframt mælikvarði á ýmsa mikilvæga efnaferla og frumframleiðni í vatninu. Breyting á sýrustigi umfram eðlilegar árstíðabundnar breytingar getur verið svar við álagi af mannavöldum eða við náttúrulegum atburðum. Hér er lagt til að meta ástand bæði út frá pH hækkun og pH lækkun þar eð hvorutveggja getur haft alvarleg áhrif á vatnalífríki. Þess vegna eru gefnar upp tvær töflur fyrir sýrustig (pH), pH hækkun (töflur 26 og 27) og pH lækkun (töflur 28 og 29).

A) pH hækkun. Hækkun á pH gildi í yfirborðsvatni á sólríkum dögum getur gefið til kynna aukna frumframleiðni í ám og vötnum. Það getur bæði stafað af náttúrulegum aðstæðum eða vegna næringarefnaálags. Markmiðið með því að nota pH hækkun að sumri sem gæðapátt er að vakta frumframleiðnitoppa og mögulega næringarefnaákomu. Miðað er við að hámarksgildi pH að sumri fari ekki yfir skilgreind mörk fyrir hverja vatnagerð. Í næringarsnauðum vötnum (e. oligotrophic) sem eru einkennandi fyrir Ísland er hámarksgildi pH skýr mælikvarði á þá frumframleiðni sem er til staðar við náttúrulegar aðstæður. Fari mæligildi yfir tilskilið viðmiðunarhámark miðað við náttúrulegan breytileika sýrustigs hefur næringarefnaákoma að öllum líkindum aukist og nauðsynlegt er að fara í nánari greiningu á orsök og afleiðingu þess. Viðmiðunargildi vegna hækkunar á pH miðast við hámarksgildi pH að sumri. Mörk á milli ástandsflókkanna *mjög gott* og *gott ástand* miðast við viðmiðunargildið að viðbættum 10% af spönn mælinga í hverri vatnagerð. Mörk á milli flokkanna *gott ástand* og *ekki viðunandi* er miðað við viðmiðunargildið að viðbættum 30% af spönn mælinganna. Viðmiðunargildi og mörk á milli ástandsflókka fyrir vatnagerðir á hálendi eru byggð á sérfræðiþekkingu.

Vistfræðilegt gæðahlutfall fyrir pH hækkun er reiknað á eftirfarandi hátt í jöfnu 13.

$$Vistfræðilegt\ gæðahlutfall\ (EQR) = \frac{Viðmiðunargildi\ hámarks\ pH}{Hámarksgildi\ pH\ í\ vöktuðu\ vatnshloti} \quad Jafna\ 13$$

Hámarksgildi pH í vöktuðu vatnshloti í jöfnu 13 er það hámarksgildi pH sem mælist yfir sumartímann í hverju vatnshloti sem vaktað er. Viðmiðunargildi fyrir hámarksgildi pH eru gefin upp í töflu 26 fyrir straumvötn og í töflu 27 fyrir stöðuvötn.

Tafla 26. Viðmiðunargildi, mörk ástandsflókka og vistfræðilegt gæðahlutfall (EQR) fyrir hámarksgildi pH í straumvötnum á Íslandi.

Straumvötn							
Vatnagerð	Hámarksgildi pH				EQR pH		
	Viðmiðunar-gildi	Mjög gott	Gott	Ekki viðunandi*	Mjög gott	Gott	Ekki viðunandi*
RL1	8,6	<8,9	8,9–9,4	>9,4	1–0,97	<0,97–0,91	<0,91
RL2	9,8	<10	10–11	>11	1–0,97	<0,97–0,92	<0,92
RL3	9,2	<9,5	9,5–10	>10	1–0,97	<0,97–0,92	<0,92
RL4	8,9	<9,0	9,0–9,3	>9,3	1–0,99	<0,99–0,96	<0,96
RH1	8,0	<8,1	8,1–8,5	>8,5	1–0,99	<0,99–0,94	<0,94
RH2	8,7	<9,0	9,0–9,4	>9,4	1–0,97	<0,97–0,93	<0,93
RH3	8,0	<8,1	8,1–8,3	>8,3	1–0,99	<0,99–0,96	<0,96
RG	9,8	<10	10–11	>11	1–0,97	<0,97–0,92	<0,92

Ekki viðunandi*: Mörk á milli flokkanna *ekki viðunandi ástand* og *lélegt ástand* eru ekki metin hér.

Tafla 27. Viðmiðunargildi, mörk ástandsflotka og vistfræðilegt gæðahlutfall (EQR) fyrir hámarksgildi pH í stöðuvötnum á Íslandi.

Stöðuvötn							
	Hámarksgildi pH				EQR pH		
Vatnagerð	Viðmiðunar-gildi	Mjög gott	Gott	Ekki viðunandi*	Mjög gott	Gott	Ekki viðunandi*
LL1	9,9	<10	10–11	>11	1–0,97	<0,97–0,92	<0,92
LL2	9,7	<10	10–11	>11	1–0,97	<0,97–0,92	<0,92
LL3	10	<10	10–11	>11	1–0,97	<0,97–0,91	<0,91
LL4	9,1	<9,3	9,3–9,8	>9,8	1–0,98	<0,97–0,93	<0,93
LH1	9,1	<9,4	9,4–9,9	>9,9	1–0,97	<0,97–0,92	<0,92
LH2	8,1	<8,4	8,4–8,8	>8,8	1–0,97	<0,97–0,92	<0,92
LG*	8,8	<9,0	9,0–9,4	>9,4	1–0,98	<0,97–0,94	<0,94

Ekki viðunandi*: Mörk á milli flokkanna ekki viðunandi ástand og lélegt ástand eru ekki metin hér.

Jökulvötn LG*: Gögn eru að mestu byggð á mælingum úr lónum vatnsaflsvirkjana. Líkur má leiða að því að spönnin sé lægri í lónum vatnsaflsvirkjana ef tekið er mið af því eina náttúrulega vatnshloti sem liggar að baki útreikningum.

B) pH lækkun. Viðmiðunargildi voru miðuð við miðgildi pH mælinga úr hverri vatnagerð. Mörk á milli ástandsflókkanna voru skilgreind með sérfraðimati og byggjast á niðurstöðum mælinga á pH í straum- og stöðuvötnum á Íslandi. Ómenguð úrkoma hefur pH um 5,7 en er að jafnaði á milli pH 6 og 7 þegar hún fellur til jarðar vegna efnahvarfa í andrúmslofti (Gerður Stefánsdóttir o.fl., 2017). Eftir að hún fellur til jarðar valda enn frekari efnahvörf á milli vatns og bergs/jarðvegs hlutleysingu vatnsins. Þetta ferli er mjög hratt vegna þess hve auðleystur berggrunnurinn er hérlandis og hve ríkur hann er af „basískum“ jónum. Því er ólíklegt að pH ferskvatns á Íslandi lækki mikil vegna sýringar af völdum mengunar eða eldgosa. Miðað var við að hafa mörkin ekki of lág þannig að viðvörun um breytt ástand komi snemma í ljós ef pH vatnsins byrjar að lækka. Mörkin á milli mjög góðs og góðs ástands sem hér eru lögð fram eru mun hærri en í nágrannalöndum okkar og langt frá því að valda neikvæðum áhrifum á lífríki. Færa má rök fyrir lægri mörkum á milli góðs ástands og ekki viðunandi en lagt er til í töflum 28 og 29, en ef það væri gert myndi gæðaþátturinn ekki bregðast við aukinni ákomu sýru fyrr en alltof seint. Ætla má að vatn á eldri berggrunni á Íslandi (vatnagerðir RL1 og RH1) sé viðkvæmara fyrir súrnun vegna lægri basavirkni og hægari efnahvarfa en á yngri berggrunni.

Vistfræðilegt gæðahlutfall fyrir pH lækkun er reiknað út frá mældu pH gildi og viðmiðunargildi þess (jafna 14). Sé mælda pH gildið hærra en viðmiðunargildið reiknast gæðahlutfallið hærra en 1. Í þeim tilvikum þarf að setja það jafnt og 1.

$$Vistfræðilegt\ gæðahlutfall\ (EQR) = \frac{pH\ mælt}{pH\ viðmiðunargildi} \quad Jafna\ 14$$

Mælt pH gildi í vöktuðu vatnshloti í jöfnu 14 er meðalgildi pH í hverju vatnshloti yfir tímabilið sem vaktað er. Viðmiðunargildi fyrir pH eru gefin upp í töflu 28 fyrir straumvötn og í töflu 29 fyrir stöðuvötn.

Eins og sjá má á myndum 21 og 22 liggar pH gildi vatns oftast á milli 7 og 8,5 í straumvötnum og á milli 7 og ~9,5 í stöðuvötnum. Niðurstöður mælinga á pH í straumvötnum (mynd 21) eru í flestum tilfellum meðaltal fleiri en einnar mælingar í hverju hloti en oft er

um eina mælingu að ræða í stöðuvötnunum (mynd 22) sem þá er tekin að sumri þegar pH gildi getur orðið mjög hátt vegna ljóstillífunar.

Gögn um sýrustig (pH) eru til í straum- og stöðuvatnshlotum sem skilgreind hafa verið sem viðmiðunarvatnshlot. Straumvötnin eru Krossá (RL1), Stóra Laxá og Svartá í Bárðardal (RL2), Selá í Vopnafirði og Norðurá (RL3) og Blautakvísl (RL4). Stöðuvötnin eru Vatnshlíðarvatn (LL1), Eystra Gíslholtsvatn (LL2), Ytra Deildarvatn (LL2), Haukadalsvatn (LL3), Másvatn (LL4) og Stóra Fossvatn (LL4). Öll viðmiðunarvatnshlotin flokkast í *mjög góðu ástandi* miðað við þær forsendur sem settar eru fram hér.

Tafla 28. Viðmiðunargildi, mörk ástandsflotka og vistfræðilegt gæðahlutfall (EQR) fyrir pH lækkun í straumvötnum á láglendi og jökulám.


Straumvötn							
	Lækkun á pH				EQR pH		
Vatnagerð	Viðmiðunar-gildi	Mjög gott	Gott	Ekki viðunandi*	Mjög gott	Gott	Ekki viðunandi*
RL1	7,3	>6,9	6,9–6,4	<6,4	1–0,94	<0,94–0,87	<0,87
RL2	7,8	>7,3	7,3–6,4	<6,4	1–0,94	<0,94–0,82	<0,82
RL3	7,6	>7,2	7,2–6,2	<6,2	1–0,95	<0,95–0,82	<0,82
RL4	8,0	>7,7	7,7–6,3	<6,3	1–0,96	<0,96–0,79	<0,79
RG	7,9	>7,0	7,0–6,5	<6,5	1–0,88	<0,88–0,82	<0,82

Ekki viðunandi*: Mörk á milli flokkanna ekki viðunandi ástand og lélegt ástand eru ekki metin hér.


Tafla 29. Viðmiðunargildi, mörk ástandsflotka og vistfræðilegt gæðahlutfall (EQR) fyrir pH lækkun í stöðuvötnum á láglendi og í jökulskotnum vötnum/lónum.

Stöðuvötn							
	Lækkun á pH				EQR pH		
Vatnagerð	Viðmiðunar-gildi	Mjög gott	Gott	Ekki viðunandi*	Mjög gott	Gott	Ekki viðunandi*
LL1	7,8	>7,0	7,0–6,4	<6,4	1–0,90	<0,90–0,82	<0,82
LL2	8,1	>7,0	7,0–6,4	<6,4	1–0,87	<0,87–0,76	<0,76
LL3	8,4	>7,0	7,0–6,4	<6,4	1–0,83	<0,83–0,76	<0,76
LL4	7,7	>6,9	6,9–6,4	<6,4	1–0,90	<0,90–0,83	<0,83
LG	7,5	>7,1	7,1–6,4	<6,4	1–0,95	<0,95–0,85	<0,85

Ekki viðunandi*: Mörk á milli flokkanna ekki viðunandi ástand og lélegt ástand eru ekki metin hér.



Mynd 21. Meðalgildi pH í straumvötnum þar sem gögn eru fyrirliggjandi. Blár litur nær yfir flokkinn mjög gott ástand, grænn litur yfir gott ástand og gulur yfir ekki viðunandi ástand. Viðmiðunarvatnshlot sem skilgreind hafa verið í vöktunaráætlun eru táknuð með bleikum kassa þar sem gögn úr þeim eru til staðar.



Mynd 22. Meðalgildi pH í stöðuvötnum þar sem gögn eru fyrirliggjandi. Blár litur nær yfir flokkinn mjög gott ástand, grænn litur yfir gott ástand og gulur litur táknað ekki viðunandi ástand. Viðmiðunarvatnshlot sem skilgreind hafa verið í vöktunaráætlun eru táknuð með bleikum kassa þar sem gögn úr þeim eru til staðar.

4.3.3.2 Basavirkni (alkalinity)

Súrnun vatns veldur því að basavirkni þess (e. alkalinity) minnkar. Það þýðir að vatnið hefur minni möguleika til að stilla af pH gildið þar sem sýru-basa jafnvægið í vatninu raskast. Vatn með litla basavirkni þarf ekki að verða fyrir mikilli sýringu til að það súrn miðið en ef basavirknin er meiri þá hefur ákoma sýru ekki eins mikil áhrif á pH gildi vatnsins.

Viðmiðunargildi og mörk á milli ástandsflotka

Viðmiðunargildi fyrir basavirkni vatnagerða miðast við miðgildi mælinga í óröskuðum straumvötnum á Íslandi. Mörkin á milli ástandsflókkanna *mjög gott* og *gott ástand* í straumvötnum er miðað við 1% dreifingarmörk gagnasettsins en mörkin á milli ástandsflókkanna *gott ástand* og *ekki viðunandi* er sett með sérfraðimati (töflur 30 og 31, myndir 23 og 24). Ástandsviðmið fyrir basavirkni í stöðuvötnum eru sett með sérfraðimati með stuðningi af þeim gögnum sem til eru í stöðuvötnum á Íslandi, auk þess sem horft var til gagna úr straumvötnum.

Vistfræðilegt gæðahlutfall fyrir basavirkni er reiknað út frá mældri basavirkni í vatnshloti og viðmiðunargildi þess (jafna 15). Sé mæld basavirkni hærri en viðmiðunargildið reiknast gæðahlutfallið hærra en 1. Í þeim tilvikum þarf að setja það jafnt og 1.

$$Vistfræðilegt\ gæðahlutfall\ (EQR) = \frac{\text{Basavirkni}\ mæld}{\text{Viðmiðunargildi}\ basavirkni} \quad Jafna\ 15$$

Mæld basavirkni í jöfnu 15 er meðaltal mælinga á basavirkni sem mælist í hverju vatnshloti á vöktunartímabilinu. Viðmiðunargildi fyrir basavirkni eru gefin upp í töflu 30 fyrir straumvötn og töflu 31 fyrir stöðuvötn.

Eins og sjá má á myndum 23 og 24 flokkast flest vatnshlot í mjög góðu ástandi miðað við þær forsendur sem settar eru fram hér. Niðurstöður mælinga á basavirkni í straumvötnum (mynd 23) eru í flestum tilfellum meðaltal fleiri en einnar mælingar í hverju vatnshloti. Mjög lítið er til af upplýsingum um basavirkni í stöðuvötnum og oft er um stakar mælingar að ræða (mynd 24).

Gögn um basavirkni eru til í straum- og stöðuvatnshlotum sem skilgreind hafa verið sem viðmiðunarvatnshlot. Straumvötnin eru Krossá (RL1), Stóra Laxá (RL2), Selá í Vopnafirði (RL3), Norðurá (RL3) og Blautakvísl (RL4). Stöðuvötnin eru Eystra Gíslholtsvatn (LL2), Másvatn (LL4) og Stóra Fossvatn (LL4). Öll viðmiðunarvatnshlotin flokkast í *mjög góðu* ástandi miðað við þær forsendur sem settar eru fram hér.

Tafla 30. Viðmiðunargildi, mörk ástandsflotka og vistfræðilegt gæðahlutfall (EQR) fyrir basavirkni í straumvötnum í vatnagerðum á láglendi og í jökulám.


Straumvötn							
	Basavirkni (alkalinity) meq/l				EQR basavirkni (alkalinity)		
Vatnagerð	Viðmiðunar-gildi	Mjög gott	Gott	Ekki viðunandi*	Mjög gott	Gott	Ekki viðunandi*
RL1	0,31	>0,10	0,10–0,05	<0,05	1–0,32	<0,32–0,16	<0,16
RL2	0,54	>0,30	0,30–0,10	<0,10	1–0,55	<0,55–0,19	<0,19
RL3	0,50	>0,26	0,26–0,10	<0,10	1–0,52	<0,52–0,20	<0,20
RL4	0,69	>0,43	0,43–0,20	<0,20	1–0,62	<0,62–0,29	<0,29
RG	0,58	>0,36	0,36–0,20	<0,20	1–0,63	<0,63–0,34	<0,34

Ekki viðunandi*: Mörk á milli flokkanna ekki viðunandi ástand og lélegt ástand eru ekki metin hér.


Tafla 31. Viðmiðunargildi, mörk ástandsflotka og vistfræðilegt gæðahlutfall (EQR) fyrir basavirkni í stöðuvötnum í vatnagerðum á láglendi og í jökulskotnum vötnum.

Stöðuvötn							
	Basavirkni (alkalinity) meq/l				EQR basavirkni (alkalinity)		
Vatnagerð	Viðmiðunar-gildi	Mjög gott	Gott	Ekki viðunandi*	Mjög gott	Gott	Ekki viðunandi*
LL1	0,39	>0,23	0,23–0,10	<0,10	1–0,60	<0,60–0,26	<0,26
LL2	0,61	>0,30	0,30–0,20	<0,20	1–0,50	<0,50–0,33	<0,33
LL3	0,33	>0,20	0,20–0,15	<0,15	1–0,60	<0,60–0,45	<0,45
LL4	0,44	>0,26	0,26–0,18	<0,18	1–0,60	<0,60–0,40	<0,40
LG	0,26	>0,21	0,21–0,10	<0,10	1–0,80	<0,80–0,40	<0,40

Ekki viðunandi*: Mörk á milli flokkanna ekki viðunandi ástand og lélegt ástand eru ekki metin hér.



Mynd 23. Meðaltal mælinga á basavirkni í straumvötnum þar sem gögn eru fyrirliggjandi. Blár litur nær yfir flokkinn mjög gott ástand, grænn litur yfir gott ástand og gulur yfir ekki viðunandi ástand. Viðmiðunarvatnshlot sem skilgreind hafa verið í vöktunaráætlun eru táknuð með bleikum kassa þar sem gögn úr þeim eru til staðar.



Mynd 24. Meðaltal mælinga á basavirkni í stöðuvötnum þar sem gögn eru fyrirliggjandi. Blár litur nær yfir flokkinn mjög gott ástand, grænn litur yfir gott ástand og gulur yfir ekki viðunandi ástand. Viðmiðunarvatnshlot sem skilgreind hafa verið í vöktunaráætlun eru táknuð með bleikum kassa þar sem gögn úr þeim eru til staðar.

4.3.3.3 Rafleiðni

Rafleiðni í vatni (leiðni) er óbeinn mælikvarði á hlaðin, uppleyst efni í vatni. Uppleyst efni í vatni geta verið komin til vegna náttúrulegra ferla eða vegna mengunar. Rafleiðni vatns eykst eftir því sem meira er af hlöðnum uppleystum efnum í því. Fari leiðni vatns yfir ákveðin mörk bendir það til innstreymis af efnaríku vatni sem getur stafað af náttúrulegum aðstæðum, s.s. jarðhitavatni, en það getur einnig bent til mengunar vatns.

Ákveðið var að skipta viðmiðum fyrir leiðni í vatnagerð RL2 í tvennt, RL2a og RL2b. Eins og fram hefur komið eru straumvötn í þessari vatnagerð talsvert ólík, annars vegar eru dragár eða blandaðar ár (dragár/lindár) (RL2a) og hins vegar eru hreinar lindár (RL2b). Leiðni í RL2b er tölувert hærri en í RL2a (tafla 32).

Viðmiðunargildi og mörk á milli ástandslokka

Viðmiðunargildi fyrir rafleiðni vatnagerða straum- og stöðuvatna var miðað við miðgildi leiðnimælinga í vatnagerðum á láglendi og í jökulám. Mörkin á milli ástandslokka *mjög gott og gott ástand* voru miðuð við 95% hundraðshlutamark gagnasettsins fyrir hverja vatnagerð nema LL3, LL4 og LG þar sem þau voru sett með sérfræðimati. Mörkin á milli *góðs ástands og ekki viðunandi* voru sett út frá sérfræðialiti sem studd eru með gögnum úr ám sem eru líklega undir á lagi af mannavöldum; Kópavogslækur 2009 (leiðni að meðaltali um 250 µS/cm; Haraldur R. Ingvarson o.fl., 2013), Úlfarsá 2009 (131 µS/cm; Kristín Lóa Ólafsdóttir, 2012) og Varmá í Kjós 2004 (146 µS/cm; Tryggvi Þórðarson, 2007).

Viðmiðunargildi og mörk á milli flokka fyrir leiðni í jökulvatni eru byggð á gögnum úr jökulám sem eru ekki undir áhrifum frá jarðhitakerfum. Það er því mjög mikilvægt að rafleiðni verði aðeins notuð sem gæðaþáttur í jökulám sem eru ekki undir jarðhita- og eldfjallaáhrifum. Leiðni í jökulám sem renna af jarðhitasvæðum getur verið mjög há vegna þess hve efnaríkt jarðhitavatn er. Það á við t.d. um Skeiðará, Gígjukvísl og jökulár sem renna frá Mýrdalsjökli og Eyjafjallajökli.

Gögn um leiðni í jökulskotnum stöðuvötnum (LG) eru að mestu byggð á mælingum úr lónum sem búin hafa verið til vegna vatnsaflsvirkjana og sem líklega munu flokkast sem mikið breytt vatnshlot. Það má leiða líkur að því að spönnin á leiðni sé lægri í lónum vatnsaflsvirkjana ef tekið er mið af því eina náttúrulega vatnshloti þar sem gögn eru til og liggar að baki útreikningum. Gögnum um leiðni í lónum sem eru undir áhrifum af jarðhita var sleppt, t.d. var gögnum úr Hágöngulóni sleppt. Mikilvægt er að nota ekki leiðni sem mælikvarða á ástand í jökulvötnum/lónum sem jarðhitavatn rennur í.

Vistfræðilegt gæðahlutfall rafleiðni er reiknað samkvæmt jöfnu 16.

$$Vistfræðilegt\ gæðahlutfall\ (EQR) = \frac{\text{Rafleiðni}\ viðmiðunargildi}{\text{Rafleiðni}\ mæld} \quad Jafna\ 16$$

Rafleiðni getur mælst lægri en viðmiðunargildið þar sem viðmiðunargildið er fundið út frá miðgildi gagna úr óróskuðum vatnshlotum. Í þeim tilvikum reiknast vistfræðilegt gæðahlutfall hærra en 1 en er þá sett jafnt og 1 þar sem ekki er gert ráð fyrir að hlutfallið geti verið hærra en 1 við ástandslokknuna.

Gögnin sem liggja á bak við töflur 32 og 33 eru sýnd á myndum 25 og 26. Þar koma einnig fram mörk á milli ástandslokka. Eins og sjá má á myndunum þá flokkast langflest vatnshlotin í mjög góðu ástandi miðað við þær forsendur sem þarna eru settar fram. Niðurstöður leiðnimælinga í straumvötnum (mynd 25) eru í flestum tilfellum meðaltal fleiri en einnar

mælingar í hverju vatnshloti en í stöðuvötnunum er oft um að ræða staka mælingu í stöðuvötnunum (mynd 26) sem þá er tekin að sumri. Gert er ráð fyrir að ástandsflókkun vatnshlota byggist á meðaltali nokkurra leiðnimælinga sem tekna eru á misjöfnum árstínum.

Tafla 32. Viðmiðunargildi, mörk ástandsflókka og vistfræðilegt gæðahlutfall (EQR) fyrir rafleiðni í straumvötnum á Íslandi.

Straumvötn							
	Rafleiðni ($\mu\text{S}/\text{cm}$)				EQR rafleiðni		
Vatnagerð	Viðmiðunar-gildi	Mjög gott	Gott	Ekki viðunandi*	Mjög gott	Gott	Ekki viðunandi*
RL1	56	<86	86–112	>112	1–0,65	<0,65–0,50	<0,50
RL2a	66	<100	100–143	>143	1–0,66	<0,66–0,46	<0,46
RL2b	115	<151	151–209	>209	1–0,76	<0,76–0,55	<0,55
RL3	91	<137	137–182	>183	1–0,66	<0,66–0,50	<0,50
RL4	132	<197	197–264	>264	1–0,67	<0,67–0,50	<0,50
RG	80	<118	118–160	>160	1–0,68	<0,68–0,50	<0,50


Ekki viðunandi*: Mörk á milli flokkanna ekki viðunandi ástand og lélegt ástand eru ekki metin hér.

Tafla 33. Viðmiðunargildi, mörk ástandsflókka og vistfræðilegt gæðahlutfall (EQR) fyrir rafleiðni í stöðuvötnum á Íslandi.


Stöðuvötn							
	Rafleiðni ($\mu\text{S}/\text{cm}$)				EQR rafleiðni		
Vatnagerð	Viðmiðunar-gildi	Mjög gott	Gott	Ekki viðunandi*	Mjög gott	Gott	Ekki viðunandi*
LL1	110	<183	183–220	>220	1–0,60	<0,60–0,50	<0,50
LL2	104	<160	160–208	>208	1–0,65	<0,65–0,50	<0,50
LL3	76	<127	127–169	>169	1–0,60	<0,60–0,45	<0,45
LL4	82	<137	137–182	>182	1–0,60	<0,60–0,45	<0,45
LG	47	<78	78–104	>104	1–0,60	<0,60–0,45	<0,45

Ekki viðunandi*: Mörk á milli flokkanna ekki viðunandi ástand og lélegt ástand eru ekki metin hér.

Gögn um leiðni eru til í straum- og stöðuvatnshlotum sem skilgreind hafa verið sem viðmiðunarvatnshlot. Straumvötnin eru Krossá (RL1), Stóra Laxá (RL2), Svartá í Bárðardal (RL2), Selá í Vopnafirði (RL3) og Norðurá (RL3). Stöðuvötnin eru Vatnshlíðarvatn (LL1), Eystra Gíslholtsvatn (LL2), Ytra Deildarvatn (LL2), Haukadalsvatn (LL3), Másvatn (LL4) og Stóra Fossvatn (LL4). Viðmiðunarvatnshlotin flokkast öll í mjög góðu ástandi miðað við þær forsendur sem settar eru fram hér.



Mynd 25. Meðalgildi rafleiðni í straumvötnum þar sem gögn eru fyrirliggjandi. Blár litur nær yfir flokkinn mjög gott ástand, grænn litur yfir gott ástand og gulur yfir ekki viðunandi ástand. Viðmiðunarvatnshlot sem skilgreind hafa verið í vöktunaráætlun eru táknuð með bleikum kassa þar sem gögn úr þeim eru til staðar.



Mynd 26. Meðalgildi rafleiðni í stöðuvötnum þar sem gögn eru fyrirliggjandi. Blár litur nær yfir flokkinn mjög gott ástand, grænn litur yfir gott ástand og gulur yfir ekki viðunandi ástand. Viðmiðunarvatnshlot sem skilgreind hafa verið í vöktunaráætlun eru táknuð með bleikum kassa þar sem gögn úr þeim eru til staðar.

4.3.3.4 Súrefnisástand

Í ljósi þess að mjög lítið er til af mælingum á súrefni í straum- og stöðuvötnum verða ástandsviðmið í upphafi byggð á flokkunarkerfi sem sett hefur verið fram fyrir tær vötn í Noregi, t.d. norsku vatnagerðirnar LN1 og RN1 (Direktoratsgruppen vanndirektivet, 2018). Viðmiðunargildi og mörk á milli ástandsflotka eru sett fram í töflu 34.

Vistfræðilegt gæðahlutfall fyrir súrefnisinnihald í straum- og stöðuvötnum er reiknað út frá mældum súrefnisstyrk og viðmiðunargildi þess (jafna 17). Nauðsynlegt er að þróa aðferðafræði við mat á súrefnisinnihaldi í straum- og stöðuvötnum á Íslandi en hér er vísað til aðferða sem skilgreindar hafa verið í Noregi fyrir þau mörk sem hér eru sett fram (tafla 34) (Direktoratsgruppen vanndirektivet, 2018). Gefin eru upp mörk fyrir 50% og 5% dreifingu mæligilda í hverju vatnshloti á hverjum tíma. Þessari töflu skal þó taka með þeim fyrirvara að mettun súrefnis er mjög hitastigsháð og því nauðsynlegt að hafa það í huga við ástandsflotkun vatnshlota. Lagt er til að viðmiðunargildi og mörk ástandsflotka verði tekið til endurskoðunar

þegar gögnum hefur verið safnað og jafnvel gefin upp sem mettun súrefnis í vatni frekar en styrkur.

$$Vistfræðilegt gæðahlutfall (EQR) = \frac{O_2 \text{ mælt}}{O_2 \text{ viðmiðunargildi}}$$

Jafna 17

Tafla 34. Viðmiðunargildi, mörk ástandsflokka og vistfræðilegt gæðahlutfall (EQR) fyrir súrefnisástand í straum- og stöðuvötnum á Íslandi. Gildin eru þau sömu og miðað er við í Noregi (Direktoratsgruppen vanndirektivet, 2018). Þessum gildum skal taka með fyrirvara því að mettun súrefnis er mjög háð hitastigi.

Stöðuvötn og straumvötn							
	Súrefni (mg/L)				EQR súrefni		
Allar vatnagerðir	Viðmiðunar-gildi	Mjög gott	Gott	Ekki viðunandi*	Mjög gott	Gott	Ekki viðunandi*
50% mælinga	14	>12	12–9	<9	1–0,86	<0,86–0,64	<0,64
5% mælinga	12	>9	9–5	<5	1–0,75	<0,75–0,42	<0,42

Ekki viðunandi*: Mörk á milli flokkanna ekki viðunandi ástand og lélegt ástand eru ekki metin hér.

4.3.3.5 Sjóndýpi (Secchi)

Samantekin gögn um sjóndýpi í stöðuvötnum eru í gagnagrunni verkefnisins Natura Ísland (Marianne Jensdóttir Fjeld o.fl., 2016). Þau hafa verið flokkuð eftir vatnagerðum og eru notuð hér til að gefa hugmynd um við hvaða sjóndýpi má búast í grunnum og djúpum vötnum.

Gögnin sýna að í grunnum jafndjúpum stöðuvötnum (<3 m) sést að jafnaði til botns. Séu þau misdjúp getur sjóndýpið þó verið minna en hámarksdýpi vatnanna. Sem dæmi er hámarksdýpi í Eystra Gíslholtsvatni (LL2) 7,7 m og þar mældist sjóndýpi um 5 m. Ekki er gerð tilraun til að setja mörk á milli ástandsflokka í grunnum stöðuvötnum þar sem gögn benda til að sjóndýpi sé ekki góður mælikvarði á ástand grunnra vatna. Hins vegar má gera ráð fyrir að sjáist til botns í vötnum sem eru grynnri en 3 m (jafndjúp) við náttúrulegt ástand.

Í djúpum bergvötnum er sjóndýpi hins vegar fall af frumframleiðni. Gögnin úr verkefninu Natura Ísland sýna að sjóndýpi minnkar með auknum styrk blaðgrænu a í vatninu. Sambandinu er best lýst með veldisfalli ($R^2=0,59$) og hér er gerð tilraun til að setja viðmiðunargildi fyrir sjóndýpi og mörk á milli flokka sem byggir á því sambandi (jafna 18) og þeim mörkum sem sett hafa verið fyrir blaðgrænu a í stöðuvötnum (tafla 11). Þessi líking gildir ekki fyrir grunn vötn, jökulvötn eða mýrarvötn.

$$\text{Sjóndýpi í djúpum vötnum} = 7,2 * [\text{blaðgræna } a]^{-0,38} \quad \text{Jafna 18}$$

Tafla 35. Viðmiðunargildi, mörk ástandsflotka og vistfræðilegt gæðahlutfall (EQR) fyrir sjónsdýpi í djúpum stöðuvötnum á Íslandi. Gildir ekki fyrir jökulvötn.

Stöðuvötn							
	Sjónsdýpi (m)				EQR sjónsdýpi		
Vatnagerð	Viðmiðunar-gildi	Mjög gott	Gott	Ekki viðunandi*	Mjög gott	Gott	Ekki viðunandi*
Grunn jafndjúp vötn	Sést til botns	Sést til botns	Sést til botns				
Djúp vötn	5,2	>4,4	4,4–3,4	<3,4	1–0,9	<0,9–0,7	<0,7

Ekki viðunandi*: Mörk á milli flokkanna ekki viðunandi ástand og lélegt ástand eru ekki metin hér.

5 Lokaorð

Skýrslan er unnin fyrir Umhverfisstofnun og er hluti af innleiðingu laga um stjórn vatnamála nr. 36/2011. Lögð er fram tillaga að mörkum á milli þriggja efstu ástandsflokkanna hvað varðar líffræðilega og eðlisefnafræðilega gæðaþætti sem liggja til grundvallar í fyrsta áfanga innleiðingar stjórnar vatnamála.

Viðmiðunargildin byggja á fyrirliggjandi upplýsingum og í sumum tilfellum sérfræðimati fyrir hvern gæðapátt. Mjög mismunandi er milli vatnagerða hversu miklar upplýsingar og gögn liggja fyrir eins og fram kemur í hverjum kafla fyrir sig. Í mörgum tilfellum er um stakar mælingar að ræða sem endurspeglar ekki breytileika á ársgrundvelli eða á milli ára. Í þeim tilfellum var reynt að byggja á samsvarandi vatnshlotum, t.d. voru gögn úr straumvatnshlotum notuð þar sem ekki voru nægjanleg gögn úr stöðuvatnshlotum. Einnig þurfti að taka tillit til ósamræmis í sýnatöku, meðferð sýna og greiningu þeirra við afmörkun ástandsflotka út frá gögnum og sérfræðiþekkingu.

Viðmiðunarvatnshlot eiga að endurspeglar náttúrulegt ástand og eiga því samkvæmt skilgreiningu að vera í *mjög góðu* ástandi. Í nokkrum tilvikum flokkast viðmiðunarvatnshlot í flokkinn *gott* eða *ekki viðunandi* ástand. Í þeim tilfellum er aðeins um staka mælingu að ræða en ekki meðaltal margra mælinga úr vatnshlotinu. Ástæðan fyrir að viðmiðunarvatnshlot flokkast ekki í *mjög gott ástand* gæti verið af náttúrulegum orsökum, svo sem vegna breytilegs vatnsborðs stöðuvatna, flóða eða eldvirkni. Þetta undirstrikar nauðsyn þess að byggja ástandsflotka vatnshlota á yfirgrípsmíklum mælingum og að mörk ástandsflotka séu í sífeldri endurskoðun.

Höfundar leggja áherslu á að framlagðar tillögur eru í mörgum tilfellum byggðar á takmörkuðum gögnum og eru því ekki hafnar yfir gagnrýni. Í næstu skrefum verkefnisins er mikilvægt að afla frekari gagna á breiðari grundvelli til þess að hægt sé að styrkja forsendur flokkunarkerfisins. Jafnframt er mikilvægt að afla gagna til þess að geta sett fram með ásættanlegum hætti mörk fyrir þau vatnshlot sem falla í hina two flokkana, þ.e. flokkana *slakt* og *lélegt ástand*. Sú framtíðarvöktun sem sett verður fram í vöktunaráætlun vegna stjórnar vatnamála mun væntanlega styrkja þann gagnabanka sem nauðsynlegur er til frekari þróunar ástandsflotkunarkerfis. Auk þess að vakta viðmiðunarvatnshlot og vatnshlot undir álagi er mikilvægt að styrkja grundvöll ástandsflotkunar heildstætt, einkanlega þar sem um er að ræða mikinn breytileika innan vatnagerða.

Pakkarorð

Sigurlaug Gunnlaugsdóttir útgáfustjóri á Veðurstofu Íslands las skýrsluna yfir og bætti á marga lund. Kunnum við henni miklar þakkir fyrir. Einnig þökkum við ráðgjafanefnd fagstofnana og eftirlitsaðila og ráðgjafanefnd hagsmunaaðila fyrir yfirlestur á skýrslunni.

Heimildir

- Andersen, T., Hansen, L.O., Johanson, K.A., Solhoy, T. & Soli, G.E.E. (1990). Faunistical records of caddis flies (Trichoptera) from Aust-Agder and Vest-Agder, South Norway. *Fauna norvegica Series B* 37: 23–32.
- Arnold, G.P. (1966). Observations on *Lepidurus arcticus* (Pallas) (Crustacea, Notostraca) in East Greenland. *Annals and Magazine of Natural History* 9: 599–617. DOI: 10.1080/00222936608651674.
- Bogi B. Björnsson, Kristinn Einarsson & Linda Georgsdóttir (2013). Yfirborðs- og grunnvatnshlot. Verklagsreglur fyrir skilgreiningu vatnshlota. Unnið fyrir Umhverfisstofnun. Veðurstofa Íslands, BBB/KE/LG/2013-01. 23 bls.
- Bogi B. Björnsson, Gerður Stefánsdóttir & Jórunn Harðardóttir (2012). Auðkennnisnúmerakerfi íslenskra vatnshlota. Unnið fyrir Umhverfisstofnun. Veðurstofa Íslands, BBB/GSt/JHa/2012-01. 13 bls.
- Borcard, D., Gillet, F. & Legendre, P. (2018). Numerical ecology with R. Önnur útgáfa. Springer, Cham, Sviss. 306 bls.
- Ciadamidaro, S., Mancini, L. & Rivosecchi, L. (2016). Black flies (Diptera, Simuliidae) as ecological indicators of stream ecosystem health in an urbanizing area (Rome, Italy). *Annali dell'Istituto superiore di sanità* 52: 269–276. DOI: 10.4415/ANN_16_02_20.
- Chmielewski, C.M. & Hall, R.J. (1993). Changes in the emergence of blackflies (Diptera: Simuliidae) over 50 years from Algonquin Park streams: Is acidification the cause? *Canadian Journal of Fisheries and Aquatic Sciences* 50: 1517–1529.
- Commission Decision 2005/646/EC of 17 August 2005 on the establishment of a register of sites to form the intercalibration network in accordance with Directive 2000/60/EC of the European Parliament and of the Council (notified under document number C(2005) 3140). Bls. 1–48 í: Official Journal of the European Union, L 243, 19.9.2005. <https://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/TXT/PDF/?uri=CELEX:32005D0646&from=EN> [skoðað 17.4.2020].
- Commission Decision (EU) 2018/299/EC of 12 February 2018 establishing, pursuant to Directive 2000/60/EC of the European Parliament and of the Council, the values of the Member State monitoring system classifications as a result of the intercalibration exercise and repealing Commission Decision 2013/480/EU. Bls. 1–91 í: Official Journal of the European Union, L 47, 20.2.2018. <https://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/TXT/PDF/?uri=CELEX:32018D0229&from=EN> [skoðað 17.4.2020].
- De Cáceres, M. & Legendre, P. (2009). Associations between species and groups of sites: indices and statistical inference. *Ecology* 90: 3566–3574.
- Dettinger-Klemm, P.M.A. (2003). Chironomids (Diptera, Nematocera) of temporary pools – an ecological case-study. Doktorsritgerð, Philipps-Universität Marburg, Þýskalandi. 371 bls.
- Directive 2000/60/EC of the European Parliament and of the council of 23 October 2000 establishing a framework for Community action in the field of water policy. Bls. 1–73 í: Official Journal of the European Communities, L 327, 22.12.2000. <https://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/TXT/?uri=CELEX%3A32000L0060> [skoðað 17.4.2020].
- Direktoratsgruppen vanndirektivet (2018). Veileder 02:2018. Klassifisering av miljøtilstand i vann. Økologisk og kjemisk klassifiseringssystem for kystvann, grunnvann, innsjøer og elver. 220 bls. <https://www.vannportalen.no/veiledere/klassifiseringsveileder/>.
- Direktoratsgruppen vanndirektivet (2018). Vedlegg til veileder 02:2018. Klassifisering av miljøtilstand i vann. Økologisk og kjemisk klassifiseringssystem for kystvann, grunnvann,

innsjøer og elver. 146 bls. <https://www.vannportalen.no/veiledning/02-2018-vedlegg-til-veileder-klassifisering-av-miljotilstanden-i-vann.pdf/>.

Elísabet R. Hannesdóttir & Jón S. Ólafsson (2014). Mat á vistfræðilegu ástandi vatnshlotu: Botnhryggleysingar í straumvötnum. Stöðuskýrsla til Umhverfisstofnunar. Veiðimálastofnun, VMST/14009. 18 bls.

Eydís Salome Eiríksdóttir, Gerður Stefánsdóttir & Sunna B. Ragnarsdóttir (2019a). Endurskoðun á gerðargreiningu vatnshlotu. Skýrsla til Umhverfisstofnunar. Veðurstofa Íslands, VÍ 2019-002/NÍ 19003/HV 2019-28. 36 bls.

Eydís Salome Eiríksdóttir, Sunna Björk Ragnarsdóttir & Gerður Stefánsdóttir (2019b). Tillögur að líffræðilegum og eðlisefnafræðilegum gæðapáttum til ástandsflokkunar straum- og stöðuvatna á Íslandi. Skýrsla til Umhverfisstofnunar. Veðurstofa Íslands, VÍ 2019-004/NÍ 19005/HV 2019-55. 38 bls.

Eydís Salome Eiríksdóttir, Sunna Björk Ragnarsdóttir, Gerður Stefánsdóttir, Fjóla Rut Svavarsdóttir & Svava Börk Þorlaksdóttir (2020). Lýsing á viðmiðunaraðstæðum straum- og stöðuvatna á Íslandi. Skýrsla til Umhverfisstofnunar. Veðurstofa Íslands, VÍ 2020-007/HV 2020-23/NÍ-20004. 82 bls.

Ferrington, L.C. & Sæther, O.A. (1987). Male, female, pupa and biology of *Oliveridia hugginsi* n.sp. (Diptera: Chironomidae) from Kansas. Journal of the Kansas Entomological Society 60: 451–461.

Finnur Ingimarsson, Agnes-Katharina Kreiling, Hilmar J. Malmquist, Guðni Guðbergsson, Sigurður S. Snorrason, Skúli Skúlason & Jón S. Ólafsson. Lífríki stöðuvatna á Íslandi – samantekt á niðurstöðum úr verkefninu Yfirlitskönnun á lífríki íslenskra vatna: Samræmdur gagnagrunnur. Skýrsla í vinnslu 2020.

Friðþjófur Árnason (2014). Mat á vistfræðilegu ástandi vatnshlotu: Laxfiskar í stöðuvötnum. Stöðuskýrsla til Umhverfisstofnunar. Veiðimálastofnun, VMST/14013. 28 bls.

Gensemer, R.W. & Playle, R.C. (1999). The bioavailability and toxicity of aluminum in aquatic environments. Critical Reviews in Environmental Science and Technology 29: 315–450.

Gerður Stefánsdóttir & Davíð Egilson (2014). Vatnsformfræðilegir gæðapættir – yfirlit yfir úrvinnslumöguleika. Unnið fyrir Umhverfisstofnun. Veðurstofa Íslands, GSt/DE/2014-02. 28 bls.

Gerður Stefánsdóttir & Halla Margrét Jóhannesdóttir (2013). Gerðir straumvatna og stöðuvatna. Stöðuskýrsla til Umhverfisstofnunar. Veðurstofa Íslands, Veiðimálastofnun, VÍ 2013-002/VMST 13007. 28 bls.

Gerður Stefánsdóttir, Eydis Salome Eiríksdóttir, Sunna Björk Ragnarsdóttir & Svava Björk Þorlaksdóttir (2020a). Tillögur að straumvatnshlotum sem endurspeglar mjög gott vistfræðilegt ástand. Unnið fyrir Umhverfisstofnun. Veðurstofa Íslands, GSt/ofl/2020-02. 17 bls.

Gerður Stefánsdóttir, Eydis Salome Eiríksdóttir, Sunna Björk Ragnarsdóttir & Svava Björk Þorlaksdóttir (2020b). Tillögur að stöðuvatnshlotum sem endurspeglar mjög gott vistfræðilegt ástand. Endurútgefið með breytingum. Unnið fyrir Umhverfisstofnun. Veðurstofa Íslands, GSt/ofl/2020-01. 11 bls.

